**allt**

Guðrún Gerður Guðrúnardóttir:

*Rekur skransölu með sál í 105*

• heimili • matur • tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



HM í Túnis:

*Skyldusigur á Kúvæt í gærkvöld*

• geta einbeitt sér að rússum

SÍÐA 26 ▶









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. janúar 2005 – 25. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**FIMMTUDAGUR**



**HVÍTA HÚSIÐ MEÐ YFIRLÝSINGU DAVÍÐS** Í yfirlýsingu Davíðs Oddssonar frá 18. mars 2003, sem finna má á vef Hvíta hússins, vísar hann til yfirlýsingar íslensku ríkisstjórnarinnar um deilurnar í Írak. Ekki var hægt að fá uppgefið frá ráðuneytum hvaða yfirlýsingar var verið að vísa til. **Sjá síðu 2**

**ÞINGMENN UNDRANDI Á VERÐHÆKKUNUM** Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir að fullyrt hafi verið á þingi að raforkuverð myndi ekki hækka svo nokkru næmi. Nú sé annað að koma í ljós. Þingmaður Frjálslyndra segir hækkanir allt að 75 prósent. **Sjá síðu 4**

**ÓLÍKT FÓLK – LÍKAR STEFNUR** Lítill stefnumunur er talinn á formannsefnum Samfylkingarinnar en þó er Össur Skarphéðinsson talinn hægra megin við miðju en Ingibjörg Sólrún vinstra megin. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**LITLAR SEM ENGAR BREYTINGAR Í VEÐRINU** og áfram frostlaust um allt land. Nokkur vindur norðanlands en annars fremur hæg SV-átt. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN AFHENT** Ólafur Ragnar Grímsson forseti afhendir Íslensku bókmenntaverðlaunin á Bessastöðum í dag. Verðlaunin verða veitt í flokki fagurbókmennta og flokki fræðirita og bóka almenns efnis. Fimm bækur eru tilnefndar í hvorum flokki.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 34 | Myndlist | 32 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 26 |
| Leikhús | 32 | Sjónvarp | 36 |



**Meðallestur dagblaða**





# Trassa að tilkynna aukaverkanir lyfja

**Íslenskir læknar standa sig ekki í að tilkynna aukaverkanir lyfja til Lyfjastofnunar, að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur forstjóra. Aðeins þrjár tilkynningar bárust um hið illræmda Vioxx-gigtarlyf á árunum 2000 til 2004.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskir læknar sinna tilkynningarskyldu sinni varðandi aukaverkanir lyfja ekki sem skyldi, að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur, forstjóra Lyfjastofnunar. Aðeins þrjár tilkynningar um aukaverkanir gigtarlyfsins Vioxx bárust stofnuninni á árabilinu 2000 til 2004, þeim tíma sem lyfið var á markaði hér, þar af tvær alvarlegar. Rannveig sagði Lyfjastofnun ekki hafa borist neinar tilkynningar um dauðsföll tengd notkun lyfsins hér á Íslandi.

Hún sagði að aðstandendur tveggja sjúklinga hefðu haft samband við Lyfjastofnun vegna gruns um að sjúklingarnir hefðu skaðast alvarlega af notkun lyfsins, annar þeirra jafnvel látist af völdum þess, en það væru einungis vangaveltur eftir að umræðan hefði hafist um aukaverkanir þess.

Mikið hefur verið rætt erlendis um aukaverkanir gigtarlyfsins Vioxx, sem tekið var af markaði eftir að þrjár klínískar rannsóknir höfðu sýnt að hætta væri á hættulegum aukaverkunum af notkun þess, þar á meðal hjartaslagi og heilablóðfalli. Sérfræðingar bæði í Bandaríkjunum og Evrópu telja að fjöldi sjúklinga hafi fengið hjartasjúkdóma eða jafnvel látist af völdum aukaverkana.

Ljóst er af tölum frá Tryggingastofnun að notkun lyfsins hefur verið mikil hér á landi á þeim tíma sem það var leyft.

„Það skortir á að íslenskt heilbrigðisstarfsfólk sinni þessari tilkynningaskyldu sinni,“ sagði Rannveig. „Sumir læknar hringja jafnvel í okkur og velta því fyrir sér hvort um aukaverkanir geti verið að ræða í ákveðnum tilvikum. Þeir eru þá hvattir til að senda tilkynningu, en hún kemur allt of sjaldan.“

„Vegna þessarar umræðu vil ég benda á að lyfjastofnanir á Evrópska efnahagssvæðinu hafa náið samstarf,“ sagði Rannveig. „Starfandi er vinnuhópur, lyfjagátarnefnd, á vegum Lyfjastofnunar Evrópu. Hann safnar saman upplýsingum um aukaverkanir lyfja frá öllum löndum og ákveður hvort skoða þurfi einhver þeirra nánar. Nú er til dæmis COX 2 hemla lyfjaflokkurinn í sérstakri skoðun.“

**jss@frettabladid.is**

**Sjá síðu 6**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**FLOGIÐ HÆRRA** Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, og Hannes Smárason stjórnarformaður undirrituðu í gær stærsta flugvélakaupasamning í sögu félagsins. Samningurinn hljóðar upp á kaup á tíu Boeing 737-800 þotum fyrir 40 milljarða króna. Stofnað verður dótturfélag sem sér um kaup og útleigu flugvéla. Vélarnar verða afhentar árin 2006 og 2007 og munu verða leigðar áfram. **Sjá nánar síðu 22.**

Jafnréttismál gegn Akureyrarbæ:

# Tímamótadómur vegna kynbundins launamunar

**KJARAMÁL** Nýjasti dómur Hæstaréttar í máli gegn Akureyrarbæ er varðar mismunun vegna kynbundins launamunar markar tímamót. Þetta segir Sif Konráðsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Hæstiréttur staðfesti að starf kvenkyns deildarstjóra á félagsmálastofnun Akureyrarbæjar væri jafnverðmætt og starf karlkyns deildartæknifræðings hjá sama bæjarfélagi.

„Dómurinn gæti hugsanlega haft áhrif á kjarasamninga háskólastétta, en í málinu voru stjórnunarstöður taldar jafn verðmætar sem krefjast háskólamenntunar annars vegar á sviði félagsvísinda og hins vegar tæknifræði,“ segir Sif.

Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, segir að staðfestur launamunur sé milli kynjanna. „Almennt skortir aðferðafræði við að bera saman ólík störf. Í þessum dómi var aðferðafræðin til staðar og vildi ég óska þess að svo væri víðar svo stórar hefðbundnar kvennastéttir háskólamenntaðs fólks gætu borið kjör sín saman við það sem þær teldu sambærilegt,“ segir Gísli.

**- sda**



**ARNALDUR INDRIÐASON**
Hástökkvari vikunnar á þýska metsölulistanum.

Arnaldur Indriðason:

# Í öðru sæti í Þýskalandi

**BÆKUR** *Napóleonsskjölin* eftir Arnald Indriðason er í 2. sæti þýska bóksölulistans sem birtur var í gær. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskum höfundi tekst að komast svo hátt á metsölulista í Þýskalandi.

Bókin kom út fyrir tveimur vikum og skaust þá beint í 25. sætið en er nú hástökkvari vikunnar.

Arnaldur átti fyrra sölumet Íslendings í Þýskalandi, en á síðasta ári komst bókin *Grafarþögn* í 6. sæti þýska listans.

**Sjá síðu 2 í F2**

Uppgjör KB banka:

# Íslandsmet í hagnaði

**VIÐSKIPTI** Hagnaður KB banka eftir skatta í fyrra nam 15,7 milljörðum króna. Ekkert íslenskt fyrirtæki hefur hagnast viðlíka mikið áður. Ríflega helmingur hagnaðar bankans er til orðinn vegna starfsemi utan Íslands.

Hagnaður bankans fyrir skatta nam ríflega 20 milljörðum króna. Stjórn bankans hyggst verja 3,3 milljörðum króna í greiðslu arðs til hluthafa. Yfir 70 prósent hlutafjár eru í íslenskri eigu.

Bankinn hagnaðist um fjóra milljarða á síðasta fjórðungi liðins árs. Stjórnendur bankans meta horfur í rekstri hans góðar fyrir þetta ár.

**- hh**

**Sjá síðu 23**





## SPURNING DAGSINS

*Ásthildur, vantar ekki landnema á Jan Mayen?*

**„Ætli ég og eiginmaðurinn fengjum landvistarleyfi þar.“**

Ásthildur Albertsdóttir og eiginmaður hennar Said Hassan hafa kært ákvörðun Útlendingastofnunar um að vísa Hassan úr landi. Þeim finnst þau fá kaldar kveðjur frá stofnuninni, sem segir því ekkert til fyrirstöðu að þau búi saman utan Íslands.

Heimilisofbeldi:

# Ofbeldismenn yfirgefi heimili

**LAGAFRUMVARP** Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, lagði á Alþingi í gær fram frumvarp um að auka heimildir lögreglu til að vísa manni af heimili sínu ef hann beitir eða hótar öðru heimilisfólki ofbeldi.

Að sögn Kolbrúnar er þetta frumvarp lagt fram til að sporna við heimilisofbeldi gegn konum og börnum en ofbeldi gegn konum sé útbreiddasta mannréttindabrot heims. Frumvarpið er samið að austurrískri fyrirmynd og sagði Kolbrún að þar í landi hefði það gefist vel og heimilisofbeldi minnkað í kjölfar þess.

Hún sagði það staðreynd að ofbeldi gegn konum væri oftast framið af sambýlismönnum þeirra innan veggja heimilisins þar sem þeir nytu friðhelgi, en fórnarlömbin þyrftu að flýja undan okinu. Með þessari lagabreytingu væri það ofbeldismaðurinn sem væri fjarlægður af heimilinu og gæti lögreglan gert það að eigin frumkvæði.



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
Segir ofbeldi gegn konum útbreiddasta mannréttindabrot í heimi.

Ágúst Ólafur Ágústsson tók undir með Kolbrúnu og sagðist vona að þetta mál yrði rætt og samþykkt á þingi þar sem heimilisofbeldi væri týndur brotaflokkur í íslensku réttarkerfi. **- bs**

24 ára Íslendingur:

# Tekinn með hass í Svíþjóð

**FÍKNIEFNI** 24 ára Íslendingur var tekinn með tvö kíló af hassi í Malmö í Svíþjóð á þriðjudaginn í síðustu viku. Hann var að koma frá Danmörku þegar hann var tekinn með hassið falið í bíl sínum. Í kjölfarið var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald og er hann enn í haldi sænsku lögreglunnar.

Maðurinn hefur komið lítillega við sögu lögreglu hér á landi. Í september sinnti hann ekki stöðvunarmerkjum við eftirför lögreglu og nam ekki staðar fyrr en hann ók á ómerkta lögreglubifreið. Hann var ölvaður og hafði fíkniefni undir höndum. **- hrs**

Handteknir með dóp:

# Með 160 grömm af hassi

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn voru handteknir með 160 grömm af hassi og nokkur grömm af amfetamíni við Hvalfjarðargöngin um tvöleytið aðfaranótt miðvikudags. Að sögn lögreglunnar á Akranesi þótti lögreglumönnum ástæða til að stöðva bílinn þegar hann kom úr göngunum og við leit í honum fundust fíkniefnin en talið en að þau hafi verið ætluð til sölu.

Mennirnir voru á leiðinni til Akureyrar og munu allir vera þaðan. Sá yngsti þeirra er sautján ára, annar tvítugur og sá þriðji tæplega þrítugur og hafa allir komið við sögu lögreglu áður. Mönnunum var sleppt að lokinni yfirheyrslu og málið er í rannsókn. **- bs**

Kyoto-bókunin:

# Nægur kvóti til mengunar

**ALÞINGI** Lítil hætta er á að farið verði fram úr heimildum Kyoto-bókunarinnar á losun gróðurhúsalofttegunda á fyrsta skuldbindingartímabilinu frá 2008 til 2012.



SIGRÍÐUR ANNA

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra svaraði þannig fyrirspurn Þórunnar Sveinbjarnardóttur í Samfylkingunni á Alþingi í gær. Þórunn spurði hvernig tryggja ætti að losun gróðurhúsalofttegunda færi ekki fram úr heimildum samningsins.

Sigríður sagði stóriðjufyrirtæki hafa mengunarkvóta og yrðu að gera eigin ráðstafanir þyrftu þau að auka hann. **- gag**



DAVÍÐ ODDSSON OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
Í yfirlýsingu Davíðs á vef Hvíta hússins frá 18. mars 2003 segir: „yfirlýsingin sem íslenska ríkisstjórnin gaf út varðandi deilurnar í Írak felur það í sér að við munum halda áfram þeirri nánu samvinnu sem við höfum haft við hinn öfluga bandamann okkar í vestri“.

# Hvíta húsið með yfirlýsingu Davíðs

**Í yfirlýsingu Davíðs Oddssonar frá 18. mars 2003, sem finna má á vef Hvíta hússins, vísar hann til yfirlýsingar íslenska ríkisstjórnarinnar um deilurnar í Írak. Ekki var hægt að fá uppgefið frá ráðuneytum hvaða yfirlýsingar var verið að vísa til.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** Á heimasíðu Hvíta hússins er að finna yfirlýsingu frá Davíð Oddssyni, fyrrverandi forsætisráðherra, sem dagsett er 18. mars 2003, sama dag og hann tók þá ákvörðun ásamt Halldóri Ásgrímssyni að Íslendingar styddu innrás Bandaríkjamanna og Breta í Írak.

Yfirlýsingin er svohljóðandi:

„Bandaríkin líta nú svo á að öryggi þeirra sé stórlega í hættu gagnvart gjörðum og árásum hryðjuverkamanna og vegna fjölda hótana frá löndum sem stjórnað er af einræðisherrum og harðstjórum. Þau trúa því að stuðningur frá þessu litla landi hafi að segja... Yfirlýsingin sem íslenska ríkisstjórnin gaf út varðandi deilurnar í Írak felur það í sér að við munum halda áfram þeirri nánu samvinnu sem við höfum haft við hinn öfluga bandamann okkar í vestri.

Í fyrsta lagi felur þetta í sér leyfi til þess að fljúga yfir íslenska lofthelgi. Í öðru lagi leyfi til að nota Keflavíkurflugvöll ef þörf er á. Í þriðja lagi munum við taka þátt í uppbyggingu í Írak eftir að stríði lýkur. Í fjórða lagi lýsum við yfir pólitískum stuðningi við að ályktun 1441 sé framfylgt eftir fjögurra mánaða töf.“

Í yfirlýsingu Davíðs kemur fram að íslenska ríkisstjórnin hafi gefið út yfirlýsingu varðandi deilurnar í Írak. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði í viðtali í Kastljósinu 6. desember síðastliðinn, þegar hann var spurður hvort ríkisstjórnin hefði samþykkt að styðja innrásina í Írak: „Það var engin formleg samþykkt gerð um það í ríkisstjórn“.

Fréttablaðið óskaði eftir svörum frá utanríkisráðuneytinu um það hvaða yfirlýsingar Davíð væri að vísa til. Illugi Gunnarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, vildi þetta ekki að málið segja: „Bandarískum yfirvöldum var tilkynnt ákvörðun forsætisráðherra og utanríkisráðherra eftir að hún lá fyrir.“

sda@frettabladid.is

Sérkennileg sjóferð:

# Drukkinn á trillu

**LÖGREGLUMÁL** Maður á fimmtugsaldri var handtekinn fyrir að sigla trillu undir áhrifum áfengis við Árskógsströnd á þriðjudag. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Dalvík barst henni tilkynning um klukkan 17.30 um einkennilega siglingu trillu úti fyrir ströndinni.

Maðurinn í bátnum sigldi trillunni að lokum stórslysalaust í land og var handtekinn í kjölfarið grunaður um ölvun. Björgunarsveitin við Árskógsströnd kom trillunni aftur á flot. Manninum var sleppt að lokinni skýrslutöku en málið er í rannsókn. Hann mun hafa komist í kast við lögin áður fyrir svipað athæfi. **- bs**

Öldungadeildin:

# Staðfesti skipan Rice

**BANDARÍKIN, AP** Öldungadeild Bandaríkjaþings staðfesti í gær skipun Condoleezza Rice í embætti utanríkisráðherra. 85 þingmenn greiddu atkvæði með skipun Rice en þréttán á móti. Það hefur ekki gerst frá lokum seinni heimsstyrjaldar að svo margir þingmenn hafi greitt atkvæði gegn skipan utanríkisráðherra.

Fjöldi þingmanna gagnrýndi utanríkisstefnu Bandaríkjanna og þátt Rice í mótun hennar þó þeir greiddu ekki allir atkvæði gegn skipun hennar. ■

## SJÚKRAFLUG

**LITHÁI SÓTTUR** TF-LIF sótti slasaðan litháískan sjómann í togara 135 sjómílur austsuðaustur af Vestmannaeyjum seinnipartinn í gær. Maðurinn var með opið lærbrot og var fluttur á neyðarmóttöku Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi í Reykjavík.






Efnahagsspá fyrir árin 2005 til 2010:

# Fasteignaverð hækkar áfram

**FASTEIGNIR** Þess má vænta að fasteignaverð eigi eftir að hækka nokkru meira á næstunni, samkvæmt endurskoðaðri efnahagsspá fjármálaráðuneytisins fyrir árin 2005 til 2010.

Búist er við því að verðið hækki þar til framboð á nýju húsnæði jafnast á við eftirspurn. Spáð er að í ár verði lokið við hátt í 3.000 íbúðir, sem er um 1.200 íbúðir umfram árlega þörf landsmanna. Að mati fjármálaráðuneytisins bendir það til þess að jafnvægi myndist á fasteignamarkaði fyrr en seinna og jafnvel á næsta ári.

Könnun á aðstæðum á byggingamarkaði á höfuðborgarsvæðinu bendir til að lóðaframboð í Reykjavík verði ekki aukið til að mæta allri byggingareftirspurn og því eru það einkum byggingaverktakar sem þegar eiga lóðir sem geta mætt aukningu hennar. Á höfuðborgarsvæðinu hefur framboð á lóðum aukist mest í Mosfellsbæ og Hafnarfirði en talsvert meira hefur verið byggt af íbúðum í öllu suðvesturhorninu frá Akranesi til Árborgarsvæðis og svo á Reykjanesi. **– ghg**



NÝBYGGING
Lokið verður við byggingu hátt í 3.000 íbúða á þessu ári.



Fáðu ráðgjöf um hvaða þjónusta hentar þínu fyrirtæki í næsta útibúi KB banka.

# KB ATVINNULÍF

## Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

**• Viðskiptareikningur • Innheimtuþjónusta • Ábyrgðir • Atvinnutryggingar • Starfsmannatryggingar • Rekstrarleiga atvinnuhúsnæðis • Fjármögnun atvinnutækja • Kreditkort • Innlán • Útlán**

KB BANKI
- kraftur til þín!

ENNEMM / SÍA / NM14831

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 26.01.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 62,41 | 62,71 |
| Sterlingspund | GBP | 117,07 | 117,63 |
| Evra | EUR | 81,14 | 81,60 |
| Dönsk króna | DKK | 10,90 | 10,97 |
| Norsk króna | NOK | 9,86 | 9,92 |
| Sænsk króna | SEK | 8,94 | 9,99 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,61 |
| SDR | XDR | 94,74 | 95,30 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**111,70 -0,02%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Brottvísun kvænts karlmanns:

# Vísað úr landi vegna aldurs

**DVALARLEYFI** Jórdaninn Said Hasan uppfyllti ekki skilyrði til að fá dvalarleyfi hér á landi, að sögn Hildar Dungal, setts forstjóra Útlendingastofnunar. Ásthildur Albertsdóttir, eiginkona Said Hasan, hefur gagnrýnt stjórnvöld fyrir að vísa honum úr landi, en hann á að auki barn hér á landi.

Umsókn Hasan um dvalarleyfi var synjað þar sem hann er 23 ára en samkvæmt lögum er útlendingum utan EES yngri en 24 ára bannað að ganga í hjónaband hér á landi. Þegar lögin voru samþykkt í fyrra var þessi regla höfð með vegna hættu á nauðungarhjónaböndum, sem eru þegar foreldrar þvinga börn sín í hjúskap, og málamyndarhjónaböndum, sem stofnuð eru eingöngu í þeim tilgangi að afla dvalarleyfis.

Hildur Dungal segir að Hasan hafi dvalið hér ólöglega þangað til honum var synjað um dvalarleyfi. „Hann sótti ekki um fyrr en áritun var að renna út og þegar umsókninni var synjað var honum veitt tækifæri til að yfirgefa landið. Hann gerði það ekki og því var honum vísað úr landi.“ Vegna þess fær maðurinn ekki að koma aftur til landsins fyrr en að þremur árum liðnum. **- ghg**



**SAID HASAN OG ÁSTHILDUR ALBERTSDÓTTIR**
Honum var vísað úr landi vegna aldurs.

Járnblendifélagið:

# Gæti komið til verkfalls

**KJARAMÁL** Útlit kjaraviðræðna starfsmanna og eigenda Íslenska járnblendifélagsins er verulega dökkt. Það er mat Verkalýðsfélags Akraness, sem er í forsvari fyrir 90 prósent starfsmannanna.

Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélagsins, segir að náist ekki samningar á fundi nefndanna 31. janúar verði fundað með starfsmönnum. Það gæti leitt til verkfalls.

„Það er mjög mikilvægt fyrir svæðið okkar í heild sinni að okkur takist að leysa deiluna án þess að komi til átaka,“ segir Vilhjálmur. **- gag**

## ÍRAK



**MARGIR HYGGJAST KJÓSA** 280 þúsund Írakar sem búa erlendis hafa skráð sig á kjörskrá fyrir kosningarnar á sunnudag. Flestir eru frá Íran en alls gátu kjósendur í fjórtán löndum tilkynnt þátttöku. Flestir eru þeir í eftirtöldum löndum:

| | |
|---|---|
| Íran | 60.908 |
| Svíþjóð | 31.045 |
| Bretland | 30.961 |
| Þýskaland | 26.416 |
| Bandaríkin | 25.946 |

**LANDGÖNGULIÐAR FELLDIR** Fjórir bandarískir landgönguliðar létust í bardaga við vígamenn í Anbar-héraði í vesturhluta Írak. Engar fréttir bárust af mannfalli meðal vígamanna.

**SEXTÁN SÆRÐUST** Sex bílsprengjuárásir voru gerðar víðs vegar í Írak í gær. Sextán manns hið minnsta særðust í árásunum en ekki var vitað um mannfall. Víða var ráðist á kjörstaði og skrifstofur stjórnmálaflokka.

Lagafrumvarp:

# Vill útrýma klámiðnaði

**BANDARÍKIN, AP** Matt Bartle, þingmaður repúblikana á ríkisþingi Missouri, hefur lagt fram frumvarp sem á að ganga af klámiðnaðinum dauðum í ríkinu. Áður hefur ríkisþingið samþykkt bann við veggspjöldum sem gera út á kynþokka og því að stúlkur undir nítján ára aldri vinni við nektardans.

Bartle leggur til að lagður verði 20 prósenta skattur á allar tekjur fyrirtækja sem gera út á kynlífsþjónustu, að 300 króna skattur verði lagður á hvern viðskiptavin og að fyrirtækjunum verði bannað að hafa opið síðla kvölds. ■

# Þingmenn undrandi á verðhækkunum

**Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir að fullyrt hafi verið á þingi að raforkuverð myndi ekki hækka svo nokkru næmi. Nú sé annað að koma í ljós. Þingmaður Frjálslyndra segir hækkanir allt að 75 prósent.**

**RAFORKUVERÐ** Fólk víðs vegar á landsbyggðinni óttast verðhækkanir á raforku vegna breytinga á raforkulögum sem tóku gildi um áramót. Drífa Hjartardóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segist hafa orðið vör við þetta á fundaherferð flokksins um landið.

„Það verður að finna lausn á þessu því að málið hefur komið upp á öllum fundum sem við höfum haldið,“ segir Drífa. Hún samþykkti lögin í haust en segist hafa haft efasemdir eins og aðrir. „Við gagnrýndum mörg frumvarpið vegna þess að við óttuðumst að það leiddi til verðhækkana en annað var fullyrt. Þess vegna kom þessi niðurstaða í bakið á okkur þingmönnum“.

Í umræðum á Alþingi í nóvember á liðnu ári sagðist Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ekki vilja fullyrða neitt um verðbreytingar í kjölfar lagabreytinga. Hún sagði þó að reynsla margra annarra landa væri sú að verðið lækkaði. Ef af hækkun yrði þá yrði hún teljandi í einhverjum hundraðköllum á ári.

Sigurjón Þórðarson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir hins vegar líkur á að húshitunarkostnaður í dreifbýli hækki um 75 prósent og í þéttbýli um 35 prósent. Hækkanirnar verði því mestar hjá þeim sem þegar greiði hæstu rafmagnsreikningana, það er þeirra sem kynda hús sín með rafmagni. Hann nefnir sem dæmi að reikningar fjölskyldu á Borðeyri sem greiðir nú um 115.000 krónur í húshitunarkostnað á ári muni hækka um 86.000 krónur og fjölskylda í þéttbýli á Snæfellsnesi greiði nú 200.000 krónur á ári en greiði 270.000 krónur eftir breytingarnar.

Sigurjón segir þetta óskiljanlegt í ljósi margtugginnar fullyrðingar iðnaðarráðherra um að ekki verði til neinn kostnaður við breytingarnar.

Drífa Hjartardóttir segir að auka þurfi niðurgreiðslu á raforku til þeirra sem fara verst út úr breytingunum, sérstaklega fólks í sveit, garðyrkjubænda og fiskeldis. Hún segir að kostnaður við kerfið sé greinilega meiri nú en áður vegna þess að nú sjái þrír aðilar um verk sem einn sinnti áður. Einn framleiði raforkuna, annar dreifi og sá þriðji selji. „Það segir sig sjálft að þetta hlýtur að leiða til verðhækkunar.“

**ghg@frettabladid.is**



**VERÐHÆKKANIR Í DREIFBÝLI**
Dreifbýlustu svæðin verða verst úti í breytingum á raforkulögum. Þingmenn Sjálfstæðisflokks hafa orðið varir við óánægju um allt land.



**FISCHER HANDTEKINN Í JAPAN**
Mál hans tekið fyrir í allsherjarnefnd Alþingis í dag.

Allsherjarnefnd Alþingis:

# Fischer á dagskrá

**RÍKISFANG** Beiðni Bobby Fischer, fyrrverandi heimsmeistara í skák, er á dagskrá allsherjarnefndar Alþingis á fundi hennar í dag. Bréf Fischers var afhent Alþingi formlega á mánudag. Þá hefur Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, lýst yfir stuðningi við að Bobby Fischer fái ríkisborgararétt hér á landi: „Æskilegast, tel ég, að þverpólitísk samstaða myndist um það. Sjálfur er ég reiðubúinn til að flytja þær tillögur á Alþingi um málið sem þarf, ef það þokar málinu áfram,“ segir Össur á heimasíðu sinni Ossur.hexia.net.

Össur segir þó best að þverpólitísk samstaða náist um málið. „Mér finnst að vísir að henni liggi þegar fyrir. Hann kom fram í orðum hins drenglynda þingmanns Bjarna Benediktssonar, formanns allsherjarnefndar Alþingis, sem talaði mjög jákvætt um að veita Bobby Fischer ríkisborgararétt í fréttum RÚV.“ **- ás**

## MJÖLL FRIGG

**VILJA UNDANÞÁGU** Mál Mjallar Friggjar, sem starfar að klórvinnslu án starfsleyfa í Kópavogi, verða rædd í bæjarráði Kópavogs í dag. Eigendur Mjallar Friggjar hafa sótt um undanþágu frá starfsleyfi í allt að sex mánuði til umhverfisráðuneytisins. Þeir vilja sýna bæjaryfirvöldum að engin hætta stafi af framleiðslunni, samkvæmt fréttum RÚV.





Subaru Legacy Wagon
Verð áður frá 2.710.000
Verð nú frá 2.440.000

=270.000
króna gengishagnaður
LEGACY

Verð á mán 28.239,-*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN HF

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði


## Veðrið

**SAMA VEÐUR ÁFRAM**
Og enn er þessi hæð yfir landinu með suðvestanátt og einhverjum vindi, sérstaklega norðanlands. Í dag má reikna með að það verði yfirleitt skýjað við suðvesturströndina, jafnvel súld á stöku stað, en skýjað með köflum eða léttskýjað annars staðar. Hitinn er svipaður áfram, frostlaust með hita allt að 10 stigum. Svona verður þetta næstu daga og gætu þessi hlýindi varað eitthvað fram yfir næstu helgi. Ætli vorlaukarnir fari bara ekki að koma upp?



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Suðvestlæg átt með strekkingsvindi norðanlands en annars heldur hægari.

### Laugardagur




Suðvestlæg átt með strekkingsvindi norðvestanlands. Rigning um tíma vestanlands.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -2°C | sk.m.köflum | Þórshöfn | 8°C | sk.m.köflum | Frankfurt | 0°C | skýjað |
| Osló | 3°C | léttskýjað | London | 7°C | léttskýjað | Amsterdam | 4°C | sk.m.köflum |
| Stokkhólmur | 1°C | léttskýjað | Glasgow | 8°C | léttskýjað | Duflin | 9°C | skýjað |
| Helsinki | -4°C | skýjað | París | 2°C | léttskýjað | Moskva | -12°C | snjókoma |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



FERÐAÁVÍSUN
Góða ferð,
hvert sem ferðinni er heitið.
Það er ALLT HÆGT með MasterCard ferðaávísun
MasterCard ferðaávísunin er eina ferða-
fríðindakerfið á Íslandi þar sem þú getur
- valið hvaða millilandaflug sem er
- valið hvaða ferðaskrifstofu sem er
- valið hvaða dagsetningu sem er
- notað ávísunina upp í hvaða ferð sem er, óháð upphæð ávísunarinnar
- valið á milli pakkaferða, netferða eða áætlunarflugs til útlanda
- valið að greiða upp í ferð með Norrænu
... og notið þess að haga ferðalaginu eftir þínum óskum.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
MasterCard
kreditkort.is
Þú getur sótt um kort með MasterCard ferðaávísun
í hvaða banka eða sparisjóði sem er.
Dekurklúbbur
Sæktu um kort núna og skráðu þig í
Dekurklúbb MasterCard fyrir 31. mars.
Þú gætir verið á leið í dekurferð á Frönsku Rívíeruna.
Nánari upplýsingar og skráning í
Dekurklúbb MasterCard á www.kreditkort.is
Landsbankinn
SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína
ÍSLANDSBANKI
spron
SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS
KB BANKI



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu dottið í hálkunni í vetur?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 19% |
| Nei | 81% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu staðið við áramótaheitin?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Þingmaður Vinstri grænna segir losunarheimildir landsins springa:

# Mengunarkvótar skapa skriffinnsku

**ALÞINGI** Ekki er ástæða til að setja mengunarkvóta á losunarheimildir fyrirtækja á innanlandsmarkaði, sagði Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra á þingfundi Alþingis í gær. Ávinningurinn yrði enginn, hagkvæmnin engin en umsýslan mikil.

Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, sagði svör umhverfisráðherra vonbrigði. Sigríður Anna sagði að ríkjum sem aðild eiga að Kyoto-bókuninni yrði gert að setja upp bókunarkerfi um mengun fyrirtækja. Kerfið yrði vistað hjá Umhverfisstofnun. Breytist aðstæður verði auðvelt að vinna upplýsingar úr kerfinu.

Mörður Árnason lagði fyrirspurn um málið fram. Hann sagði ólíklegt að Íslendingar fengju alltaf heimildir til að menga langt umfram aðrar þjóðir.

„Ég er undrandi og hlessa á svörum umhverfisráðherra,“ sagði Mörður á Alþingi. Hugmyndaflug hans hafi ekki náð til þess að stjórnvöld sætu aðgerðalaus gagnvart aukinni mengun. **- gag**



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
Umhverfisráðherra segir losunarheimildir vegna mengunar fyrirtækja óþarfar. Hvorki yrði ávinningur né hagkvæmni af þeim en umsýslan yrði mikil.

Aðild að ESB:

# Enn tíu ár til stefnu

**SVISS, AP** Tíu ár munu líða áður en Tyrkland er í stakk búið að gerast aðili að Evrópusambandinu, sagði Ali Babacan, efnahagsmálaráðherra tyrknesku ríkisstjórnarinnar, á fundi um efnahagsmál sem haldinn er í Davos í Sviss.

„Við erum á réttri leið en mjög langt samningaferli er fram undan,“ sagði Babacan.

Verðbólga í Tyrklandi nam níu prósentum í fyrra og átján prósentum árið 2003. Babacan sagði unnið að því að auka fjárfestingu í fátækustu héruðum Tyrklands og minnka verðbólgu. ■



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**
Er fyrsti flutningsmaður frumvarps um breytt áfengislög. Hann sagði vonbrigði að framsóknarmenn vildu ekki taka þátt í að styrkja íslenskan heimilisiðnað.

Litla bruggmálið:

# Breyta þarf áfengislögum

**ALÞINGI** Leyfa verður fólki að framleiða léttvín og líkjöra, sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, á þingfundi Alþingis í gær.

Guðjón er flutningsmaður frumvarps um breytt áfengislög, ásamt þingmönnum úr öllum flokkum Alþingis utan Framsóknarflokksins.

„Ég tel að þarna sé eftir þó nokkru að slægjast,“ sagði Guðjón. Yrði heimilt að brugga kæmi þekking og hæfileikar fólks til framleiðslu íslenskra vína upp á yfirborðið. Það gæti leitt til atvinnurekstrar á því sviði í framtíðinni. **- gag**

# Ólíkt fólk – líkar stefnur

**Lítill stefnumunur er talinn á formannsefnum Samfylkingarinnar en þó er Össur Skarphéðinsson talinn hægra megin við miðju en Ingibjörg Sólrún vinstra megin.**

**STJÓRNMÁL** Fyrsta uppgjör á milli formanns og varaformanns í íslenskum stjórnmálum frá 1991 verður í lok maí þegar félagar í Samfylkingunni kjósa á milli sitjandi formanns, Össurar Skarphéðinssonar, og svilkonu hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. Sjálfum ber Össuri og Ingibjörgu aðspurðum saman um eitt: „Það er enginn sérstakur málefnaágreiningur á milli okkar.“

Almennt er þó Össur Skarphéðinsson talinn örlítið hægra megin við miðju en Ingibjörg Sólrún vinstra megin. Það á meðal annars rætur að rekja til þess að Össur kom inn í Samfylkinguna úr Alþýðuflokknum en Ingibjörg Sólrún úr Kvennalistanum, en bæði tilheyrðu þau róttækari öflum þar á undan.

Almennt séð er ekki talin tilviljun að Ingibjörg Sólrún hafi tekið að sér forystu í nefndinni sem á að móta framtíðarstefnu flokksins. Hún talar sjálf um „hugmyndafræðilega endurnýjun“, en í raun nefnir hún fá önnur dæmi en um breytt vinnubrögð.

Fylgismaður Össurar segir hins vegar að vissulega hafi Össur tilhneigingu til að bregðast við málum fremar en að leggja fram grjótharða stefnu. „Það þykist enginn lengur – ekki heldur Ingibjörg Sólrún – búa yfir stóra sannleikanum og geta vísað á fyrirmyndarríkið.“




**INGIBJÖRG SÓLRÚN OG ÖSSUR**
Tekist er á um persónur með ólíka styrkleika og veikleika í formannsslag Samfylkingarinnar.

Nokkur dæmi eru þó nefnd um ólíkar áherslur:

*Varnarmál: Framtíðarnefnd Ingibjargar Sólrúnar vill að Íslendingar endurskoði veru hersins – sem hvort sem er vilji fara.

*Einkavæðing: Framtíðarnefnd Ingibjargar Sólrúnar lagði til einkavæðingu að hætti Áslandsskóla en Össur lagðist gegn því. Þetta er talin undantekningin sem sannar regluna: Össur vinstra megin við Ingibjörgu.

*Skattamál: Margþrepa skattkerfi: Ingibjörg Sólrún ljáði máls á því fyrir síðustu kosningar en Össur var á móti. Össur er talinn fúsari að sættast á skattalækkanir en Ingibjörg Sólrún.

*Evrópumál: Össur er talinn Evrópusinnaðri en varaformaðurinn.

Þá er talað um stíl: Þannig myndi Össur seint tala um stéttabaráttu eins og Ingibjörg Sólrún gerði ekki alls fyrir löngu opinberlega.

**a.snaevarr@frettabladid.is**

Össur Skarphéðinsson:

## Karlinn í brúnni

Styrkur Össurar er talinn liggja í því að hann er sitjandi formaður og þykir hafa unnið gott uppbyggingarstarf, brætt saman ósamstæð flokksbrot og myndað flokk. Össur er talsmaður flokksins á þingi, þar sem Ingibjörg Sólrún á ekki sæti. Þá er hann talinn búa að góðu tengslakerfi, ekki síst úti á landi og hafa til að bera léttleika sem reynist þungur á metunum á atkvæðaveiðum. Bent er á að hann hafi nær tvöfaldað fylgi flokksins. Mun geta skorað formenn annarra flokka á hólm í þinginu hvenær sem þörf krefur.
Veikleikar Össurar eru taldir þeir að hann er sakaður um að vera tækifærissinnaður galgopi sem hafi orðið á ótrúlegar skyssur á borð við Baugsbréfið svokallaða. Skjall pólitískra andstæðinga sýni að hann sé draumaandstæðingur þeirra. Vinnubrögð hans séu tilviljanakennd og hann hafi vanrækt stefnumótun og skipulag fyrir síðustu kosningar. Efasemdir um að illa valin upphlaup í þinginu komi honum til góða. Þykir skorta virðuleika til að eiga erindi í forsætisráðherraembættið. **- ás**

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

## Kona úr borginni

Styrkur Ingibjargar Sólrúnar er fyrst og fremst reynsla hennar úr borgarstjórastóli í Reykjavík – sem löngum hefur verið stökkpallur í forsætisráðherrastólinn. Getur státað af því að fylkja vinstrimönnum í R-listanum og vinna borgina af sjálfstæðismönnum. Pólitískur styrkur hennar er sagður hafa verið viðurkenndur þegar hún var forsætisráðherraefni. Þá er sú staðreynd að hún er kona þung á metunum í flokki sem nýtur meiri stuðnings kvenna en karla.
Veikleikar Ingibjargar Sólrúnar eru sagðir þeir að hún eigi síður gott með að laða aðra flokka til samstarfs og væri formennska hennar því ávísun á langvinna stjórnarandstöðu. Sökuð um að hafa gert mörg pólitísk mistök og í raun drepið R-listasamstarfið með brottför úr borgarstjórastól. Ingibjörg Sólrún er ekki talin búa að sama tengslaneti og Össur, að minnsta kosti ekki á landsbyggðinni. Talið er að það geti orðið henni fjötur um fót að eiga ekki sæti á þingi. **- ás**

Tryggingastofnun ríkisins:

# Vioxx fyrir hálfan milljarð

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslendingar notuðu mikið af svokölluðum coxhib-lyfjum á árunum 2000-2004, samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins. Kostnaðurinn vegna tveggja tegunda, Vioxx og Celebra, nam á þessu árabili 786,8 milljónum króna. Þar af greiddi Tryggingastofnun ríkisins 608,9 milljónir.

Stærstur hluti kostnaðar Tryggingastofnunar kom til vegna mikillar notkunar á gigtarlyfinu Vioxx, ríflega 460 milljónir króna. Er gert ráð fyrir að yfir 1.000 íslenskir sjúklingar hafi notað það. Heildarkostnaðurinn við þetta lyf nam hins vegar nær 600 milljónum króna. **- jss**

**KOSTNAÐUR VIÐ VIOXX 2000 – 2004**

| Ár | Greiðslur TR | Kostnaður |
|---|---|---|
| 2000 | 9.305. 939 | 12.761.916 |
| 2001 | 135.522.767 | 173.785.190 |
| 2002 | 138.871.687 | 176.610.171 |
| 2003 | 110.164.564 | 138.772.430 |
| *2004 | 66.682.804 | 82.938.432 |

*Árið 2004 eru gögn fyrir janúar til nóvember. Tölur fengnar úr gagnagrunni TR.




# götu markaður verðhrun

nú á allt að seljast

Á meðan birgðir endast
Fyrstur kemur fyrstur fær

enn meiri verð-lækkun

# 60% afsláttur*

af allri útsöluvöru við kassa

## Verðdæmi

| Verð áður | götumarkaðs-verð | afsláttur |
|---|---|---|
| ~~999~~ | 400 | 60% |
| ~~1.499~~ | 600 | 60% |
| ~~1.999~~ | 800 | 60% |
| ~~2.499~~ | 1.000 | 60% |
| ~~3.999~~ | 1.600 | 60% |
| ~~4.999~~ | 2.000 | 60% |

*af upprunalegu verði

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

www.hagkaup.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hættu á ofneyslu hvað vítamíns gætir hjá neytendum Hollywood-kúrsins?*

2 *Hver er meðalaldur kvenna hérlendis sem fæða sitt fyrsta barn?*

3 *Hve margir eru taldir af vegna flóðbylgjunnar í Asíu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 38

Rauði krossinn á hamfarasvæðunum:

# Aðstoðar meira en hálfa milljón manna

**HAMFARIR** Hjálparstarf Rauða krossins hefur nú náð til fleiri en 500.000 manna í þeim löndum sem urðu illa úti í flóðbylgjunni í desember.

Félög Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim hafa safnað sem nemur tæplega 80 milljörðum íslenskra króna til hjálpar- og uppbyggingarstarfs á hamfarasvæðunum. Af þeirri upphæð koma 85 prósent úr fjársöfnunum meðal almennings.

„Fólk á Íslandi og um allan heim hefur brugðist óhemju vel við og reyndar svo vel að nú teljum við okkur geta staðið myndarlega að hjálpar- og uppbyggingarstarfi á flóðasvæðunum til næstu ára með því fé sem safnast hefur," segir Sigrún Árnadóttir framkvæmdastjóri RKÍ, sem kveður Rauða krossinn ekki munu halda áfram fjársöfnun vegna flóðanna.

Á þeim 31 degi sem liðinn er frá jarðskjálftanum hafa 77 flugvélar hlaðnar hjálpargögnum og 18 sérhæfðar neyðarsveitir verið sendar á hamfarasvæðin á vegum Rauða krossins. Alls hafa níu þúsund þjálfaðir sjálfboðaliðar og 300 alþjóðlegir sendifulltrúar unnið að hjálparstörfum á vettvangi. Á vegum RKÍ eru fimm sendifulltrúar við hjálparstörf á skaðasvæðum og tveir til viðbótar fara utan á næstu dögum.

- jss




**SIGRÚN ÁRNADÓTTIR**
Framkvæmdastjóri RKÍ segir að fjársöfnun verði ekki haldið áfram.

## MIÐ-AUSTURLÖND

**TAKI VIÐ LÖGGÆSLU** Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hefur sagt yfirmönnum palestínskra öryggissveita að vera því viðbúnir að taka við löggæslu í fimm borgum á Vesturbakkanum innan tíu daga. Borgirnar eru Betlehem, Jeríkó, Qalqiliya, Ramalla og Tulkarem.



**MYRTI DÓTTUR SÍNA** Kúvæskur karlmaður skar þrettán ára dóttur sína á háls þegar hann sneri aftur úr pílagrímsferð til Mekka í Sádi-Arabíu. Að sögn lögreglu var hann íslamskur bókstafstrúarmaður sem átti sakaferil að baki.

Loðna:

# Minni veiði

**VEIÐAR** Heldur rólegra hefur verið yfir loðnuveiðum í vikunni en vikunni þar á undan. Að sögn Freysteins Bjarnasonar, framkvæmdastjóra útgerðar Síldarvinnslunnar, er skýringin sú að loðnan er nú í hitaskilum um eitt hundrað sjómílur austur af Norðfjarðarhorni og þá dreifist hún og verður erfiðari viðfangs. „Nótaskipin hafa verið að reka í ágætan afla en verr hefur gengið hjá þeim sem eru með troll. Ég á von á loðnunni út úr hitaskilunum um helgina og þá kemur hún upp að Lónsbugtinni eða Reyðarfjarðardýpi, þéttist á ný og við mokum henni upp," sagði Freysteinn.

- kk




# Dómurinn gæti haft áhrif á kjarasamninga

**Hæstaréttarlögmaður segir nýjasta Akureyrardóminn geta haft áhrif á gerð kjarasamninga háskólastétta. Hefðbundnar kvennastéttir gætu leitað eftir því að bera sig saman við hefðbundin karlastörf líkt og gert var í dómnum.**

**KJARAMÁL** „Niðurstaða Hæstaréttar í máli Guðrúnar Sigurðardóttur gegn Akureyrarbæ markar tímamót varðandi launamun kynjanna," segir Sif Konráðsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem fór með mál Guðrúnar.

Hæstiréttur staðfesti að starf Guðrúnar, sem deildarstjóra á félagsmálastofnun Akureyrarbæjar, væri jafnverðmætt og starf deildartæknifræðings hjá sama bæjarfélagi og því ættu laun þeirra að vera sambærileg.

Að sögn Sifjar staðfestir hann dóm Hæstaréttar frá 2000 þar Akureyrarbæ var gert að leiðrétta kynbundinn launamismun hjá kvenkyns jafnréttisfulltrúa bæjarins og karlkyns atvinnumálafulltrúa, en gengur jafnframt skrefi lengra því dómurinn nú varðar störf á gjörólíkum sviðum. Hún bendir á að með dómnum sé einnig gengið lengra en kærunefnd jafnréttismála hefur viljað gera hingað til. Dómurinn grundvallast á starfsmati sem Akureyrarbær lét gera um störf á vegum bæjarins 1995.

„Dómurinn gæti hugsanlega haft á kjarasamninga háskólastétta, en í málinu voru stjórnunarstöðvar taldar jafn verðmætar sem krefjast háskólamenntunar annars vegar á sviði félagsvísinda og hins vegar tæknifræði," segir Sif.

„Hins vegar er erfitt fyrir konur að fá samanburð á störfum og því erfitt að ná fram leiðréttingu á kjörum hefðbundinna kvennastétta miðað við hefðbundin karlastörf," bendir Sif á.

Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, tekur undir þetta og segir að staðfestur launamunur sé milli kynjanna. „Almennt skortir aðferðafræði við að bera saman ólík störf. Í þessum dómi var aðferðafræðin til staðar og vildi ég óska þess að svo væri víðar svo stórar hefðbundnar kvennastéttir háskólamenntaðs fólks gætu borið kjör sín saman við það sem þær teldu sambærilegt," segir Gísli.

„Ég er á því að hækka eigi laun hefðbundinna kvennastétta innan BHM sérstaklega. Þeir sem semja um kjör hafa rétt og skyldu til þess að koma í veg fyrir að kjarasamningar feli í sér kerfisbundinn launamun kynja eins og mig grunar að þeir geri," segir hann.

Hann segir það umdeilanlegt hversu mikil áhrif á sjálfstæðan samningsrétt þessi dómur hafi. „Vonandi hefur þó enginn þá stefnu að viðhalda í kjarasamningum kerfisbundnum launamun. Það hvílir frekar á vinnuveitendum að leiðrétta þann launamun sem allir sjá að er til staðar milli hefðbundinna kvenna- og karlastétta," segir Gísli.

sda@frettabladid.is



**GÍSLI TRYGGVASON**
„Ég er á því að hækka eigi laun kvennastétta innan BHM sérstaklega. Þeir sem semja um kjör hafa rétt og skyldu til þess að koma í veg fyrir að kjarasamningar feli í sér kerfisbundinn launamun kynja eins og mig grunar að þeir geri."



**SIF KONRÁÐSDÓTTIR**
„Dómurinn gæti hugsanlega haft áhrif á kjarasamninga háskólastétta, en í málinu voru stjórnunarstöður taldar jafn verðmætar sem krefjast háskólamenntunar annars vegar á sviði félagsvísinda og hins vegar tæknifræði."

Hætti við sjálfsvíg á síðustu stundu en olli mannskæðu slysi:

# Tíu létust í sjálfsvígstilraun

**BANDARÍKIN, AP** Tíu létu lífið þegar maður í sjálfsvígshugleiðingum ók í veg fyrir lest í úthverfi Los Angeles. Sjálfur hætti maðurinn hins vegar við sjálfsvígið á síðustu stundu, fór út úr bílnum rétt áður en lestin lenti á honum og slapp því lifandi.

Lestin fór út af spori sínu þegar hún lenti á bílnum og kastaðist á lest sem var á leið í hina áttina. Lestirnar lentu báðar á hliðinni og slösuðust um 200 manns, margir hverjir lífshættulega.

Maðurinn sem lagði bílnum í veg fyrir lestina verður að líkindum ákærður fyrir manndráp.

Lestarslysið í gær er hið mannskæðasta í tæp sex ár, síðan ellefu létust þegar lest lenti á bíl í Illinois. ■

**SLÖSUÐ KONA FLUTT Á SJÚKRAHÚS**
Á fjórða hundrað slökkviliðsmenn komu að björgunarstarfi þar sem tíu manns létust í lestarslysi.



Stóraukið framboð á lægstu sumarfargjöldunum

Verð frá

**7.995,-**

aðra leiðina með sköttum til London eða Köben

**Bókaðu núna!**



# Tvær vélar á dag

## margfalda möguleikann á ódýru sumarfríi

Við bætum annarri flugvél við frá og með 21. maí og við það stóreykst framboð á lægstu fargjöldunum til London Stansted og Kaupmannahafnar. **Sala hefst í dag**! Nú er tíminn til að bóka ódýrt sumarfrí.

dohop

**Nú er enn auðveldara að bóka framhaldsflug**
Með annarri vél margfaldast tengimöguleikar til um 150 áfangastaða með öðrum lággjaldafélögum. dohop.com er nýr og þægilegur vefur sem hjálpar þér að finna hentug flug með öllum lággjaldaflugfélögum. Iceland Express og dohop.com vinna þannig saman að því að gera þér ferðalagið auðvelt og ódýrt.

**Bókaðu ódýrustu flugsætin á www.icelandexpress.is**

Himinn og haf / SÍA - 9050072

**Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600, icelandexpress.is**

Iceland Express




**BURT FRÁ ÍRAK BANDARÍKJAMENN** Vera Bandaríkjahers í Írak var gagnrýnd í gær á götum Porto Alegre í Brasilíu þar sem ársfundur Alþjóðasamtaka félagshreyfinga hófst í gær. Baráttumenn fyrir auknum félagslegum réttindum og gegn misskiptingu komu frá fimm heimsálfum til að taka þátt í fundinum.

Ísrael og Palestína:

# Þíða milli stjórnvalda

**JERÚSALEM, AP** Ísraelsk stjórnvöld ákváðu í gær að hafa samskipti aftur við palestínsk yfirvöld eftir tveggja vikna hlé og hafa frestað áformum um að ráða þrjá palestínska skæruliða af dögum eins og stóð til. Hamas-samtökin hafa sömuleiðis samþykkt að gera hlé á árásum á ísraelsk skotmörk.

Undangengin vika hafði verið róleg þar til í gær en þá kom til skæra milli deilenda á Gazaströnd, þar sem þriggja ára palestínsk stúlka lét lífið. Þrátt fyrir það þykir líklegra en ekki að þróun næstu vikna verði í friðarátt. Ráðuneytisstjóri Palestínu hittir aðstoðarmann Ariels Sharon í dag og munu þeir ræða um fyrirhugaðan vopnahlé og undirbúa væntanlegan fund milli Sharons og Mahmouds Abbas, forseta Palestínu. Sharon hafði slitið öllu sambandi við Palestínumenn fyrir hálfum mánuði eftir að sex Ísraelsmenn féllu í árásum palestínskra skæruliða.

Ísraelsk yfirvöld hafa þó þann fyrirvara að ef hryðjuverkamenn láta á sér kræla munu þeir gera alvöru úr ætlunum sínum og ráða þekkta skæruliða af dögum. ■



**FRÁ GAZA**
Hamas-samtökin stóðu fyrir fjöldafundi á Gaza-ströndinni á þriðjudag en samtökin hafa samþykkt að gera ekki fleiri árásir í bili.

Landmælingar:

# Starfsfólki fækkar

**ALÞINGI** Landmælingum Íslands verður úthlutað fjórtán milljónum til uppfærslu stafrænna landakorta sinna. Það er sextán milljónum minna en í fyrra.

Umhverfisráðherra, Sigríður Anna Þórðardóttir, telur hið lága fjárframlag geta „haft einhver áhrif á starfsmenn til framtíðar“. Landmælingar vinni mikilvægt starf.

Jóhann Ársælsson í Samfylkingunni bar málið upp á þingi, þar sem upphaflega átti ekki að leggja fé í uppfærslu kortanna. Jóhann segir gott að óvissu um framhald kortagerðarinnar hafi verið eytt. **- gag**



**HREINDÝR Í LÓNI AUSTAN HORNAFJARÐAR**
Töluvert hefur verið um hreindýrahópa bæði austan og vestan Hafnar í Hornafirði að undanförnu en þetta er í fyrsta sinn í vetur sem ekið er á dýr.

Austurland:

# Ekið á hreindýr

**ÓHAPP** Síðastliðinn sunnudagsmorgun var ekið á hreindýr skammt austan við Höfn í Hornafirði. Að sögn lögreglunnar á Höfn barst tilkynning frá vegfaranda um hreindýrshræ á veginum en ekki er vitað hver ók á dýrið. „Það er ljóst að bílinn var á austurleið og líklega er hann stórskemmdur því dýrið var mjög illa farið, allt tætt og rifið,“ sagði lögreglumaður á Höfn. **- kk**

## BANDARÍKIN

**DÝR AFSÖKUNARBEIÐNI** Karlmaður sem saknaði eiginkonu sinnar sem hafði yfirgefið hann keypti auglýsingu í dagblaðinu The Florida Times-Union fyrir eina milljón króna til að biðja hana afsökunar og fá hana til að snúa heim. Hún hafði ekki svarað símhringingum hans eftir að hún flutti út, og hafði ekki haft samband við hann í gær.

# Mörg hundruð munu flytja á Laugaveginn

**Tvö byggingarfyrirtæki hafa keypt upp fjölda lóða í miðbænum. Fimmtán þúsund fermetra húsnæði rís milli Laugavegar og Hverfisgötu. Búist er við mikilli fjölgun íbúa í miðbænum.**

**HÚSBYGGINGAR** Byggingarfyrirtækið Stafna á milli hefur keypt allar húseignir frá og með Laugavegi 41, niður Frakkastíg og til og með Hverfisgötu 58. Fyrirtækið ÁF-hús hefur fest kaup á eignunum að Laugavegi 33a og 35 auk Vatnsstígs 4. Bæði fyrirtækin hyggjast byggja að nýju á lóðunum eftir deiliskipulagi. Verslanir og fjöldi íbúða verða í húsunum.



**SIGURÐUR G. STEINÞÓRSSON**
Vildi sjá uppbyggingu verða á Laugaveginum og ákvað því að selja húsnæði Gulls og silfurs að Laugavegi 35 gegn því að fá að flytja inn í nýtt húsnæði sem þar rísi. Flyst fyrirtækið ofar á Laugaveginn á meðan.

Engilbert Runólfsson, eigandi Stafna á milli, segir hönnun svæðisins ekki lokið en eins og greint hefur verið frá á að reisa fimmtán þúsund fermetra hús á reitnum. Sex þúsund fermetra bílageymsla verður undir byggingunni.

Ágúst Friðgeirsson, eigandi ÁF-húsa ehf., segir hönnun nýju húsanna á byrjunarstigi. Stefnt sé að því að rífa þau sem fyrir séu og byggja ný fjögurra hæða. Ágúst segir það í skoðun að kaupa fleiri hús á svæðinu en enn sé óljóst hvað verði. „Þessi hús eru í það minnsta komin komin í hendi og duga mér í bili.“

Sigurður G. Steinþórsson, gullsmíðameistari og annar eigandi Gulls og silfurs, seldi ÁF-húsum Laugaveg 35. Fyrirtæki hans flytur ofar á Laugaveginn.

„Ég er búinn að vera hér í 34 ár og það er dálítið átak að selja staðinn sem maður er nánast búinn að búa á,“ segir Sigurður. Það hafi hann gert til að stuðla að uppbyggingunni:

„Það er fullt af fyrirtækjum sem vilja koma hingað á Laugaveginn en þau vilja ekki vera í þessum gömlu húsum. Með nýjum húsum fáum við öll bestu fyrirtækin á svæðið.“

Sigurður segir ásókn í húseignir þegar hafa aukist og fólk hafi öðlast endurnýjaða trú á hinn eina sanna Laugaveg sem miðpunkt borgarinnar. Þar muni þúsundir búa og hundruð flytjast í nýju íbúðirnar.

„Nú verður fólk í miðbænum. Hér verður ekki bara draugaborg eftir miðnætti heldur líf og fjör með veitingastöðum, verslunum og fólki,“ segir Sigurður. „Þetta er frábær þróun.“

**gag@frettabladid.is**



MYND/BORGARVEFSJÁ

**LAUGAVEGURINN TEKUR BREYTINGUM**
Skyggðu húsin eru þau sem hafa verið keypt. Sum húsanna verða rifin og önnur flutt burt. Í staðinn rísa ný með verslunum og íbúðum.




Landsvirkjun um Íslandskort:

# Gefur ekki rétta mynd

**UMHVERFISMÁL** „Ég lít á þetta kort sem áróður. Hann getur í sjálfur sér verið réttur eða rangur en hann er fyrst og fremst pólitískur en ekki fræðilegur og það finnst mér einkenna þetta kort,“ segir Ragnheiður Ólafsdóttir, umhverfisstjóri Landsvirkjunar, um Íslandskortið „Ísland örum skorið“ en tíu náttúruverndarsamtök stóðu að útgáfu þess. Að þeirra sögn sýnir kortið áhrif stóriðjustefnu stjórnvalda eftir fimmtán ár ef orkufyrirheit þeirra ná fram að ganga samkvæmt fyrsta áfanga Rammaáætlunar.

Ragnheiður segir það ekki rétt að það eigi að virkja allar jökulár landsins. Á kortinu séu ár sem engar rannsóknir hafi verið unnar á og í gær hafi verið staðfest að Jökulsá á Fjöllum yrði innan þjóðgarðs.

„Hugmyndafræðin sem liggur að baki þessu korti er komin úr náttúruverndarlögum frá 1999 en á kortinu sem er þeim til grundvallar eru dregin sambærileg svæði í kringum öll mannvirki. Það mætti því lita allt Íslandskortið svart ef mannvirki og vegakerfið væru tekin með í reikninginn, eins og stendur í náttúruverndarlögum,“ segir Ragnheiður. **- bs**



**ÍSLANDSKORTIÐ**
Aðstandendur kortsins segja það sýna áhrif stóriðju ef áætlanir stjórnvalda ná fram að ganga.



**SNJÓ MOKAÐ ÚR ÖGNINNI Í AKUREYRARHÖFN**
Einn besti sölutími ársins, hvað varðar saltfisk, er í tengslum við páskahátíðina í löndunum við Miðjarðarhafið.

Norðurland:

# Erfitt hjá smábátum

**SJÓSÓKN** Það sem af er ári hefur tíðarfarið á Norðurlandi verið smábátasjómönnum fremur erfitt og fyrir vikið hefur aflinn verið með minna móti. Smábátasjómenn á Húsavík hafa lítið komist á sjó í janúar en afli stærri línubáta hefur þó nægt til að hægt hefur verið að halda uppi fullri vinnslu hjá GPG á Húsavík.

Grímur Kárason, verkstjóri hjá GPG, segir að þar á bæ megi ekki tæpara standa svo náist að framleiða upp í saltfiskpantanir fyrir páskana. „Þetta verður auðvitað svolítið kapphlaup við tímann en ef að líkum lætur munum við klóra okkur fram úr þessu,“ segir Grímur. **- kk**

Tilboðin gilda frá fimmtudegi 27. jan. til sunnudags 30. jan. eða meðan birgðir endast

# Komdu í Bónus!

Pizza Roma 400g 279 kr.

Eitt kíló 149 kr.

Vanilluís Stangir 10 stangir 259 kr.

Kolsýrt vatn 89 kr.

Hreint kolsýrt vatn eða með sítrónubragði

Kartöflusalat/hrásalat 350g 99 kr.

## Ekkert bruðl!

Colgate 115 ml 99 túpan kr.

Colgate 50 ml/72g 79 túpan kr.

Golden Jasmine hrísgrjón 2 kíló 259 kr.

Golden Jasmine hrísgrjón 5x100g 99 kr.

Vanilluís / Súkkulaðiís 2 lítrar 199 kr.

Þvottaefni - SEX KÍLÓ! Ekkert bruðl 499 kr.

Blettahreinsir 800g Oxy Magic 800g 259 kr.

Hálfur lítri 59 kr.

Handsápa 500 ml 89 kr.

Ekkert bruðl

4 MACH3 RAKBLÖÐ ótrúlegt verð! 499 kr.

5 pör af sokkum - barna - kven eða karlmanns

Barna 399 5 pör kr.

Kven/karla 499 5 pör kr.

## -allt í gangi...



**RABBÍNAR Í ÚTRÝMINGARBÚÐUM** Rabbínarnir Shlomo Marmor, Seth Bronstein og Ethan Mintz heimsóttu í gær Birkenau-búðirnar þar sem nasistar myrtu meira en milljón gyðinga í seinni heimsstyrjöld. Þeir mótmæltu kirkjubyggingu í útrýmingarbúðunum og sögðu rétt að láta þær standa eins og þær voru.

Hlutafélagavæðing á landsbyggðinni:

# Blásið til sóknar á Héraði

**KNATTSPYRNA** Stofnað hefur verið hlutafélag um rekstur meistaraflokks karla, meistaraflokks kvenna og 2. flokks í knattspyrnu hjá íþróttafélaginu Hetti á Egilsstöðum. Félagið hefur hlotið nafnið Rekstrarfélagið Höttur ehf., hluthafar eru 117 talsins og stofnfé 5,3 milljónir króna.

Markmiðið með stofnun félagsins er að efla starf meistaraflokka Hattar í báðum kynjum og vera alltaf með 2. flokk á vegum Hattar. Stefnt er á að reka félagið með hagnaði og nýta hann til frekari uppbyggingar á aðstöðu til knattspyrnuiðkunar á Héraði eða starfsemi félagsins.



Rekstrarfélagið hefur gert samning við knattspyrnudeild Hattar þess efnis að hlutafélagið taki yfir allan rekstur umræddra flokka og um leið öll verkefni er lúta að rekstri þeirra. Rekstrarfélagið fær allar fjáraflanir sem tilheyra þessum flokkum og eignir knattspyrnudeildarinnar renna til rekstrarfélagsins, sem um leið skuldbindur sig til að greiða allar skuldir knattspyrnudeildar. - kk

**ÞRÓTTUR NES. SÆKIR HÖTT HEIM** Við mat á eignum knattspyrnudeildar Hattar reyndist verðmæti þeirra nokkru meira en skuldir og eignaðist knattspyrnudeildin því hlut í rekstrarfélaginu sem því nam.

Samfylkingin:

# Varaformaður af landinu

**STJÓRNMÁL** Stjórn Samfylkingarinnar á Akureyri telur farsælast fyrir flokkinn að næsti varaformaður Samfylkingarinnar komi af landsbyggðinni.

Kosið verður um formann Samfylkingarinnar í póstkosningu, sem hefst 30 dögum fyrir landsfund, og er útlit fyrir að formannsslagurinn standi á milli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar. Úrslit í formannskjörinu verða tilkynnt í upphafi landsfundar en kjör í varaformannsembættið fer fram á landsfundinum sjálfum. - kk

Dæmdur í fangelsi:

# Stal bók og geisladiskum

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Maðurinn stal tveimur geisladiskum og einni bók úr verslunum auk þess sem hann framvísaði fölsuðum lyfseðli.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR**

Maðurinn var einnig ákærður fyrir innbrot í íbúð og fyrir að selja muni úr innbrotinu. Þótti dóminum ekki sannað að hann hefði framið innbrotið en hann var dæmdur fyrir hylmingu því ljóst var að hann hafði þýfið í sinni vörslu. Maðurinn hefur áður hlotið dóma fyrir auðgunarbrot og skjalafals. - hrs

Kostnaðaráætlun:

# NCC afneitar áætlun Árna

**SAMGÖNGUR** Øyvind Kvaal, talsmaður sænska verktakafyrirtækisins NCC, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi að ekkert væri til í því að fyrirtækið hefði gert kostnaðaráætlun fyrir gerð jarðganga til Vestmannaeyja. Hópur Eyjamanna með Árna Johnsen í fararbroddi kynnti slíka kostnaðaráætlun í nafni fyrirtækisins í síðustu viku.

Árni Johnsen segir fréttina byggða á misskilningi þar sem spurt væri út í skuldbindandi tilboð. „Það sem liggur fyrir og er undirskrifað af fulltrúa þeirra er bara kostnaðaráætlun út frá ákveðnum verkþáttum sem þeir hafa skoðað og þekkja.“



**ÁRNI JOHNSEN** Segir kostnaðaráætlun liggja fyrir.

„Nei, og hann hefur enga kostnaðaráætlun frá NCC,“ sagði Kvaal hins vegar í fréttum Stöðvar 2. ■

**Fjárlagahalli og afgangur í Bandaríkjunum, 1962-2015**




Heimild: Fjárlagaskrifstofa þingsins

# Aðeins tvisvar verri afkoma

**Gert er ráð fyrir fjárlagahalla upp á rúma 16.700 milljarða á ríkissjóði Bandaríkjanna. Fáir trúa að við það verði staðið.**

**WASHINGTON, AP** Þrátt fyrir að George W. Bush Bandaríkjaforseti fari fram á fimm þúsund milljarða aukaframlag úr ríkissjóði vegna stríðsins í Írak og Afganistan, yrði það einungis lítill hluti fjárlagahallans í ár, hann gæti orðið allt að 26.500 milljarðar.

Háttsettur embættismaður í Hvíta húsinu segir að þrátt fyrir að svo verði, sýni það fram á batnandi stöðu ríkissjóðs. Þetta sé mun betri afkoma en rúmlega 25.500 milljarða króna hallinn sem var á fjárlögum fyrir 2004, sé tekið mið af vaxandi efnahag Bandaríkjanna. Þetta er þó þriðja versta afkoma sem verið hefur á bandarískum ríkissjóði.

Í gær kom einnig fram í tilkynningu frá efnahagsdeild Sameinuðu þjóðanna að þrátt fyrir almennan hagvöxt í heiminum, ógni veik staða dollarans og mikill viðskiptahalli Bandaríkjanna efnahagslegum stöðugleika um allan heim.

Þrátt fyrir spár um að fjárlagahalli þessa árs verði allt að 26.500 milljarðar, eru ekki allir svartsýnir. Meðal þess sem bent er á er að í febrúar í fyrra var því spáð að fjárlagahallinn fyrir 2004 yrði um 32.300 milljarðar. Hann reyndist nokkuð minni, eða 25.500 milljarðar. Fjárlagaskrifstofa þingsins hefur einnig spáð því að fjárlagahallinn muni fara minnkandi, ár frá ári til 2012, þegar ríkissjóður verður rekinn með afgangi. Fáir taka þá spá alvarlega, því samkvæmt lögum getur skrifstofan ekki gert ráð fyrir breytingum á núverandi sköttum eða útgjaldaheimildum í sínum spám. Því er ekki gert ráð fyrir auknum hernaðarútgjöldum, eða nokkrum kostnaði vegna stefnu núverandi stjórnar. Ef stríðsrekstur í Írak og Afganistan minnkar ekki á næsta ári, gæti það kostað um 36.580 milljarða á næstu tíu árum. Skattahugmyndir stjórnarinnar eru taldar kosta um 142.600 milljarða. Breytingar á almannatryggingum gætu kostað á bilinu 62.000 til 124.000 milljarða. Aukinn fyrirsjáanlegur kostnaður á næsta áratug, sem ekki er gert ráð fyrir í spám er því á bilinu 241.000 -303.000 milljarðar. Á móti kemur að haldist önnur útgjöld við verðbólgumið, gæti það minnkað fjárlagahallann um 80.600 milljarða. ■




Háskólanemar á Akureyri:

# Mikill skortur á húsnæði

**LEIGUMARKAÐUR** Til að leysa árlegan húsnæðisvanda nemenda við Háskólann á Akureyri (HA) er Félagsstofnun stúdenta á Akureyri að kanna möguleika á að breyta atvinnuhúsnæði að Glerárgötu 36 í íbúðarhúsnæði með 36 litlum íbúðum.

Hugmyndin hefur verið kynnt fyrir bæjaryfirvöldum en endanleg afstaða þeirra liggur þó ekki fyrir.

Ríkið á húsnæðið en bæjaryfirvöld þurfa að gefa grænt ljós þar sem húsið stendur á atvinnusvæði. Nemendum við Háskólann á Akureyri fjölgar árlega og á hverju hausti er mikill skortur á leiguhúsnæði fyrir utanbæjarnemendur. - kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**GLERÁRGATA 36** Allt húsnæðið hefur staðið autt frá því í haust er starfsemi Háskólans á Akureyri fluttist í hið nýja rannsókna- og nýsköpunarhús að Borgum.

ACCORD

HONDA
The Power of Dreams

# Veldu besta verðið fyrir þig



Executive sjálfskiptur, 190 hestöfl, leður og sóllúga: **3.190.000** kr.

**Verðlaun**

- Eftirsóttasti stallbakurinn í sínum flokki samkvæmt Edmunds.com
- Einn af bestu fjölskyldubílum í boði í dag samkvæmt AAA og Parents magazine
- Hagkvæmustu kaupin í sínum flokki samkvæmt IntelliChoice
- 18 sinnum á "10 bestu" lista Car and Driver
- Besti fjölskyldubíll í heimi samkvæmt Edmunds.com

→Vel búinn Accord Comfort 2.0i - verð frá aðeins

**2.270.000** kr.

**28.993** á mánuði*



Tourer Sport
sjálfskiptur, 155hestöfl:
**2.670.000** kr.



Comfort
beinskiptur, 155 hestöfl,
**2.270.000** kr.



Sport
sjálfskiptur, 155 hestöfl:
**2.570.000** kr.



Type-S
6 gíra, 190 hestöfl:
**2.890.000** kr.

honda.is

Honda Accord er einstakur bíll sem hefur sópað að sér verðlaunum, “heimsins besti fjölskyldubíll”, “bestu kaupin” og “einn af tíu bestu bílum” eru titlar sem hann ber með stíl. Hannaður með virðingu fyrir persónulegum kröfum hvers og eins til þess að þú upplifir aksturseiginleika sem þú gleymir ekki. Undir straumlínulöguðu yfirborðinu leynist feiknakraftur og hátækninýjungar sem hafa þróast á kappakstursbrautum heimsins. Þú getur bókað að Honda Accord uppfyllir hvert smáatriði sem þú felur honum við stýrið og lætur fara vel um þig og alla fjölskylduna.
**Honda Accord er frábært dæmi um Honda áreiðanleika á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
www.bernhard.is

* Bílasamningur Lýsingar - 10% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

HÉR & NÚ / SÍA

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bílver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535

# LANDSINS M

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF HEIMILIS

# TÖLVULISTINN

Öll verð eru staðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl.

ACE




## 3.4GHz PRESCOTT 1MB

### 3.4GHz ACE SPECIAL EDITON

### GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

**533MHz DDR2**
Það nýjasta í dag er DDR2, ný vinnsluminni sem eru 30% hraðvirkara en eldri DDR minni

**16xDVD +/- SKRIFARI**
16+/- Skrifari sem er einnig vandaður geislaskrifari og DVD drif, hugbúnaður fylgir

**7.1 HÁTALARAKERFI**
Mjög öflugt T7700 hátalarakerfi frá Creative með 7 hátölurum og stóru bassaboxi

**17" LCD SKJÁR**
Ótrúlega nettur skjár, 450:1 í skerpustig og 16ms hraða fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

**256MB GEFORCE 6**
GeForce6 skjákort með CineFX 3.0, ótrúleg grafík í leiki og enn meiri hraði með PCI-Express

**SPECIAL EDITION**
Ace SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús lyklaborði og gel músarmottu

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 3.4GHz Intel P4 550 Prescott<br>Með 1MB flýtiminni og 800FSB+HT |
| Vinnsluminni | 512MB Corsair DDR2 533<br>533MHz minni með lífstíðarábyrgð |
| Harðdiskur | 200GB Serial ATA150 - 8MB<br>WD 7200RPM SE með 8MB buffer |
| Skjákort | 256MB DDR GeForce NX6600<br>PCI-Express,128bit,500MHz M |
| Skjár | 17" LCD Acer (1711s)<br>Skarpur og skýr, silfurlitur |
| DVDskrifari | 16xDVD+/- NEC skrifari<br>Les og skrifar DVD og CD diska |
| Hljóðkort | Dolby Digital 7.1 hljóð<br>Frábært í leiki og bíómyndir |
| Hátalarar | 7.1 Creative hátalarakerfi<br>7 hátalarar og risa bassabox |
| Netkort | 10/100/1000 netkort<br>Innbyggt Gigabit netkort |
| Stýrikerfi | Windows XP Home<br>Á íslensku eða ensku, þitt er valið |

**179.900**

HLJÓÐLÁT ACE VÉL Á ÓTRÚLEGU VERÐI

ACE



### K7 2500 AMD SEMPRON

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 2500+ Amd K7 Sempron |
| VINNSLUMINNI | 512MB Dual DDR333 frá Corsair, lífstíðarábyrgð |
| HARÐDISKUR | 160GB WD Special Edition með 8 MB buffer |
| SKJÁR | 17" Hágæða skjár með Black Tint túpu |
| SKJÁKORT | 128MB Geforce 4 nForce Dual DDR333, tv-út |
| GEISLADRIF | 16xDVD +/- Dual layer NEC skrifari |
| HLJÓÐKORT | 6 Rása Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi innbyggt |
| HÁTALARAR | Nettir hátalarar sem taka lítið pláss á borði |
| NETBÚNAÐUR | Innbyggt 10/100 netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP home á íslensku eða ensku |

**Verð 79.900**

ACE 3.0GHz INTEL PENTIUM 4 PRESCOTT

ACE



### ACE P4 3.0GHz Prescott

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 3.0GHz Intel P4 Prescott 1MB flýtiminni, 800FSB |
| VINNSLUMINNI | 512MB DDR400 Corsair minni, lífstíðarábyrgð |
| HARÐDISKUR | 200GB Serial ATA150 WD SE með 8 MB buffer |
| SKJÁR | 17" Acer LCD, hágæða skjár, silfurlitaður |
| SKJÁKORT | 128MB MSI Geforce FX5500-T, Tv-út |
| DVD SKRIFARI | 16xDVD+/- Dual layer NEC skrifari |
| HLJÓÐKORT | 6 Rása Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi innbyggt |
| HÁTALARAR | Öflugir hátalarar sem taka lítið pláss á borði |
| NETBÚNAÐUR | Innbyggt 10/100 netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP home á íslensku eða ensku |

**Verð 134.900**

## ÖLL HELSTU MERKIN Á EINUM STAÐ •

POWERBOOK 12.1"



Apple

- 1.33GHz PowerPC G4, 512k, SRAM L2 cache
- 256MB DDR 333MHz minni
- 60GB Ultra ATA100 harðdiskur
- 12.1" TFT LCD, 1024x768
- 64MB DDR Geforce Go5200, tv-út
- 4x DVD/16x CD-RW skrifari - SuperDrive
- Hljóðkort, góðir hátalarar og hljóðnemi
- Innbyggt AirPort Extreme þráðlaust netkort
- Innbyggt Bluetooth kort
- Mac OS X v. 10.3 Panther á íslensku

**Verð 179.900**

DELL LATITUDE D505



DELL

- 1.6GHz Intel PM Centrino með 2MB cache
- 512MB DDR 333MHz 200pin minni
- 40 GB Ultra DMA ATA100 5400RPM
- 15" XGA TFT LCD, 1024x768
- 64MB DDR Intel Extreme Graphics II
- DVD+RW Skrifari, skrifar einnig CD-RW
- Hljóðkort, góðir hátalarar og hljóðnemi
- Dell þráðlaust netkort og loftnet
- 3ja ára ábyrgð á tölvu
- Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**Verð 159.900**

HP COMPAQ NX9020



hp

- 1,3GHz Intel Celeron M 350 - 1MB
- 256MB DDR 266MHz 200pin minni
- 40GB ATA100 4200RPM
- 15" XGA TFT LCD, 1024x768
- 64MB DDR Intel Extreme Graphics II
- 24x Skrifari sem er líka DVD geisladrif
- Hljóðkort, góðir hátalarar og hljóðnemi
- 10/100 netkort og 56k módem
- Windows XP Home á íslensku/ensku

**Verð 99.900**

IBM THINKPAD R51

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 •

# ESTA ÚRVAL

www.tolvulistinn.is

## OG FERÐATÖLVUM Á FRÁBÆRU VERÐI

TÖLVULISTINN




## ACER TRAVELMATE 4001LMi

### ACER 1.5GHz CENTRINO FERÐAVÉL MEÐ ÖLLU

**INTEL CENTRINO**
Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtiminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni

**DVD +/- SKRIFARI**
Vandaður DVD+/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**ÞRÁÐLAUST NET**
Centrino ferðatölvan kemur með þráðlausu 54Mbps netkorti og er loftnetið innbyggt í skjáinn

**ATI RADEON 9700**
Mobility Radeon 9700 skjákortið er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag

**MJÖG HLJÓÐLÁT**
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvur

**ALLT AÐ 5 TÍMA**
Acer fartölvan er aðeins 2.9kg og með Centrino tækni endist rafhlaðan í allt að 5 tíma

**139.900**

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **1.5 GHz Pentium M Dothan715** Intel Centrino Dothan er með 2MB |
| Vinnsluminni | **512MB 333MHz DDR** Stækkanlegt í 1GB |
| Harðdiskur | **60GB Ultra ATA100** 4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| Skjákort | **64MB Mobility Radeon 9700** Sérhannað fyrir ferðatölvur |
| Skjár | **15" XGA TFT Active Matrix** 1024x768dpi og 16milljón litir |
| DVD Skrifari | **DVD +/- RW geislaskrifari** Les og skrifar DVD og CD diska |
| Hátalarar | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum** Hljóðkort, hátlarar og hljóðnemi |
| Netkort | **10/100 base netkort** Einnig 56K módem innbyggt |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort** Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home** Á íslensku eða ensku |
| Tengi | **3xUSB2, FireWire, TV-út,** Parallel, VGA, PCMCIA, ofl. |

1.3GHZ ACER ASPIRE 2301LMi FERÐATÖLVA




## ASPIRE 2301LMi

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 1.3GHz Mobile Intel Celeron - Centrino 512K |
| VINNSLUMINNI | 256MB DDR266 minni - stækkanleg í 1GB |
| HARÐDISKUR | 40GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM |
| SKJÁR | 15" TFT XGA,1024x768dpi og16.7 milljón litir |
| SKJÁKORT | 64MB DDR Intel Extreme II með TV-út |
| DVD SKRIFARI | DVD +/- skrifari sem skrifar einnig CD-RW |
| HÁTALARAR | Innbyggðir stereo hátalarar |
| NETBÚNAÐUR | Háhraða 10/100 netkort og 56K módem |
| ÞRÁÐLAUST | 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP Pro á íslensku eða ensku |

**Verð 107.900**

ACER TRAVELMATE 4001WLMi FERÐATÖLVA




## 15.4" WIDESCREEN

| | |
|---|---|
| ÖRGJÖRVI | 1.5 GHz Intel Pentium M - Centrino með 2MB |
| VINNSLUMINNI | 512MB DDR333 minni - stækkanleg í 1GB |
| HARÐDISKUR | 60GB Ultra ATA100 harðdiskur 4200RPM |
| SKJÁR | 15.4" Widescreen WXGA, 1280x800dpi |
| SKJÁKORT | 64MB ATI Mobility Radeon 9700 með TV-Out |
| DVD SKRIFARI | DVD+/-RW skrifari, skrifar einnig CD-RW |
| HÁTALARAR | Innbyggðir stereo hátalarar |
| NETBÚNAÐUR | Háhraða 10/100 netkort og 56K módem |
| ÞRÁÐLAUST | 54Mbps þráðlaust 802.11g netkort |
| STÝRIKERFI | Windows XP Home á íslensku eða ensku |

**Verð 147.900**

## MESTA ÚRVAL FERÐAVÉLA Á ÍSLANDI



IBM

- 1.5 GHz Intel Pentium M - 1MB
- 256MB DDR 333MHz PC 2700 minni
- 40 GB Ultra ATA100
- 15" TFT XGA með 1024x768dpi
- 64MB DDR Intel Extreme Graphics II
- 24x Skrifari sem er líka DVD geisladrif
- Stereo hátalarar og hljóðnemi
- 10/100 netkort og 56k módem
- Intel þráðlaust netkort og loftnet
- Windows XP PRO á íslensku/ensku

**Verð 139.900**

SONY VAIO B1VP




SONY

- 1.6 GHz Intel Pentium M - 2MB
- 512 MB DDR 333MHz 200pin minni
- 40 GB Ultra ATA100, 4200 RPM
- 14.1" TFT XGA með 1024x768dpi
- 64MB DDR Intel Extreme Graphics II
- 24x Skrifari sem er líka DVD geisladrif
- Hljóðkort, góðir hátalarar og hljóðnemi
- Þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g
- 10/100 netkort og 56k módem
- Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**Verð 149.900**



TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ

Opið alla virka daga frá 9-18 og laugardaga frá 11-16

**Tölvulistinn • Glerárgötu 36 • 600 Akureyri • Sími 464 7400**

24 stundir

EFTIRMÁL: ENDURSKOÐUN AFLAREGLU Í ÞORSKI

# *Fyrst þarf að standa við fyrri viðmið*



Í apríl á síðasta ári birtist skýrsla nefndar sem sjávarútvegsráðherra setti á laggirnar árið 2001 til að meta reynslu af setningu aflareglu á þorskveiðar. Þar kom fram, meðal annars, að mjög brýnt væri að endurskoða sem fyrst þá aflareglu sem stuðst er við vegna þorskveiða, þar sem reynslan sýni að afli undanfarinna ára hafi ekki verið í samræmi við markaða nýtingarstefnu íslenskra stjórnvalda. Þá er lagt til að styðjast við 22 prósenta veiðihlutfall af veiðistofni þorsks, en ekki 25 prósent eins og verið hefur undanfarin ár.
Vilhjálmur Egilsson, ráðuneytisstjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, segir þessa tilllögu ekki komna á framkvæmdastig. „Málið snýst um það líka að menn hafa ekki einu sinni náð 25 prósentum. Ekki fyrr en núna, þegar allt er komið inn í aflamark, eða krókaaflamark. Þá fyrst er möguleiki að ná fyrst þessum 25 prósentum. Hlutfallið hefur oft verið um og yfir 30 prósentum. Menn eru kannski að horfa á málið í því ljósi."
Vilhjálmur segir nokkrar ástæður liggja fyrir því að ekki náðist að standa við 25 prósenta veiðihlutfall. Ein helsta ástæðan sé að sóknardagabátarnir séu ekki komnir inn í krókaaflamarkið. „Tillagan liggur enn fyrir, það er ekki búið að gleyma henni. Hún hefur ekki enn farið í þá umræðu sem þarf, áður en menn væru tilbúnir að skoða þetta nánar."
Vilhjálmur segir ekki hægt að spá fyrir um hvort það takist að veiða einungis fjórðung af veiðistofni þorsks þetta árið, þó svo að vonir standi til þess. Um slíkt sé ekkert hægt að segja fyrr en búið sé að gera dæmið upp.

## HVAÐ KOSTAR ÞAÐ?



**FARMIÐI TIL STRÁKANNA OKKAR Í TÚNIS KOSTAR 61.985 KRÓNUR**
Flogið er með Flugleiðum og Tunis Air á morgun og komið aftur heim á þriðjudaginn. Millilent er í Lundúnum.

## SJÓNARHÓLL

**BROTTREKSTUR JÓRDANANS**



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR

### *Fráleit lög*

„Ef rétt er, þá sýnir þetta dæmi hversu fráleit þessi lög eru," segir Kristín Ástgeirsdóttir um brottvísun ungs Jórdana úr landi, þar sem hann hefur ekki náð 24 ára aldri. Maðurinn er 23 ára og kvæntur íslenskri konu. Hann má ekki koma hingað næstu þrjú árin þar sem hann fór ekki úr landi innan tilskilins tíma.
Um útlendingalöggjöfina segir Kristín að við setningu hennar hafi verið farið eftir dönskum lögum, sem hafi reynst mjög misjafnlega og orðið mörgum erfið.
„Það eru svo margar hliðar á þessum hjónaböndum og hugsun Dana var einmitt að takmarka aðstreymi fólks frá þriðja heiminum. En þetta bitnar á öðru fólki og það verður að skoða aðstæður hverju sinni. Menn eiga að endurskoða þessi lög og þau aldursmörk sem sett eru í þeim standast ekki nokkrar einustu reglur aðrar um mannréttindi.
Þetta er ekki í samræmi við annað hér. Miðað er við það hér að fólk sé fullveðja 18 ára. Hvers vegna á að gilda eitthvað allt annað um útlendinga? Ef menn telja að um hagsmunahjónabönd sé að ræða til að útvega fólki landvist þá verða menn að sanna það. En þessi málsmeðferð í þessu tilviki er fráleit nema eitthvað annað búi að baki, sem ekki hefur komið fram.
Við verðum auðvitað líka að hafa allan vara á að við séum ekki að veita glæpamönnum skjól. En almennt er þessi regla fráleit og mannréttindasjónarmið eiga fyrst og fremst að gilda."

# Ég sá þarna fallega sópran

**Íslendingum finnst gaman þegar útlendingar búsettir í útlöndum tala íslensku. Það vakti athygli þegar norski læknirinn Thorstein Egeland sagði frá Íslensku stofnfrumugjafaskránni í fréttunum á dögunum og það á nánast lýtalausri íslensku. Thorstein nam læknisfræði á Íslandi og kynntist hér íslenskri konu sinni.**



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

**THORSTEIN EGELAND**
„Ég sé að nú er mikið rætt um hvernig Ísland tók á Íraksmálinu en það kom mér á óvart þegar stríðið byrjaði að Ísland studdi innrásina. Á Norðurlöndunum var almennt neikvætt viðhorf til málsins nema í Danmörku."

Það kom ekki til af góðu einu að Thorstein settist á skólabekk á Íslandi haustið 1970. Hann og fleiri þurftu að sækja læknanám sitt út fyrir landsteinanna þar sem norskir háskólar önnuðu ekki eftirspurn eftir plássum í læknadeildinni. „Ég var hér í sex ár og það voru mjög skemmtileg ár," segir Thorstein.

Hann var á Íslandi á dögunum til að kynna samstarfsverkefni Blóðbankans og norsku stofnfrumugjafaskrárinnar um stofnun slíkrar skrár á Íslandi. Thorstein er yfirlæknir við ónæmisdeild Ríkisspítalans í Ósló og kom stofnfrumugjafaskránni þar í landi á laggirnar fyrir fimmtán árum.

Á námsárunum kynntist hann eiginkonu sinni, Steinunni Einarsdóttur hjúkrunarfræðingi, og eiga þau dæturnar Elínu Maríu og Rebekku. „Við Steinunn kynntumst í kór sem var tengdur KFUM og K. Ég sá þarna fallega sópran sem þurfti að athuga betur," segir Thorstein og hlær þegar hann rifjar upp fyrstu kynni þeirra hjóna.

Þau syngja enn saman, eru í kirkjukór í Ósló og komu í söngferðalag til Íslands síðastliðið vor.

### Margt hefur breyst

Komu Thorsteins til Íslands á sínum tíma bar brátt að. „Ég fékk símskeyti 8. september og þar stóð að ef ég gæti komið til Íslands viku síðar og verið við skólasetningu fengi ég pláss. Ég skildi fátt annað í símskeytinu og bróðir minn sem var að læra forn norræn mál skildi heldur ekki neitt. Ég vissi því ekki hvað ég var að fara út í. En það var vel tekið á móti mér og þetta gekk allt saman mjög vel."

Fleiri Norðmenn numu við læknadeildina og sömuleiðis nokkrir Svíar. Skandinavíski hópurinn hélt mikið saman, sótti Norræna húsið og hélt sín partí.

Thorstein kunni vel við sig í Reykjavík þó annar bragur hafi verið á borginni þá en nú. „Mér fannst svo margt ófrágengið, hér var mikið af fokheldum húsum og slíku. Svo var úrvalið í búðunum lítið, nánast engir veitingastaðir og þetta var eins og að koma út í sveit. Ósló var líka sveitaleg á þessum tíma og bekkjarbræður mínir kölluðu borgina stærsta sveitaþorp heimsins. Ósló hefur breyst mikið en Reykjavík enn meira."

Og til marks um afstöðu læknanema á Íslandi fyrir 35 árum til Óslóar og Noregs rifjar Thorstein upp að ekki hafi hvarflað að nokkrum manni að fara þangað til framhaldsnáms. Allir vildu til Svíþjóðar, Bandaríkjanna eða Bretlands. „Nú hefur þetta breyst og margir Íslendingar stunda framhaldsnám í Noregi."

### Kári klár

Úr hópi skólabræðra Thorsteins í læknisfræðinni eru tveir honum afar eftirminnilegir. „Frægasti skólabróðir minn var Kári Stefánsson og ég man mjög vel eftir honum. Hann var afar fær nemandi, mjög duglegur og alltaf á toppnum í öllum fögum. Það er ótrúlegt hvað Kári hefur náð langt en það kemur mér ekki á óvart, hann var svo duglegur og áhugasamur."

Thorstein nefnir líka Stefán Karlsson, prófessor í Lundi, sem eftirminnilegan samnemanda. „Hann var með þeim fyrstu sem settu gen inn í frumur og veittu genameðferð við ákveðnum sjúkdómum. Hann er með þeim allra fremstu í sinni röð. Stefán og Kári eru heimsfrægir og það var gaman að vera með þeim í skóla."

Sjálfur hefur Thorstein unnið afar merkilegt starf við ónæmisdeild Ríkisspítalans í Ósló. Hann setti stofnfrumugjafaskrána á fót og hefur unnið að uppbyggingu hennar í fimmtán ár. Þá hefur hann doktorsnema undir sinni handleiðslu og nú um stundir er Íslendingurinn Ólafur Sigurjónsson hjá honum. „Ólafur er að vinna að því að búa til heilafrumur úr stofnfrumum í beinmerg. Við vitum ekki hvort hægt verður að nota þetta í framtíðinni en vonumst til að þetta nýtist í meðferð gegn Parkinson-sjúkdómnum og jafnvel fyrir fólk sem hlotið hefur mænuskaða. En það verður bara að koma í ljós." Og yfirlæknirinn lætur vel af doktorsnemanum. „Ólafur er prýðismaður og ég hef varla haft svona góðan mann fyrr. Hann stendur sig mjög vel."

### Íslenska og norska

Íslenskukunnátta Thorsteins er afar góð en hann segir það vandamál hve góða norsku Steinunn kona hans talar. „Ég tala íslensku við Steinunni en hún norsku við mig. Þess vegna hef ég gleymt íslenskunni heilmikið og þarf lengri tíma til að finna orðin og beygi sjálfsagt enn vitlausar en ég gerði áður."

Hann heldur góðu sambandi við Ísland og Íslendinga en fylgist ekki með daglegri umræðu. Þegar hann var hér á dögunum las hann þó blöðin. „Ég sé að nú er mikið rætt um hvernig Ísland tók á Íraksmálinu en það kom mér á óvart þegar stríðið byrjaði að Ísland studdi innrásina. Á Norðurlöndunum var almennt neikvætt viðhorf til málsins nema í Danmörku. Norðmenn voru á móti þrátt fyrir að hafa alltaf fylgt Bandaríkjamönnum í öllum Natóaðgerðum. Við höfum hins vegar tekið þátt í því sem kallað er uppbygging landsins," segir Thorstein, sem finnst alla jafna mjög gaman að koma til Íslands. „Landið er framandi og það er stórkostlegt að vera í náttúrunni þar sem saman koma ís, fjöll, heita vatnið og hverirnir. Hér er mjög fallegt í góðu veðri og nú er til dæmis afar fallegt að horfa á Esjuna."

Spurður um muninn á Íslendingum og Norðmönnum nefnir Thorstein hve Íslendingar eru vinnusamir. Dugnaðurinn á öðrum sviðum vekur líka athygli hans. „Íslendingar eru alltaf til í tuskið. Norðmenn fara snemma í háttinn til að geta farið á skíði morguninn eftir en þá byrjar ballið hjá Íslendingunum og þeir vilja halda áfram."

bjorn@frettabladid.is

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!
Kleber
BFGoodrich
...einfaldlega betri!

SPARAÐU PENINGA
DEKKJA LAGERINN
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
755 3355
Dekkjalagerinn er nú á 12 stöðum um land allt!
DEKKJA LAGERINN Skeifunni 3c 108 Reykjavík
DEKKJA LAGERINN Viðarhöfða 6 110 Reykjavík
Nýtt DEKKJA LAGERINN Smiðjuvegur 6 200 Kópavogi
DEKKJA LAGERINN Melabraut 24 220 Hafnarfirði
DEKKJA LAGERINN Iðavöllum 8 230 Keflavík
DEKKJA LAGERINN Flugumýri 16 270 Mosfellsbæ
DEKKJA LAGERINN Sólbakka 8 310 Borgarnesi
Nýtt DEKKJA LAGERINN Njarðarnesi 1 603 Akureyri
DEKKJA LAGERINN Miðási 23 700 Egilsstöðum
DEKKJA LAGERINN Víkurbraut 4 780 Höfn
DEKKJA LAGERINN Gagnheiði 13 800 Selfossi
DEKKJA LAGERINN Hlíðarvegi 2-4 860 Hvolsvelli
FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK

Íslensku bókmenntaverðlaunin verða veitt á Bessastöðum í dag:

# Herdís, Margrét og Valgerður hafa völdin í sínum höndum

**VERÐLAUN** Spennu gætir í bókmenntaheiminum í dag því Íslensku bókmenntaverðlaunin verða veitt á Bessastöðum síðdegis. Líkt og undanfarin ár eru fimm bækur nefndar til verðlauna í flokkunum tveimur; flokki fagurbókmennta og flokki fræðirita og bóka almenns efnis. Í fyrrnefnda flokknum eru tilnefnd þau Arnaldur Indriðason fyrir Kleifarvatn, Auður Jónsdóttir fyrir Fólkið í kjallaranum, Einar Már Guðmundsson fyrir Bítlaávarpið, Guðrún Helgadóttir fyrir Öðruvísi fjölskyldu og Sigfús Bjartmarsson fyrir Andræði. Ekkert þeirra hefur hlotið verðlaunin en Einar Már hefur í þrígang verið tilnefndur, Auður tvisvar og Sigfús einu sinni.

Í flokki fræðirita og bóka almenns efnis eru tilnefnd þau Halldór Guðmundsson fyrir Halldór Laxness, Helgi Þorláksson fyrir Sögu Íslands 6. og 7. bindi, Inga Dóra Björnsdóttir fyrir Ólöfu eskimóa, Páll Hersteinsson og Jón Baldur Hlíðberg fyrir Íslensk spendýr og Sigurgeir Sigurjónsson og Unnur Jökulsdóttir fyrir Íslendinga. Ekkert þeirra hefur hlotið verðlaunin en Helgi, Páll og Jón Baldur hafa allir verið tilnefndir áður.

Herdís Þorgeirsdóttir, Margrét Eggertsdóttir og Valgerður Bjarnadóttir skipa nefndina sem sker úr um hverjir hljóta verðlaunin að þessu sinni en Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhendir þau.

**- bþs**

### VERÐLAUNAHAFAR OG VERK ÞEIRRA

1989 – **Stefán Hörður Grímsson** Yfir heiðan morgun

1990 – **Fríða Á. Sigurðardóttir** Meðan nóttin líður og **Hörður Ágústsson** Skálholt II

1991 – **Guðbergur Bergsson** Svanurinn og **Guðjón Friðriksson** Saga Reykjavíkur

1992 – **Þorsteinn frá Hamri** Sæfarinn sofandi og **Vésteinn Ólason**, **Sverrir Tómasson** og **Guðrún Nordal** Bókmenntasaga I

1993 – **Hannes Pétursson** Eldhylur og **Jón G. Friðjónsson** Mergur málsins

1994 – **Vigdís Grímsdóttir** Grandavegur 7 og **Silja Aðalsteinsdóttir** Skáldið sem sólin kyssti

1995 – **Steinunn Sigurðardóttir** Hjartastaður og **Þór Whitehead** Milli vonar og ótta

1996 – **Böðvar Guðmundsson** Lífsins tré og **Þorsteinn Gylfason** Að hugsa á íslensku

1997 – **Guðbergur Bergsson** Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar og **Guðjón Friðriksson** Einar Benediktsson I

1998 – **Thor Vilhjálmsson** Morgunþula í stráum og **Hörður Ágústsson** Íslensk byggingararfleifð I

1999 – **Andri Snær Magnason** Sagan af bláa hnettinum og **Páll Valsson** Jónas Hallgrímsson

2000 – **Gyrðir Elíasson** Gula húsið og **Guðmundur Páll Ólafsson** Hálendi Íslands

2001 – **Hallgrímur Helgason** Höfundur Íslands og **Sigríður Dúna Kristmundsdóttir** Björg C. Þorláksson

2002 – **Ingibjörg Haraldsdóttir** Hvar sem ég verð og **Pétur M. Jónasson** og **Páll Hersteinsson** Þingvallavatn

2003 – **Ólafur Gunnarsson** Öxin og jörðin og **Guðjón Friðriksson** Jón Sigurðsson

Umferðin:

## Dýrkeypt epli

**SAKAMÁL** Bresk kona var í vikunni dæmd til að greiða rúmar sjö þúsund krónur í sekt fyrir að hafa borðað epli undir stýri en neysla matvæla við þessar kringumstæður er litin hornauga á Bretlandseyjum. Málið væri svo sem ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir hið umfangsmikla eftirlit sem að lokum leiddi til þess að upp komst um þennan hræðilega glæp. Dagblaðið The Independent segir frá því að til að góma þessa svöngu konu hafi lögreglan kallað út þyrlu til að elta bifreið hennar og taka af henni loftmyndir en auk þess þurfti að kalla hana alls níu sinnum fyrir rétt. Enda þótt aðgerðin hafi borið þann árangur sem vonast var eftir verður eftirtekjan að teljast rýr því sektin sem innheimtist nam aðeins broti af kostnaðinum við umstangið.



**- shg**

Lagasamkeppni:

## Bíldudalslagið 2005

**SAMKEPPNI** Lagakeppni sumarhátíðarinnar Bíldudals grænar er hafin. Öllum er velkomið að taka þátt og skulu lögin send inn tilbúin til spilunar.

Þegar úrslit liggja fyrir verður lagið tekið upp á ný og notað sem einkennislag hátíðarinnar. 25.000 krónur eru í verðlaun en á netsíðunni arnfirdingur.is, þar sem keppnin er kynnt, er þó með réttu bent á að viðurkenningin felist einkum í að verðlaunalagið verði lag hátíðarinnar þetta árið.

**- bþs**



**ÁST Í ÚRKOMU**
Unga parið Henrik og Sofie lét ekki snjókomuna í Kaupmannahöfn á dögunum aftra sér frá smá kelerí.



360 gráður

**HVAÐ ER?** AFPLÁNUN FANGELSISREFSINGAR

# *Flestir sitja tvo þriðju refsingar*

**Um 120 manns sitja nú í fimm fangelsum á Íslandi. En hvert er hið hefðbundna ferli fangavistunar?**

**Boðun til afplánunar**
Þegar Fangelsismálastofnun hefur borist dómur er viðeigandi dómþola tilkynnt hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Þeir sem hafa hlotið sex mánaða dóm eða meira eru boðaðir til afplánunar þremur vikum eftir dagsetningu boðunarbréfs en þeir sem hafa hlotið sex mánaða fangelsisrefsingu eða minna eru boðaðir til afplánunar fimm vikum eftir dagsetningu bréfsins. Þeir sem afplána skemmri refsingar gera það oft í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg þar sem þeir mæta til afplánunar, en flestir eru þó fluttir til vistunar í önnur fang-



elsi. Heimilt er að veita frest á afplánun í allt að sex mánuði en það er almennt ekki gert nema í undantekningartilfellum.

**Fangelsin**
Á Litla-Hrauni eru flestir fangar landsins en þar eru 87 pláss. Þeir sem fá þriggja ára refsingu eða hærri eru undantekningarlítið vistaðir á Litla-Hrauni. Í Fangelsinu Kvíabryggju eru fjórtán pláss og er fangelsið opið að því leyti til að þar eru hvorki rimlar fyrir gluggum og svæðið ekki sérstaklega afgirt.ÝÞar eru einkum vistaðir menn meðÝlítinn sakaferil. Fjöldi klefa í hverju fangelsi ræður nokkru um vistun, til dæmis gætu fleiri fallið undir þann hóp sem heppilegt væri að vista á Kvíabryggju en pláss er fyrir.
Í fangelsinu í Kópavogi eru tólf pláss og þar eru kvenfangar vistaðir og eru þær að jafnaði fjórar til átta og með þeim eru vistaðir karlfangar. Í fangelsinu á Akureyri eru níu pláss og hafa þar einkum verið vistaðir fangar með skemmri dóma.

**Afplánunartími**
Þeir sem eru dæmdir til sex mánaða fangavistar eða minni geta sótt um að taka út refsingu í samfélagsþjónustu og jafngildir 40 stunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisafplánun.
Fangar sem afplána óskilorðsbundna fangelsisrefsingu geta sótt um reynslulausn, annaðhvort eftir helming refsitímans eða tvo þriðju hluta hans. Algengast er að menn sitji inn tvo þriðju hluta refsingarinnar.
Föngum er að jafnaði ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef þeir sitja inni fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnabrot eða annað brot sem er sérlega gróft nema sérstakar ástæður mæli með því. ■

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**MÓÐINS Í MIÐ-AUSTURLÖNDUM**
Þessi glæsilegi kjóll og andlitsblæja eru til sýnis á tískuvikunni sem fram fer í Beirút í Líbanon um þessar mundir. Búningurinn er hugðarverk kúvæska hönnuðarins Suwsan Alduwish.

# Skipting Íraks í þrennt er möguleiki

**Kúrdar gætu haft framtíð Íraks í sínum höndum en margir þeirra geta vel hugsað sér að landið verði eingöngu lauslegt ríkjasamband eða að það verði jafnvel brotið niður í þrjú sjálfstæð ríki.**



**FRÉTTASKÝRING**
STJÓRNSKIPAN Í ÍRAK

**SVEINN GUÐMARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Írakar kjósa sér stjórnlagaþing á sunnudaginn sem mun ákveða framtíðarskipan þessa stríðshrjáða ríkis. Hins vegar er engin eining á meðal þjóðarbrotanna í landinu í þessum efnum, vel má vera að útkoman verði lauslegt ríkjasamband eða jafnvel þrjú sjálfstæð ríki Kúrda, sjía- og súnníaraba. Slík skipan væri síðastnefnda hópnum verulega óhagstæð.

**Umdeilt neitunarvald**
Írakar ganga að kjörborðinu á sunnudaginn og kjósa sér stjórnlagaþing en verkefni þess verður meðal annars að útbúa nýja stjórnarskrá sem þjóðaratkvæði verður greitt um síðar á þessu ári. Nýja stjórnarskráin mun leysa af hólmi bráðabirgðastjórnarskrána sem bandaríska hernámsstjórnin færði Írökum fyrir tæpu ári og þar með ákveða framtíðarskipan landsins. Erfitt er að segja fyrir um hver útkoman verður en víst er að Kúrdar, sem byggja norðurhéruðin, gætu vel hugsað sér að landinu yrði skipt upp í lauslegt ríkjasamband þriggja ríkja, jafnvel þrjú sjálfstæð ríki, og margir sjíar eru sömu skoðunar.

Samkvæmt bráðabirgðastjórnarskránni er Írak sambandsríki átján héraða. Eitt umdeildasta ákvæði hennar er að ef þorri íbúa þriggja héraða hafnar nýju stjórnarskránni í þjóðaratkvæðagreiðslunni í haust öðlast hún ekki gildi. Þetta þýðir í raun að Kúrdar hafa neitunarvald yfir stjórnarskránni þar sem þeir eru í yfirgnæfandi meirihluta í þremur nyrstu héruðum landsins, kúrdíska sjálfstjórnarsvæðinu. Sjíar, með Ali Sistani erkiklerk í broddi fylkingar, eru æfir yfir þessari stöðu.

**Ró og spekt í Kúrdistan**
Kúrdar hafa í orði kveðnu haft heimastjórn síðan 1974 en hún komst ekki á í raun fyrr en árið 1991. Ólíkt öðrum hlutum landsins hefur friður ríkt í Kúrdistan undanfarin misseri, stjórnmálaástand er tryggt og efnahagsuppbygging gengur vel. Auðugar olíulindir eru á yfirráðasvæðum Kúrda, sérstaklega ef borgin Kirkuk og nærsveitir hennar eru teknar með í reikninginn, en um yfirráð borgarinnar stendur mikill styr. Stærstu stjórnmálaflokkar Kúrda bjóða fram sameiginlegan lista í kosningunum á sunnudaginn og eru allar líkur á að honum muni farnast vel.

Kúrdar telja sig eiga fátt sameiginlegt með aröbunum sem byggja suðrið enda hafa litlir kærleikar verið þeirra í millum. Á síðasta ári skrifuðu tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra Kúrda undir skjal þar sem atkvæðagreiðslu um fullt sjálfstæði héraðsins var krafist. Menntamenn og ungt fólk voru þar áberandi. Helstu leiðtogar Kúrda, til dæmis Jalal Talabani og Massoud Barzani, segja hins vegar að markmiðum Kúrda sé hægt að ná innan ríkjasambands, fullt sjálfstæði sé ekki nauðsynlegt.

**Sjíar skoða málin**
Sjíar eru fæstir þeirrar skoðunar að sjálfstætt sjía-ríki í suðrinu sé æskilegt en margir vilja að héruð þeirra fái mun meira sjálfræði. Heittrúaðar sjía-hreyfingar eru sumar hverjar áfram um að íslamskt ríki verði á endanum stofnað. Þær gera sér jafnframt grein fyrir að slíkt sé erfitt í landi þar sem Kúrdar og súnní-arabar eru fjölmennir svo sem sjá má af yfirlýsingu sameiginlegs framboðslista sjía á mánudaginn þar því var lýst yfir að íslamskt ríki væri ekki á döfinni. Því væri hins vegar hægt að koma á í sjía-hluta lauslegs ríkjasambands. Ekki má gleyma því að á sjía-svæðunum eru gífurlega mikilvæg olíuvinnslusvæði og að þeim gætu sjíar þá setið einir.

**Súnníar uggandi**
Magnús Þorkell Bernharðsson, sérfræðingur í málefnum Íraks, segir að íraskir kollegar hans hafi margir hverjir áhyggjur af þessari þróun og telji hana geta aukið enn á spennuna á milli þjóðarbrotanna. „Þeir óttast að landinu verði skipt upp og Írak heyri sögunni til.“ Magnús segir að margir Bandaríkjamenn séu þeirrar skoðunar að skipting landsins væri auðveldasta lausnin fyrir þá þar sem friður myndi ríkja í nyrðri og syðri hlutum landsins. Þá væri hægt að einbeita sér að hinum róstusömu súnní-svæðum en hagur þeirra hefur versnað mikið eftir að Saddam var steypt af stóli. „Súnní-beltið yrði eitt fátækasta ríki heims því þar er engin olía og það finnst mörgum í Bandaríkjunum súnníarnir eiga skilið.“ Magnús bendir hins vegar á að þessar hugmyndir geri ráð fyrir að skipting þjóðarbrotanna eftir landsvæðum sé mjög skýr þegar dreifing þeirra sé í raun mun meiri.

**Kúrdar hafa framtíð ríkisins í hendi sér**
Tíminn einn mun leiða í ljós hver framvinda mála verður. Sennilega munu sjíar gera sig ánægða í sameinuðu Írak enn um sinn þar sem allar líkur eru á að þeir muni öðlast yfirburðastöðu í landinu eftir kosningar. Erfiðara verður hins vegar að gera Kúrdum til hæfis. Beri þeir skarðan hlut frá borði í kosningunum á sunnudag og verði atlaga gerð að sjálfstæði þeirra í kjölfarið er allt eins líklegt að þeir nýti sér neitunarvald sitt í stjórnarskrárgerðinni og knýi á um fullt sjálfstæði. Það þýddi endalok Íraks í núverandi mynd. ■

MYND/AP



**SJÍAR Í SÁTTAHUG**
Humam Hammoudi, frambjóðandi sameinaðs lista sjía, hefur lýst því yfir að framboðið hyggist ekki beita sér fyrir stofnun íslamsks ríkis. Ali Sistani horfir vökulum augum á.

**ÞJÓÐARBROT Í ÍRAK**

KORT/AP

Írak varð til í kjölfar heimsstyrjaldarinnar fyrri en þá skiptu Bretar og Frakkar hinu fornfræga Ottómanaveldi á milli sín. Árið 1932 varð Írak sjálfstætt konungdæmi. Síðari hluti tuttugustu aldar einkenndist af ólgu og valdaránum en árið 1968 náði Baath-flokkur Saddams Hussein valdataumunum. Kosningarnar á sunnudaginn gefa hinum fjölmörgu þjóðarbrotum sem búa í Írak tækifæri til að hafa sitt að segja um stjórn landsins.




Tæp tuttugu prósent írösku þjóðarinnar eru Kúrdar. Helstu leiðtogar þeirra segjast eingöngu vilja halda sjálfræði sínu en margir Kúrdar vilja fullt sjálfstæði. Áður en flugbannssvæðum yfir Kúrdistan var komið á eftir stríðið árið 1991 voru þúsundir Kúrda drepnar af hersveitum Saddams. 80 prósent þorpa þeirra voru eyðlögð.




Þrjátíu prósent Íraka eru súnníar en stór hluti þeirra er Kúrdar. Lengst af hefur Írak verið stýrt af súnníaröbum og þeim líst illa á að búa í landi sem sjíar stjórna, eins og talsverðar líkur eru á eftir kosningarnar. Stærstur hluti uppreisnarmanna í Írak er súnníarabar en þeir telja bráðabirgðastjórnina vera leppstjórn Bandaríkjanna.




Sjíar eru um sextíu prósent írösku þjóðarinnar og marga helgustu staði sjía er að finna í landinu. Sjíar voru kúgaðir á valdatíma Saddams en búist er við að þeir öðlist yfirburðastöðu að loknum kosningunum enda er búist við góðri kjörsókn úr þeirra röðum. Sjíar ráða lögum og lofum í Íran en við þá háði Saddam marga hildi.

**Ertu að fara í ferðalag?**

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!




Framandi matur, önnur flóra, óvenjulegir matmálstímar, annað hitastig, vökvatap - allt þetta getur sett meltinguna úr skorðum, truflað ónæmiskerfið, valdið magakveisu og vanlíðan. Dragðu úr áhættunni og taktu LGG+ með þér í ferðalagið, það hefur mikið mótstöðuafl.

www.ms.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



# Súkkulaði fyrir andlitið



**Karin Herzog er frumkvöðull á sviði virkra súrefniskrema fyrir andlit og líkama.**

**Nú kynnum við undrakremlínuna; Finest Chocolate Line.**



**Af hverju er súkkulaði svona gott fyrir húðina?**
Súkkulaði inniheldur mikið magn af efnum sem eru okkur nauðsynleg til góðrar húðumhirðu s.s.: járn, kalk, magnesíum, potassíum, vítamín A, B1, C, D og E. Kókó inniheldur auk þess mikið magn af afeitrandi efnum. Öll þessi virku efni í bland við súrefni gera súkkulaðikremin frá Karin Herzog virkari en önnur krem.
**Gerðu húðinni gott og fáðu þér súkkulaðikrem frá Karin Herzog!**

**ÞAÐ NÝJASTA OG HEITASTA Í SNYRTIVÖRU-HEIMINUM!**

Karin Herzog
*Finest Chocolate Line*

FABRIKAN

**KYNNING:**
Kynning verður á súkkulaðilínu Karin Herzog í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa dagana 27. janúar - 2. febrúar.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Þessi hækkun er algerlega óviðunandi, eins og margir sveitarstjórnarmenn hafa bent á.

## Verð á rafmagni til húshitunar

Um áramótin tóku gildi ný lög um raforkumál. Þessi lög hafa verið lengi í undirbúningi, og enn lengra er síðan reglur Evrópusambandsins, sem lögin byggja á, gengu í gildi. Meginatriði þeirra er að framleiðsla og dreifing raforkunnar má ekki vera á sömu hendi, þar þurfa að vera skýr skil á milli. Þess vegna var stofnað nýtt félag, Landsnet, sem á að sjá um dreifingu á raforku um allt land og kerfisstjórnun. Eigendur Landsnets eru Landsvirkjun, Rarik og Orkubú Vestfjarða og tilheyrir dreifikerfi það sem þessi fyrirtæki höfðu komið sér upp nú hinu nýja fyrirtæki. Það vekur athygli að stór orkufyrirtæki sem hafa verið að hasla sér völl utan sinna hefðbundnu svæða, Orkuveita Reykjavíkur og Hitaveita Suðurnesja, eru ekki með í Landsneti.

Í umræðu seint á síðasta ári um hin nýju orkulög var því haldið fram, bæði af iðnaðarráðherra og Orkustofnun, að ekki væri að vænta mikilla hækkana á raforku með gildistöku hinna nýju laga og tilkomu Landsnets. Annað hefur komið á daginn á ákveðnum landsvæðum hjá þeim sem nota raforku til húshitunar. Þetta eru íbúar á hinum svokölluðu „köldu“ svæðum sem búið hafa við hæsta húshitunarkostnaðinn. Yfirleitt eru þetta íbúar í dreifbýli sem ekki eiga þess kost að hita hús sín með heitu vatni. Nefndar hafa verið mjög háar tölur varðandi hækkun hitunarkostnaðar hjá þessu fólki – og var hann þó ærinn fyrir. Þessi hækkun er algerlega óviðunandi, eins og margir sveitarstjórnarmenn hafa bent á eftir gildistöku laganna. Það er jafnframt furðulegt ef menn hafa ekki gert sér grein fyrir þessu þegar lögin voru sett. Íbúar á þessum svæðum máttu síst við því að húshitunarkostnaður hjá þeim hækkaði. Margir þeirra eru sauðfjárbændur sem búa við kröpp kjör og geta ekki veitt auknum kostnaði út í verðlagið. Þá kemur þetta illa við garðyrkjubændur, fiskeldisstöðvar og fleiri sem eru með rekstur á landsbyggðinni.

Þessi lagasetning vekur upp spurningar um það hvort við þurfum að taka allt hrátt upp sem samþykkt er í Brussel. Þótt við séum með viðskiptasamning við Evrópusambandið, er þá sjálfgefið að við tökum sjálfkrafa allt upp sem þar er ákveðið? Íslendingar eru með fjölmennt lið stjórnarerindreka í Brussel sem eiga að fylgjast með því sem þar er að gerast. Var ekki hægt að fá undanþágu fyrir okkur vegna þessa máls? Það er eilíflega verið að semja um undanþágur á alls konar reglum innan sjálfs Evrópusambandsins og því ekki fyrir okkur? Eru íslensku stjórnarerindrekarnir í Brussel nógu vel á verði?

Þá er það líka umhugsunarvert að Landsnet er í eigu þriggja stórra raforkufyrirtækja, sem hljóta að hafa hagsmuna að gæta í framleiðslu, sölu og dreifingu á raforku. Var ekki markmiðið með lagasetningunni að aðskilja framleiðslu og dreifingu? Svo þegar upp er staðið er þetta allt meira og minna tengt og í eigu þeirra sömu.

Væntanlega fást skýr svör við þessum málum á Alþingi í dag, jafnframt því að upplýst verði hvernig bættur verði hlutur þeirra á landsbyggðinni sem nota rafmagn til upphitunar. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Moore á Skjá einum

Kvikmyndagerðarmaðurinn Michael Moore, sem þekktur er fyrir beinskeytta pólitíska ádeilu frá vinstri í verkum sínum, á ekki síður fjölmarga aðdáendur hér á landi en á heimaslóðum vestanhafs. Nú ætlar Skjár einn að gera út á þessar vinsældir og tekur í byrjun febrúar til sýningar nokkra gamla sjónvarpsþætti Moore sem sýndir voru undir heitinu „The Awful Truth“.

### Stytting náms

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur verið gagnrýnd fyrir að láta ekki nægilega til sín taka á málefnasviði ráðuneytisins. Rúmt ár er liðið síðan hún tók við embætti og ekki hefur sést til neinna stórra mála eða ákvarðana á þeim tíma sem liðinn er. Spurt hefur verið: Hvar eru stefnumálin? Hvar eru frumvörpin? Nú virðist sem ráðherrann ætli að reka af sér slyðruorðið með myndarlegum hætti á yfirstandandi vorþingi, með frumvarpi um framhaldsskóla sem áreiðanlega á eftir að verða tilefni mikilla umræðna og líklega deilna. Að undanförnu hefur Þorgerður Katrín ferðast á milli framhaldsskóla landsins til að kynna skýrslu nefndar um styttingu náms til stúdentsprófs um eitt ár. Telja flestir að það sé undanfari væntanlegs frumvarps um sama efni.



### Í stúdentapólitík?

Þó að mikill meirihluti háskólastúdenta sé um tvítugt eða á þrítugsaldri er æ algengara að þeir sem eldri eru stundi háskólanám. Og ekkert er því til fyrirstöðu að þessir eldri stúdentar taki þátt í félagslífinu eins og hinir yngri. Sigursteinn Másson, fyrrverandi fjölmiðlamaður, sem er kominn vel á fertugsaldur, stundar nú nám við félagsvísindadeild HÍ og skipar heiðurssæti á framboðslista Röskvu, lista félagshyggjufólks við stúdentaráðskosningarnar sem fram undan eru. Þetta hefur vakið upp þá spurningu hvort vænta megi þess að fleiri eldri stúdentar feti í fótspor Sigursteins, t.d. Pétur Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómari, Kristján Pálsson, fyrrverandi alþingismaður, Edda Andrésdóttir fréttaþula eða Elín Hirst fréttastjóri, svo nokkrir þjóðkunnir stúdentar séu nefndir.

gm@frettabladid.is

## Færeyjar þurfa sjálfstæði

Sterkustu rökin í sjálfstæðisbaráttu Íslands voru efnahagsrök: Þau voru hryggjarstykkið í baráttu Jóns Sigurðssonar við dönsku nýlendustjórnina og þeirra manna, sem stóðu við hlið hans og studdu hann, og einnig hinna, sem tóku upp merki Jóns forseta að honum látnum. Rökin voru þessi: sjálfs er höndin hollust. Danmörk er of langt í burtu, sögðu þessir menn, og það er Dönum þess vegna um megn að lyfta því Grettistaki, sem þarf til að hefja Ísland upp úr fátækt fyrri alda. Það geta engir gert aðrir en Íslendingar sjálfir. Þannig hugsuðu Valtýr Guðmundsson, Hannes Hafstein, Einar Benediktsson og þeir aldamótamenn aðrir, sem mest kvað að í sjálfstæðisbaráttu Íslands. Reynslan hefur sýnt, að þeir höfðu á réttu að standa.

Sjálfstæðisbarátta Færeyinga tók aðra stefnu á 20. öld. Annar tveggja helztu stjórnmálaflokka eyjanna, Sambandsflokkurinn, barðist og berst enn gegn sjálfstæði Færeyja. Sambandsmenn telja, að Færeyjum sé bezt borgið í óbreyttu ríkjasambandi við Danmörku. Það er ekki sízt þeirra verk, Sambandsmanna, að Færeyingar hafa ánetjazt fjárhagsaðstoð Dana – aðstoð, sem átti mikinn þátt í að steypa færeysku efnahagslífi í djúpa kreppu 1989-1994. Aðrir hafa óskað eftir auknu sjálfstæði, og þeim hefur vaxið ásmegin undangengin ár. En Danir taka sjálfstæðiskröfurnar ekki alvarlega, og þeir hafa það fyrir sér, að færeyska þjóðin er enn sem fyrr þverklofin í afstöðu sinni til málsins.

Núverandi fyrirkomulag ríkjasambandsins milli Danmerkur og Færeyja meinar Færeyingum að gerast aðilar að alþjóðasamtökum á eigin spýtur. Þetta er skiljanlegt, úr því að Færeyjar eru hluti danska konungdæmisins. Ýmsum Færeyingum hefur að undanförnu þótt það heldur lakara að geta ekki á eigin vegum gengið t.d. í Sameinuðu þjóðirnar til jafns við ýmis önnur fámenn eyríki víðs vegar um heiminn. Færeyingum hefur þó ekki fundizt breyting á þessu fyrirkomulagi vera knýjandi, þar eð aðild Færeyja að SÞ myndi ekki breyta miklu um afkomu eyjanna, a.m.k. ekki í bráð.

Í DAG
FÆREYJAR



ÞORVALDUR GYLFASON

> Æ fleiri Færeyingar gera sér grein fyrir því, að þeir geta ekki verið þekktir fyrir að halda áfram að þiggja fjárhagsaðstoð af Dönum: þeir skilja, að Danir ættu heldur að styðja fátæk þriðjaheimslönd til sjálfshjálpar.

En bíðum við. Núverandi fyrirkomulag ríkjasambandsins meinar Færeyingum með líku lagi að ganga inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, enda þótt Færeyjar gætu verið í Evrópusambandinu eins og Danmörk. Þetta er stórmál, úr því að reynslan sýnir, að EES-samningurinn hefur skipt sköpum fyrir Íslendinga síðan 1994. EES-samningurinn er höfuðuppspretta þeirrar uppsveiflu, sem hefur riðið yfir íslenzkt efnahagslíf undangenginn áratug. Það kostar Færeyinga mikið fé að eiga ekki kost á að fylgja dæmi Íslendinga og gerast aðilar að samningnum með öllu því hagræði, sem í því felst. Málið þolir í rauninni ekki öllu lengri bið, eins og allt er í pottinn búið. Færeyingar þurfa því sjálfstæði, án frekari tafar – af fjárhagsástæðum.

Setjum nú svo, að meiri hluti Færeyinga fallist á þetta sjónarmið. Hvað gera Danir þá? Þeir ættu að réttu lagi að sjá sér hag í að koma til móts við sjálfstæðisóskir Færeyinga. Með því að hætta að flækjast fyrir myndu Danir hjálpa Færeyingum að standa á eigin fótum, án styrkja. Þetta er grundvallaratriði. Æ fleiri Færeyingar gera sér grein fyrir því, að þeir geta ekki verið þekktir fyrir að halda áfram að þiggja fjárhagsaðstoð af Dönum: þeir skilja, að Danir ættu heldur að styðja fátæk þriðjaheimslönd til sjálfshjálpar. Árlegt fjárframlag Danmerkur til Færeyja hefur numið 10% af landsframleiðslu Færeyinga undangengin ár, og þeir þurfa því að vera vel í stakk búnir til að mæta svo miklum fjármissi. Danir ættu því að greiða götu Færeyja inn á Evrópska efnahagssvæðið í stað þess að vera þeim Þrándur í Götu.

Einn hópur manna mun trúlega berjast gegn þessari lausn málsins og þá um leið gegn sjálfstæði Færeyja: færeyskir útvegsmenn. Þeir hafa haft tögl og hagldir í efnahagslífi landsins um langt skeið. Vandi þeirra er þessi: ef færeyskt efnahagslíf vex og dafnar, þá minnkar hlutdeild sjávarútvegsins í atvinnulífinu, af því að fiskurinn í sjónum er föst stærð. Ör hagvöxtur í krafti aðildar að EES mun smám saman svipta þá völdum eins og raunin hefur orðið á Íslandi. Enginn hefur þó tekið undir fráleitar hugmyndir þess efnis, að Íslendingar hugleiði nú að segja EES-samningnum upp, ekki einu sinni LÍÚ. ■

Súr hvalur
Harðfiskur að vestan
og hákarl frá Bjarnarhöfn
Stór humar
og risarækjur
opið laugardaga frá 10-14.30
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70



SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# F2

4. TBL. 2. ÁRG. 27. 1. 2005

# Ingibjörg Sólrún

Ætlar ekki að sitja á varamannabekknum

## Hnakkarnir hertaka rokklúkkið

## Eftirlaunafrumvarpið

**Stríðshanskanum var kastað**

Stephan Stephensen og Jóhann Jóhannsson ■ Göturnar í lífi Eddu Sverrisdóttur í Flex ■ Skíðað niður Kaldbak
Pönk/diskó á bók ■ Matgæðingurinn Nanna Rögnvaldardóttir ■ Franskur klassíker

# Þetta og margt fleira


**02** Arnaldur leggur Þýskaland að fótum sér

**04** Rafmögnuð Hvalfjarðargöng

**06** Göturnar í lífi Eddu Sverrisdóttur

**08** VIÐTAL
**Er tilbúin**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ræðir við Sigríði D. Auðunsdóttur





**10** ÚTTEKT
**Þingmenn gerast yfirstétt**
Guðmundur Hörður Guðmundsson skoðar nýleg eftirlaunalög Alþingis

**12** Hnakkarnir hnupla hráa stílnum: Allir vilja vera rokkarar

**14** Jón Reykdal myndlistarmaður gefur uppskrift að frönskum klassíker

**16** 3 dagar: Það sem ber hæst um helgina

**18** Pönkarar og diskóliðið í sömu bókinni og Loftvog frægðarinnar






**F2** alltaf í Fréttablaðinu á fimmtudögum.

**Útgefandi**
Frétt hf.

**Ritstjórn**
Jón Kaldal

**Höfundar efnis í þessu hefti**
Borghildur Gunnarsdóttir, Freyr Bjarnason, Freyr Gígja Gunnarsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Kristján Hjálmarsson, Marta María Jónasdóttir og Sigríður D. Auðunsdóttir.

**Ritstjórn, auglýsingar og dreifing**
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík
Aðalsími: 550 5000
Netfang: f2@frettabladid.is

**Auglýsingar** Auglýsingadeild Fréttablaðsins, Jón Laufdal, Einar Logi Vignisson, Ólafur Brynjólfsson.

**Forsíðan**
Ingibjörg Sólrún, sjá viðtal bls. 8.
Ljósmynd: Hari


Verður ekkert af komu U2 til Íslands?

# Landið ekki á listanum

Ísland er ekki á listanum, það er að segja yfir þau lönd sem eitt stærsta rokkband heimsins, U2, ætlar að heimsækja og spila fyrir. Hljómsveitin gaf í fyrra út diskinn *How to Dismantle an Atomic Bomb* og var sveitin nýverið tilnefnd til þriggja Grammy-verðlauna fyrir lagið Vertigo.

Samkvæmt tónleikaskipulagi hljómsveitarinnar sem birtist á heimasíðu hennar, er ekki áætlað að hún komi hingað til landsins eins og vonir stóðu til. Hvorki Ingvar Sverrisson né Kári Sturluson sem heyrst hefur að hafi reynt að fá sveitina hingað til lands vildu láta neitt eftir sér hafa.

U2 verður í Skandinavíu í endaðan júlí og spilar meðal annars í Ósló 27. júlí og Parken í Kaupmannahöfn 31. júlí sem hefði verið tilvalinn tími til þess að koma hingað en tónleikaplanið er nokkuð þétt hjá hljómsveitinni, og erfitt verður að troða eins og einni Íslandsför, þar inn. Reyndar myndast smá hola, þegar hljómsveitin lýkur tónleikaferð sinni í Bandaríkjunum og í ljósi þess að margir tónlistarmenn hafi áður millilent hér, skyldi ekki útiloka alla möguleika á komu írsku risana þótt þeir fari óneitanlega dvínandi.



**Bono og félagar í U2**
„Samkvæmt heimasíðu hljómsveitarinnar gerir hún ekki ráð fyrir að stoppa hér á landi“

Arnaldur malar gull

# Napóleonsskjölin í annað sætið

Velgengni sakamálahöfundarins Arnalds Indriðasonar virðist engan endi ætla að taka. Ekki er nóg með að nýjasta bók hans, *Kleifarvatn*, hafi slegið Íslandsmet í sölu, heldur eru *Napóleonsskjölin* búin að koma sér fyrir í öðru sæti þýska kiljulistans. Bókin sem kom út fyrir tveimur vikum síðan, og skaust þá beint í 25. sætið, er nú hástökkvari vikunnar.

Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur höfundur eða bók kemst svo hátt á þýska listanum, en bókin segir frá flugvélabraki sem finnst á Vatnajökli og atburðarrás í kringum það, og kemur meðal annars bandaríski herinn mikið fyrir í bókinni.




**Gletcher Grab**
Betur þekkt sem Napóleonsskjölin selst gífurlega vel í Þýskalandi.

Fyrsta upplagið var gefið út í 120 þúsund eintökum, og selst hún það vel, að önnur prentun er nú komin í gang, en þá verður hún gefin út í 35 þúsund eintökum. Þess má til gamans geta, að þegar Napóleonsskjölin komu fyrst út hér á landi, þá seldist hún einungis í 900 eintökum, þannig að margt vatn hefur runnið til sjávar síðan. Bókin hefur einnig verið að fá frábæra dóma í Þýskalandi, og mörgum gagnrýnendum finnst hún vera jafnoki hinnar margverðlaunuðu bókar Peters Høeg, *Lesið í snjóinn*.

Þjóðverjar virðast kunna vel að meta bækur Arnalds, því hann á einnig fyrra metið, en bókin *Grafarþögn* komst í sjöunda sæti listans í fyrra. Síðar á þessu ári munu koma út fjórar bækur eftir Arnald, þar á meðal *Kleifarvatn* sem Þjóðverjar gleypa örugglega við, enda gerist bókin að nokkru leyti í gamla Austur-Þýskalandi.

En það er ekki nóg með að Arnaldur sé að leggja undir sig glæpasögumarkað Þýskalands, því Grafarþögn hefur verið að fá frábæra dóma í dönskum blöðum og situr hún í sjötta sæti á danska listanum. Þá er og einnig búið að selja kvikmyndaréttinn að bæði Napóleonsskjölunum og Mýrinni.



**Arnaldur Indriðason**
Gerir það gott bæði í Þýskalandi og Danmörku


SKIPT_um gír
JANÚARTILBOÐ Á NISSAN

NISSAN

SKIPT_um væntingar



NISSAN X-TRAIL
TILBOÐSVERÐ 2.990.000 kr. 34.653 kr. á mán.*

150.000 kr. AUKAHLUTAPAKKI

Dráttarbeisli og vetrardekk fylgja öllum Nissan X-Trail jeppum sem keyptir eru í janúar 2005.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is


# F2 velur

**Morgunmatur:** Njóttu þess að sofa út, það gefur hraustlegt útlit og aukna krafta. Þegar þú vaknar skaltu leggja leið þína á Gráa köttinn og fá þér beyglu með túnfisksalati og sterkan kaffi latte. Það er himneskt.

**Íþróttir:** Dragðu vin eða maka með þér á dansnámskeið og njóttu þess að svífa í örmum hans um gólfið. Þegar heim er komið getið þið haldið áfram að æfa ykkur. Við fótamenntina brennið þið fullt af kaloríum og hafið gaman af.

**Kvikmyndin:** Nýja myndin með Nicole Kidman, Birth, lofar góðu og væri ekki úr vegi að skella sér á hana. Sérstaklega ef þú hrífst af yfirnáttúrulegum hlutum.



**Sjónvarpið:** Komdu þér vel fyrir fyrir framan sjónvarpið á sunnudagskvöldið. Byrjaðu á því að poppa upp á gamla mátann og fáðu þér sódavatn með. Byrjaðu á að horfa á Sjálfstætt fólk með Jóni Ársæli. Þar á eftir skaltu kíkja á Cold Case og svo er gott að enda sjónvarpsglápið á Twenty Four.





**Drykkur:** Losaðu líkamann við öll aukaefni og hreinsaðu líkamann að innan með Suttungamjöður frá Jurtaapótekinu. Duftinu er blandað í heitt vatn og drukkið eins og te. Eftir tvær vikur áttu að finna verulegan mun á þér og líða miklu betur.






**Afþreying:** Að spila á spil er alltaf jafn góð afþreying. Sláðu upp kleppara-keppni í góðra vina hópi meðan þið gæðið ykkur á krembrauði og appelsíni í flösku.

**Matreiðslan:** Hugsaðu um heilsuna og eldaðu hollan skyndibita heima fyrir. Settu rauða spagettisósu út á speltpasta og hafðu nóg af klettasalati til hliðar. Þetta er alveg herramannsmatur og tekur ekki meira en tíu mínútur að útbúa.


Allt að 90% lán á nýjum bílum
www.s24.is
í góðum gír
á betri vöxtum
með S24 netbílalán
Hagstæðir vextir 9,0%
• Lántökugjald aðeins 0,9%
• Lán til allt að 7 ára (84 mánaða)
• Hægt að fá kostnað lánaðan
• Hægt að greiða inná lánið hvenær sem er
• Engin lágmarksupphæð
• Léttari greiðslubyrði
• Óverðtryggðir og breytilegir vextir
Vertu viss um að þú sért að hagnast
á þínum bankaviðskiptum...
S24 ...og þú hagnast
Sæktu um lán... www.s24.is Sími 533 2424 – Kringlan
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
S24 er sjálfstæð rekstrareining innan Sparisjóðs Hafnarfjarðar

# Hvernig má fegra Reykjavík?

Reykjavík þykir ekki sérlega fögur borg. Hvað er til ráða?

### Endurheimta gömul torg



**Trausti Valsson**
Arkitekt og skipulagsfræðingur.

Það er mikið hægt að velta þessu fyrir sér. Það myndi fegra borgina mikið hvað mannlíf varðar ef aðstaða fyrir börn á grænum svæðum væri aukin og jafnvel bætt við listaverkum. Mér finnst grænu svæðin í borginni svolítið dauf. Svo mætti endurheimta falleg torg í gamla bænum eins og Óðinstorg og Vitatorg undan bílastæðum. Áður blómstraði mannlífið á þessum torgum en þau misstu mikinn sjarma þegar þau voru malbikuð.

### Stjórnmálamenn hugsi um áhrif gjörða sinna



**Steve Christer**
Arkitekt á Studio Granda.

Hún yrði enn fallegri ef hún væri þéttari og minna háð bílum. Allt það land sem nú fer undir bílastæði gæti orðið fallegur borgarskógur sem minnkaði vindhraða og mýkti ásýnd hins manngerða umhverfis. Nýjar byggingar ættu að taka mið af byggingarefnum sem fyrir eru. Úrslitaatriði er að stjórnmálamenn hugsi um áhrif gjörða sinna lengra fram í tímann en næstu kosningar og framkvæmdaraðilar verða að hafa annað markmið en að hámarka fermetra og ágóða. Reykjavík er afurð íbúanna. Ef þeir bera virðingu fyrir borginni og sýna henni áhuga og metnað mun það allt endurspeglast í enn fallegri borg.

### Varðveitum sérkennin



**Steinunn Valdís Óskarsdóttir**
Borgarstjóri í Reykjavík.

Með skipulagi sem varðveitir sérkenni borgarinnar og þess mannlífs sem hún fóstrar, en leyfir karakter Reykjavíkur líka að þróast. Þannig gætum við söguunnar en erum jafnframt meðvituð um að við erum þátttakendur í sögunni, ekki bara áhorfendur. Fegurð mannlífsins í borginni fer svo eftir fólkinu. Með því að búa vel að íbúunum og skipa óskum þeirra og þörfum í öndvegi geta borgaryfirvöld lagt lóð á vogarskálar fagurs mannlífs í Reykjavík.

# Húmor og hárfroða

Kyntáknin **Frosti Reyr Rúnarsson**, sem nýlega var valinn kynþokkafyllsti maður Íslands, og **Hugrún Harðardóttir**, núverandi Ungfrú Ísland, völdu sér þrjá hluti sem þau vilja seint missa.



Frosti Reyr Rúnarsson var nýlega krýndur kynþokkafyllsti maður Íslands af hlustendum Rásar 2. Auk þess að vera tákn karlmennsku og kynþokka er hann verðbréfamiðlari í KB banka. Frosti Reyr valdi þrjá ómissandi hluti.



**Húmorinn** Það er lykillinn að góðu lífi að hafa gaman að því og gerir allt svo miklu auðveldara. Það skiptir mig ekki síður máli að fólkið í kringum mig hafi húmor og geti tekið gríni. Húmorinn er mér því gríðarlega mikilvægur.



**Kók** Kókið er bara eins og fíkniefni og maður verður háður þessu. Ég hugsa að litlu glerflöskurnar skori hæst og það er ekkert betra en að fá sér eina litla kalda. Ég segi kannski ekki að ég drekki kók á hverjum degi en mér finnst það samt algerlega ómissandi.



**Fótboltinn** Þetta er aðalmálið þegar viðkemur íþróttaiðkun hjá mér, að sprikla í bumbubolta alla daga. Auk þess er þetta vinsælasta sjónvarpsefnið svo það fer í rauninni talsverður tími í boltann. Ég held með Liverpool en á yngri árum spilaði ég með Skallagrími í Borgarnesi svo þeir eru líka mínir menn.



Hugrún Harðardóttir er núverandi fegurðardrottning Íslands. Hún fór til Kína í desember þar sem hún tók þátt í Miss World keppninni. Núna er hún á fullu að vinna á hárgreiðslustofu á Selfossi auk þess sem hún er að koma sér fyrir í nýrri íbúð. Hugrún valdi þrjá hluti sem hún vildi ekki missa.



**Minnisbókin** Ég er nú bara þannig að ef ég skrifa hlutina ekki niður þá man ég þá einfaldlega ekki. Það er því algerlega nauðsynlegt fyrir mig að hafa minnisbókina mína á mér því það er oft frekar margt sem ég þarf að koma í verk. Minnisbókin er nauðsynleg.



**Hárfroða** Ég er með mjög krullað hár og ef ég læt ekki froðu í hárið á mér þá lít ég út eins og Tina Turner. Ég set froðu í hárið í hvert skipti sem ég þvæ það. Ef ég leyfi því að þorna án þess þá er það úti um allt og ég myndi ekki fara þannig út úr húsi.



**Síminn minn** Ég verð að nefna símann því þótt ég hafi aldrei verið svona símamær sem hangir í símanum og kjaftar þá er hann búinn að bjarga mér að undanförnu. Þegar ég var svona mikið í burtu þá var það síminn sem gerði mér kleift að heyra í mínum nánustu og þá fann ég smá hlýju í hjartanu á ferðalögunum.

Tónlistarmennirnir Stephan Stephensen og Jóhann Jóhannsson sýna í Safni

# Elektrónísk Hvalfjarðargöng

**Stephan Stephensen**, sem er ef til vill þekktastur fyrir aðild sína að GusGus flokknum, og **Jóhann Jóhannsson** úr Apparat opna sýningu í nútímalistasafninu, Safni, Laugavegi 37, næsta laugardag.



**Hvalfjarðargöngin**
„Þetta verða ekki myndir af göngunum sjálfum í heild sinni.“

Myndir Stephans á sýningunni, sem ber nafnið *Air Condition*, skarta heldur óvenjulegu myndefni, en það eru sjálf Hvalfjarðargöngin og samanstendur sýningin af sex stórum myndum úr göngunum. Stephan segir það hafa verið einskæra tilviljun að hann hafi tekið myndir af göngunum. „Kærastan mín vildi að ég tæki myndir fyrir fyrirtæki í Borgarnesi, og þau urðu fyrir valinu.“ Hann segir að þetta sé svona hálfgerð micro rannsókn, og þetta eigi að vera meira heldur en augað nemi, þannig að þetta eru í raun ekki myndir af göngunum sjálfum í heild sinni en hann vill þó ekki gefa of mikið upp. „Fólk verður bara að mæta til þess að sjá hvað myndirnar sýna.“



**Stephan Stephensen**
„Þetta er svona hálfgerð micro rannsókn.“

Jóhann Jóhannsson úr Apparat ætlar að vera með sjónræna útfærslu á hljóðverki sínu *Virðulegir forsetar* en sýningin stendur til 27. febrúar.„Í rauninni er þetta fjölrása innsetning.“ segir Jóhann, en samnefnd plata hefur verið gefin út víða og fengið frábæra dóma. „Tilgangurinn er að sýna þessa tónlist eins og hún var hugsuð, sem ástand og umhverfi, sem fólk getur gengið inn í og upplifað.“ Hann segist þó ekki hugsa um sig sem myndlistarmann, heldur sé þetta ný leið til þess að spila tónlist. „Mér fannst eitthvað heillandi við að leyfa því að rúlla, búa til umhverfi sem fengi að standa í mánuð og fólk gæti heimsótt að vild.“Jóhann segist alltaf hafa haft gaman af því að blanda saman hinu sjónræna og tónlistinni svo að þessi sýning sé svona rúsínan í pylsuendanum.“ Þeir sem hafa gaman af Hvalfjarðargöngunum með elektrónísku ívafi ættu því ekki að láta sig vanta í Safn, næsta mánuðinn.



**Jóhann Jóhannsson**
„Það má kannski segja að þetta sé rúsínan í pylsuendanum.“






**Frá borginni minni** Kristján Ómar Björnsson nemi í Gautaborg

# Með allt á hreinu

Ég er búinn að vera búsettur hérna í Gautaborg í fimm ár, hef verið í námi á tónlistarbraut Gautaborgarháskólans. Áður en ég kom, var eins og eitthvað segði mér að Svíar væru fordómafullir en svo komst ég auðvitað að því að borg eins og Gautaborg á sér langa sögu í viðskiptum og alþjóðasamskiptum. Ég var snoðaður einhverjum mánuðum áður en ég flutti en passaði mig á því að láta mér vaxa hár – hélt að það gæti verið eitthvað bögg annars en það kom auðvitað í ljós að það örlar ekki á neinu slíku hérna. Svíarnir eru í raun alveg eins og bjóst við þeim, með allt á hreinu – nánast aðeins of mikið á hreinu. Skjaldarmerki borgarinnar er ljón, en hún liggur á vesturströnd Svíþjóðar, þar sem áin Göta Älv rennur út í Kattegat. Skerjagarðurinn fyrir utan höfnina er einkar skemmtilegur með hundruðum smáeyja. Á veturna er hér margt um að vera en helst verður að nefna Gautaborgar kvikmyndahátíðina, sem er í janúar og febrúar. Þá fyllast öll bíóhúsin hér af gæðakvikmyndum. Á sumrin er sérlega sniðugt að skella sér í skrölterð með sporvagni númer ellefu, niður til Saltholmen og hoppa þar yfir í einhvern af bátunum sem sigla milli byggðu eyjanna í skerjagarðinum. Þar sem bátarnir eru hluti af almenningssamgöngum í Gautaborg er hægt að nota sporvagnamiðann sem skiptimiða í bátana og þar með fá skemmtisiglingu um skerjagarðinn fyrir aumar 20 krónur. Lífið í eyjunum þarna er sérstakt, þar sem engir bílar eru og allar komast leiða sinna gangandi eða á skellinöðrum, og hafa verið sagðar sögur af hörðustu eyjaskeggjunum sem hafa ekki kvatt eyjuna sína í 50 ár. Á sumrin er því tilvalið að kippa með sér handklæði, sundskýlu og ferskum sænskum jarðarberjum og finna klett eða sker til þess að sleikja sólina á.



**Sporvagnarnir eru eitt af táknum Gautaborgar.**


BURBERRY
BRIT
A NEW FRAGRANCE FOR MEN
© BURBERRY LIMITED 2004 WWW.BURBERRY.COM

# Áhrifavaldurinn

## *Hæfileikalausasti maður veraldar*




**Áhrifavaldur Dodda** er Ringo Starr, fyrrverandi trommari Bítlanna.

Áhrifavaldur útvarpsmannsins Dodda litla er Bítillinn fyrrverandi Ringo Starr. „Hann kenndi okkur þessum hæfileikalausu að við getum samt gert eitthvað í lífinu. Það eina sem maður þarf er að ná sér í fína vini og þá getur maður náð langt sjálfur," segir Doddi og minnist þess er Ringo var valinn hæfileikalausasti maður veraldar miðað við hvað hann komst langt. Hann segir að trommuleikur Ringo hafi ekki verið hans sterkasta hlið. Nefnir hann sem dæmi hversu illa honum hefur gengið á sólóferli sínum eftir að hann hætti í Bítlunum. „Ég man ekki hvað ég var gamall þegar ég sá þessa kosningu en hann gaf mér von. Ég hef lifað svolítið eftir því hvernig hann hafði lifibrauð sitt; með því að hafa eins lítið fyrir hlutunum og hægt er."


ALVÖRU ÚTSALA

Fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Eldhúsrúllur 28 rl
Verð nú aðeins 1200 kr/pk

WC pappír 48 rl
Verð nú aðeins 1200 kr/pk




Milli þurrkupappír
Mini þurrkupappír



Ótrúlegt tilboðsverð



Miðaþurrkur
Ótrúlegt tilboðsverð

Arinkubbur
3 lb. 6 í pk.
Verð áður 1.512 kr.
Nú aðeins 995 kr.
6 lb. 6 í pk.
Verð áður 2.457 kr.
Nú aðeins 1.395 kr.




ELLINGSEN
GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500
Opið virka daga 8-18, laugardag 10-16


**Göturnar í lífi** Eddu Sverrisdóttur



# Forréttindi að vera Íslendingur

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**Edda Sverrisdóttir eigandi Flex**
Bjó milli hommahverfisins og mexíkóska hverfisins í San Fransisco.

Það er óhætt hægt að segja að **Edda Sverrisdóttir**, eigandi verslunarinnar *Flex*, hafi pínulítið flökkueðli í sér. Hún er þó búin að koma sér þægilega fyrir á Bergstaðastrætinu í Reykjavík þar sem stutt er í vinnuna og henni finnst í raun hvergi betra að búa en í stærsta bæ heims, Reykjavík.

**Eyrargata, Siglufirði 1953 til 1955**
Ég man ekkert eftir mér við þessa götu eða eftir neinu spennandi sem hefur þó örugglega verið fyrir hendi.

**Laugavegur, Siglufirði 1955 til 1961**
Þetta var á þeim tíma, þegar síldin var enn fyrir hendi og þegar ekki var verið að veiða, þá lágu nótabátarnir upp í fjöru. Þetta voru tilvaldir leikstaðir. Eiginlega má segja að leikvöllurinn okkar krakkanna hafi náð frá bryggju og upp í fjall. Það þótti mjög spennandi að hoppa niður af annarri hæð, þar sem við bjuggum, niður í snjóinn á veturna, en við áttum líka til að hoppa þar niður á sumrin, ef mikið lá við. Þetta var einstaklega skemmtilegur tími og Siglufjörður er skemmtilegur bær þar sem er gaman að vera krakki. Frelsið og geta hlaupið frá Hvaleyrarskál og niður í fjöru.

**Álfhólsvegur, Kópavogur 1961 til 1963**
Þetta er beint fyrir neðan álfhólinn, sem olli þessari sveigju á veginum, enda vildu menn ekki styggja álfana. Við börnin gleyptum að sjálfsögðu við þessu og lékum okkur aldrei uppi á hólnum. Bárum óttablandna virðingu fyrir þeim. En lékum okkur á túninu, þar sem nú er skóli. Hann var kallaður „hruni" vegna þess að þeir sem byggðu hann fiktuðu eitthvað við hólinn og í kjölfarið hrundi veggur. Að sjálfsögðu voru álfarnir þar að verki. Þetta svæði, þar sem núna eru Hjallarnir, var á þeim tíma móar og tún. Við fórum því oft með nesti í poka og mjólk í flösku þangað. Þarna var líka lakkrísgerð og fiskvinnsla og þótti vinsælt að fara í lakkrísgerðina og fá enda fyrir tíkall.

**Borgarholtsbraut, Kópavogur 1963 til 1972**
Það var frábært að búa þar og mesta skemmtunin var að fara í nýreistu sundlaugina, maður var eiginlega í sundlauginni allan þann tíma sem gafst. Og svo Kirkjuholtið en þar urðum við að passa okkur á flottustu og stærstu steinunum, því það lá aldrei neinn vafi á því í okkar huga að þar bjuggu álfar. Fullvissa okkar var engin hjátrú, heldur blákaldur sannleikur. Það bjuggu álfar í steinum og gera líklega enn.

**Laugavegur, Reykjavík 1972 til 1975**
Ég tók ekki neinu ástfóstri við eina sérstaka íbúð á Laugaveginum og bjó því á þremur mismunandi stöðum þar. Reykjavík var á þessum tíma ekkert meira en lítið þorp og þessi stórborgarkomplex ekki kominn til sögunnar.

**Italiensvej, Kaupmannahöfn, 1975 til 1980**
Frá Laugaveginum fluttist ég, eins og svo margir Íslendingar til Kaupmannahafnar, en þó ekki til þess að fara til náms, heldur var ég að elta strák. Þetta var á þeim tíma þegar Kaupmannahöfn hafði ennþá sinn sjarma, og var ekki orðin samlituð þessum stóru evrópsku borgum. Ég var að vinna, og þá helst í veitingahúsageiranum, Kaffi Sommersko og Kaffi Dan Turrell sem er nefnt eftir þekktum rithöfundi. Þá vann ég líka hjá Saga Mink og á auglýsingastofu. Ég var samt sem áður mest viðloðandi veitingahúsaiðnaðinn á þessum tíma.

**Ramona street, San Fransisco, 1980 til 1985**
Þetta er pínulítil gata í hinni ákaflega fögru borg, San Fransisco. Helsti sjarmi hennar er að hún er „lítil og fámenn" en ákaflega fjölbreytt. Hún er mjög auðveld, ekki þung og erfið eins og svo margar stórborgir eru. Auðvelt að komast á milli, sem ég var vön frá Kaupmannahöfn. Þá fann ég líka fyrir árstíðunum af því að borgin er svo norðarlega, kaldara á veturna, heitt á sumrin. Fjölbreytileikinn heillaði þó sýnu mest, og hverfin í borginni voru af öllum toga, hommahverfi, kínahverfi, sænskt hverfi, svertingjahverfi og japanskt hverfi. Ég bjó mitt á milli hommahverfisins og mexíkóska hverfisins, en því hallaði þó meira til mexíkóska helmingsins. Bandaríkjamenn eru ólíkir okkur Evrópubúum, þeir eru mjög sjálfhverfir og eru ekki mikið að spá í hvað er að gerast fyrir utan þeirra eigin nafla. Svo að vinahópurinn varð suður-amerískur og evrópskur

Að fara milli hverfa í San Fransisco er eins og að ferðast milli margra mismunandi landa. San Fransisco er þó borg sem þú flyst til í stuttan tíma og ferð svo. Ég var reyndar svo heppinn að kynnast einum, sem var innfæddur San Francisco búi, alinn upp í því fræga hippahverfi Heigth Asburry og hann hafði kynnst öllu mögulegu og sagði meðal annars að Janis Joplin hefði bara verið fullur og feitur hippi.

Eyrargata
Laugavegur, Siglufirði
Álfhólsvegur
Borgarholtsbraut
Laugavegur, Reykjavík
Italienvej
Ramonastreet
Þingholtsstræti
Borgarholtsbraut
Bergstaðastræti

**Þingholtsstræti, Reykjavík, 1985 til 1986**
Þarna bjó ég í rúmt ár, og þetta var bara mjög fínt. Við bjuggum þrjú til fjögur í ágætis timburhúsi, sem var bæði hæð og ris. Þetta var áður en kaffihúsa- og djammmenningin varð til eins og hún er í dag og við höfðum bara um Borgina að velja og örfáar bjórlíkiskrár.

**Laugavegur, Reykjavík, 1986 til 1995**
Við bjuggum þarna, eiginlega í fyrsta skipti lengur á sama staðnum en í fimm ár. Þetta voru miklir breytingartímar í Reykjavík, og þarna breyttist hún úr því að vera þorp með félagsheimili, yfir í að vera bær með stórborgarkomplex.

**Borgarholtsbraut, Kópavogur, frá 1995 til 2003**
Við vorum fengin til að passa þarna íbúð, í skamman tíma, en ílengdumst í átta ár. Sonur minn byrjaði að ganga í skóla á þessum tíma.

**Bergstaðastræti, Reykjavík, frá 2003 til -**
Ég myndi nú ekki segja að ég hefði fundið staðinn minn núna, og vill ekki útiloka eitt eða neitt. En okkur líður mjög vel hérna í Þingholtunum og erum kominn aftur í þessa þorpsstemmningu. Ég þekki fólkið í öðru hverju húsi, fer í bakaríið á morgnana og það er þægilegt að vita af menningunni og næturröltinu hér skammt frá, en vera ekki alveg ofan í því. Svo er mér líka meinilla við að endurtaka mig, og taka upp eitthvað sem ég gerði þegar ég var yngri.


Þegar það er kominn tími
til að koma sér í form...
Áttu aðeins skilið það besta!
Fáðu þér Myoplex!
Njóttu bragðsins, finndu muninn!
Myoplex
ORIGINAL
EAS
No.1 í íþróttanæringu.
Það er ekki nóg að æfa. Þú þarft einnig að borða rétt!
Myoplex máltíðardrykkir og æfingar hjálpa þér að byggja upp heilbrigðan og hraustan líkama. Með Myoplex getur þú borðað reglulega hollar og rétt samsettar máltíðir. Myoplex inniheldur aðeins fyrsta flokks hráefni m.a. hágæða prótein, orkurík kolvetnasambönd, 50% RDS af vítamínum og steinefnum, og er snauður af hitaeiningum, fitu og sykri.
Myoplex vörur styðjast við vísindalegar rannsóknir og eru notaðar af þúsundum Íslendinga á hverjum degi.
Kynntu þér yfirburði Myoplex strax í dag. Hringdu í síma 555-2866 (EAS deild) eða farðu á www.eas.is
EAS™
Líkami fyrir LÍFIÐ
ÁSKORUN
Þú færð EAS Myoplex m.a. í apótekum, heilsuræktarstöðvum, Hreysti, Heilsuhúsinu og Fríhöfn.

# ÉG ER TILBÚIN

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir** segir að tími sé kominn til að leiða Samfylkinguna inn í næsta skeið og að hún sé tilbúin að taka það að sér. Hún segir *Sigríði D. Auðunsdóttur* að markmið Samfylkingarinnar ætti að vera það eitt að hafa forystu í næstu ríkisstjórn.

„Það er enginn pólitískur ágreiningur milli okkar Össurar, við erum í sama flokki. Í þessari kosningu er verið að kjósa milli manna en ekki um ólík stefnumál," segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sem hefur gefið kost á sér til formennsku í Samfylkingunni í kosningum sem fara munu fram í vor. Hún fer fram gegn sitjandi formanni, Össuri Skarphéðinssyni, sem gegnt hefur því embætti frá stofnun flokksins.

Spurð hvað búi að baki ákvörðunar um að bjóða fram segir Ingibjörg Sólrún að í þingkosningunum 2003 hafi Samfylkingin falið henni að vera forsætisráðherraefni flokksins og þar með ætlað henni ákveðið forystuhlutverk. „Ég stefndi á það eftir kosningarnar að fara í framboð til formennsku þá um haustið og sækja þannig umboð til flokksins. Það voru þó ýmsir í flokknum, svo sem sitjandi formaður, Guðmundur Árni Stefánsson og Margrét Frímannsdóttir, sem töldu að það væri ekki tímabært því það væri ekki gott fyrir flokkinn á þeim tímapunkti. Ég féllst á þau sjónarmið þrátt fyrir að það væri mjög mikill þrýstingur á mig að fara í framboð. Mér fannst þó að ég yrði jafnframt að gefa það skýrt til kynna að ég stefndi að þessu engu að síður. Annað hefði mér þótt hálfgerð svik við það fólk sem bjóst við og þrýsti á að ég færi í framboð. Ég er í raun að svara því kalli," segir Ingibjörg Sólrún.

Helstu rökin fyrir því að hún bauð sig ekki fram þá væru þau að flokkurinn var nýr og unnið hefði verið að því að bræða saman ólíkar fylkingar. „Það hafði tekist, en jafnframt þurfti að komast á ákveðinn stöðugleiki áður en næsta skref yrði tekið. Það þýddi hins vegar ekki að ég ætlaði að sitja á varamannabekknum í fjögur ár," segir Ingibjörg Sólrún.

### Vill fá hreinar línur

Þegar hún er spurð hvers vegna hún telji sig verða að bjóða sig fram núna bendir hún á að næsti landsfundur verði væntanlega ekki fyrr en rétt í aðdraganda næstu þingkosninga. „Ég vil bjóða mig fram til formennsku núna vegna þess að ég tel mikilvægt að sá sem verður fyrir valinu leiði vinnuna innan flokksins í aðdraganda kosninganna og hafi mikið um það að segja hvernig skipulagi flokksins verður háttað í þeirri vinnu. Ég vil sækja umboð frá flokksmönnum til þess. Ef þeir treysta Össuri betur en mér til þeirra starfa og telja að hann sé heillavænlegri kostur fyrir flokkinn í næstu kosningum og þegar litið er til framtíðar, þá finnst mér að það eigi að liggja fyrir. Mér finnst ég verða að fá hreinar línur í þetta núna og ég held að það sé best fyrir flokkinn og okkur Össur að það sé engin óvissa um þetta," segir hún.

Í þingkosningunum 2003 ákvað Ingibjörg Sólrún að standa eða falla með Samfylkingunni og taka fimmta sætið á listanum. Hvernig á þeirri ákvörðun stóð svarar hún að það gleymist oft að upphaflega bauð hún sig alls ekki fram sem forsætisráðherraefni. Það kom til seinna. Hún ætlaði bara að gefa kost á sér til þess að leggja Samfylkingunni lið í kosningunum og verða hugsanlega varaþingmaður.

„Það var aldrei gert ráð fyrir öðru en að þetta yrði bara varaþingsæti og það gat ekki skaðað Reykjavíkurlistann með neinum hætti, að ég tæki þetta sæti á lista. Allir vissu að ég væri Samfylkingarkona alveg eins og það vita allir að Steinunn Valdís er í Samfylkingunni. Samstarfsaðilarnir í R-listanum og þá aðallega forysta Framsóknarflokksins brást mjög ókvæða við og stillti mér upp andspænis afarkostum. Annaðhvort drægi ég framboðið til baka á lista Samfylkingarinnar eða hætti sem borgarstjóri," segir Ingibjörg.

„Ég gat ekki fellt mig við það og fannst að ef ég gæfi eftir gagnvart því myndu menn ganga á lagið. Mér fannst að ef ég drægi framboð mitt til baka og starfaði áfram sem borgarstjóri hefðu flokkarnir alltaf öll mín ráð í hendi sér. Ég vildi ekki vera borgarstjóri í þeirri aðstöðu," segir hún.

„Mér fannst að þeir tækju mig svolítið í gíslingu þegar þeir stilltu mér upp með þessum hætti vegna þess að það var alveg ljóst að ég gat verið í þessu sæti og verið áfram borgarstjóri. Menn sjá það best núna," segir hún.

Þegar hún er spurð hvort það hafi verið rétt ákvörðun að bjóða sig fram í fimmta sæti svarar hún því til að auðvitað megi alltaf deila um það. „Auðvitað er þetta ákvörðun sem hefur haft heilmiklar afleiðingar fyrir mig persónulega og pólitískt og ég get alveg fallist á að það hefði mátt standa betur að þessu máli. En já, mér finnst þetta hafa verið rétt ákvörðun. Svo þýðir heldur ekkert að vera að velta sér upp úr því sem liðið er heldur vinna úr þeirri stöðu sem maður er í hverju sinni," segir hún.

### Eigum möguleika á meira fylgi

Bent hefur verið á að Samfylkingin ætti að vera með meira fylgi en hún hefur í raun þegar litið er til þess hve lengi sama ríkisstjórn hefur verið við völd og miðað við það sem gerst hefur í stjórnmálum í löndunum í kringum okkur. Um það segir Ingibjörg að hún sé sannfærð um að Samfylkingin eigi möguleika á meira fylgi.

„Við fengum 31 prósent í síðustu kosningum og höfum haldið því samkvæmt skoðanakönnunum. Það er ágætur grunnur en við eigum möguleika á meiru. Í Reykjavík norður fengum við 36,3 prósent og Samfylkingin ætti að geta verið 35 til 36 prósenta flokkur á landsvísu," segir hún.

„Þetta fylgi þurfum við að sækja. Þetta er auðvitað nýr flokkur og fólk þarf



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir með köttinn Kela sem er að nálgast sautjánda aldursárið:** „Það var aldrei gert ráð fyrir öðru en að þetta yrði bara varaþingsæti og það gat ekki skaðað Reykjavíkurlistann með neinum hætti. Samstarfsaðilarnir í R-listanum og þá aðallega forysta Framsóknarflokksins brást mjög ókvæða við og stillti mér upp andspænis afarkostum. Annaðhvort drægi ég framboðið til baka á lista Samfylkingarinnar eða hætti sem borgarstjóri."

**Þessi ríkisstjórn er búin að sitja allt of lengi. Hún er orðin löskuð og geðstirð eftir ýmis erfið mál og menn virðast ekki lengur hafa neinn áhuga á því sem þeir eru að gera. Þeir eru löngu hættir að vera skapandi eða sjá nokkra ögrun í því sem þeir eru að fást við eða miðla bjartsýni út í samfélagið.**

að sjá meira til hans og sjá að þetta er heilsteyptur flokkur sem geti boðið upp á lausnir og komið á breytingum. Það er meðal annars þess vegna sem ég er að bjóða mig fram, ég hef reynslu af þessu. Ég hef níu ára reynslu sem borgarstjóri í Reykjavík af því að vinna með ólíku fólki og leiða það saman og stjórna stóru fyrirtæki. Ég tel að ég geti laðað fleira fólk að flokksstarfinu og kallað fram í fólki það sem þarf til að við náum fram markmiðum okkar," segir Ingibjörg Sólrún.

### Ríkisstjórnin löskuð og geðstirð

Spurð hvað hún sjái fyrir sér varðandi Samfylkinguna í næstu þingkosningum svarar Ingibjörg því til að Samfylkingin eigi að setja sér það markmið að ná fram jafnaðarmannastjórn eftir næstu kosningar undir forystu Samfylkingarinnar.

„Á síðastliðnum aldarfjórðung hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið 22 ár í ríkisstjórn og Framsóknarflokkurinn í 21 ár. Það er tímabært að setja þessum flokkum ákveðnar skorður og því er gríðarlega mikilvægt að það verði stjórnarskipti. Þessi ríkisstjórn er búin að sitja allt of lengi. Hún er orðin löskuð og geðstirð eftir ýmis erfið mál og menn virðast ekki lengur hafa neinn áhuga á því sem þeir eru að gera. Þeir eru löngu hættir að vera skapandi eða sjá nokkra ögrun í því sem þeir eru að fást við eða miðla bjartsýni út í samfélagið. Mikilvægast er að fá stjórnarskipti og það er það sem Samfylkingin á að stefna að," segir hún.

Aðspurð segir hún ekki hægt að segja til um það með hverjum hún vildi helst fara í ríkisstjórn ef hún þyrfti að mynda tveggja flokka stjórn. „Það er ómögulegt að segja, það getur svo margt gerst fram að næstu kosningum. En auðvitað finnst mér ekki spennandi tilhugsun eins og sakir standa að starfa með öðrum hvorum stjórnarflokknum. Það getur þó margt gerst en við verðum auðvitað að spila úr þeim spilum sem við fáum í næstu kosningum. Við getum ekki dæmt okkur til stjórnarandstöðu ef við fáum ekki óskasamstarfsaðilann," segir Ingibjörg Sólrún.

### R-listinn getur starfað áfram

Ingibjörg Sólrún segist aðspurð sannfærð um að Reykjavíkurlistinn geti starfað áfram í borginni. „Framsóknarmenn hafa reyndar gefið í skyn að þeir muni hugsanlega bjóða fram sjálfir. Auðvitað getur komið til greina að þeir geri það enda er þetta ekkert nauðungarhjónaband, menn eru í þessu samstarfi af fúsum og frjálsum vilja. Ég er hins vegar sannfærð um það að ef framsóknarmenn færu fram einir og sér myndu þeir ekki ríða feitum hesti frá því. Þeir verða að horfast í augu við það að þeir eru mjög fylgislitlir í borginni. Þeir eru alltaf að reyna að kenna Alfreð um það og Reykjavíkurlistanum en þeir geta ekki horft framhjá því að þeir fengu bara ellefu prósent í kjördæmi formannsins í síðustu alþingiskosningum," segir Ingibjörg og bendir jafnframt á það að Samfylkingin í Reykjavík norður fékk þrefalt meira fylgi en Framsóknarflokkurinn.

Hún segist alls ekki sannfærð um að Vinstri grænir muni fylgja í kjölfarið ef Framsóknarflokkurinn klýfur sig út úr R-listanum. „Það þarf ekkert að vera. Það er vel hægt að hugsa sér alls konar samstarf þótt einn flokkur dragi sig út. Hver flokkur þarf að taka afstöðu til þess," svarar hún.

Ingibjörg segist þó bjartsýn fyrir hönd borgarbúa og sannfærð um það að ef Reykjavíkurlistinn haldi saman þá eigi hann alla möguleika á að vinna kosningarnar. „Mér finnst það líka góð hugmynd að halda leiðtogaprófkjör hjá Reykjavíkurlistanum fyrir næstu kosningar. Það segi ég vegna reynslu minnar. Mér finnst mikilvægt að sá sem verður borgarstjóri hafi umboð frá því fólki sem stendur að baki Reykjavíkurlistanum því þá er sá hinn sami ekki jafn ofurseldur forystu flokkanna eins og hann ella væri, eins og reyndist í mínu tilfelli. Mér var stillt upp sem borgarstjóraefni og fólki var sagt að kjósa mig sem borgarstjóra, en svo þegar á reyndi fannst forystu flokkanna, ekki síst Framsóknarflokksins, að þeir gætu ýtt mér til hliðar ef ég

makkaði ekki rétt. Ef borgarstjórinn er með umboð frá fólkinu í flokkunum á bak við sig horfir málið allt öðruvísi við og því er leiðtogaprófkjör góður kostur," segir Ingibjörg.

**Framsókn bara með umboð frá Sjálfstæðisflokknum**

„Ég vil taka það fram að ég hef átt mjög gott samstarf við framsóknarmenn, meðal annars innan Reykjavíkurlistann, og mér hefur þótt mjög gott að starfa með þeim sem einstaklingum. Flokkurinn hagar sér eins og 30-40 prósenta flokkur og skirrist ekkert við að taka allt það vald sem hann kemur höndum yfir án tillits til þess umboðs sem hann hefur frá kjósendum. Í raunninni hefur hann umboð frá Sjálfstæðisflokknum, en ekki frá kjósendum, til þess að gera það sem hann er að gera. Þetta verð ég að segja þótt ég viti að það kæti ekki mína ágætu vini í flokknum," heldur Ingibjörg áfram.

„Annað finnst mér athyglisvert við þessa menn, bæði varðandi forystu Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, að þeir bregðast alltaf ókvæða við gagnrýni og eru svo móðgunargjarnir. Þetta lýsir því bara að þeir eru búnir að vera of lengi við völd. Það hangir alltaf einhver hótun í loftinu gagnvart þeim sem gagnrýna þá. Það hefur til dæmis verið látið að því liggja að gagnrýni mín, sem vissulega er stundum harkaleg en ég leyfi mér að halda fram að sé málefnaleg, muni koma mér í koll. Þeir eru í pólitík og ég er ekki í sama flokki og þeir. Ég er pólitískur andstæðingur þeirra og því skyldi ég ekki gagnrýna þá? Ég væri að bregðast hlutverki mínu ef ég segði ekki skoðanir mínar. Mér finnst þetta ekki bera vott um mjög lýðræðislegan þankagang," segir Ingibjörg.

**Fjölskyldukosningabarátta**

Ingibjörg og Össur hafa þekkst í þrjátíu ár og eru gift systkinum. Aðspurð segir Ingibjörg ekki auðvelt að heyja kosningabaráttu þegar fjölskyldutengslin eru jafn náin og raun ber vitni. „Þetta er engin óskastaða, en maður getur hins vegar ekki látið það yfirskyggja allt annað. Ég get ekki séð af hverju ég ætti að sitja á hliðarlínunni í fjögur ár og afskrifa möguleika mína til að láta reyna á þann stuðning sem ég hef í Samfylkingunni vegna fjölskyldutengsla. Það hljóta allir að sjá að í mínu tilviki er það spurningin um að gefa kost á mér núna eða alls ekki. Ekki má heldur gleyma því að Össur hefur margsinnis sagt í viðtölum að hann vildi sjá mig sem framtíðarleiðtoga Samfylkingarinnar," segir Ingibjörg.

„Það er enginn áfellisdómur yfir okkur sem einstaklingum þó að annað okkar nái ekki kjöri sem formaður. Í því felst bara mat flokksmanna á því hvað teljist best fyrir flokkinn í næstu kosningum. Allir hafa til síns ágætis nokkuð. Össur hefur verið mjög mikilvægur fyrir Samfylkinguna. Það er alveg rétt sem sagt hefur verið, hann varð formaður þegar enginn vildi taka að sér þetta verkefni. Hann hefur verið ákveðinn frumkvöðull og tekist að ná fólki saman til þessa samstarfs. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að núna þurfi að eiga sér stað ákveðin kaflaskipti í Samfylkingunni. Í því felst ekkert vanmat á hans störf og engin gagnrýni á hann eða hans persónu," segir Ingibjörg.

„Ég er að bjóða krafta mína fram vegna þess að ég veit að ég treysti mér til þess að leiða flokkinn í gegnum næsta skeið, en svo er það flokksmanna að taka ákvörðun í málinu," segir Ingibjörg.

Hún segist ekki vita hvað hún muni taka sér fyrir hendur ef svo fer að hún tapi kosningunum. „Ég veit það ekki. Ég ætla hins vegar ekki að vera varaformaður áfram. Ég veit það bara eitt að ég er tilbúin núna. Mér finnst ég vel undir það búin að takast á við þetta verk."

Kaldbakur, Grenjárdalur og Grenivíkurfjall

# Sex kílómetra skíðaferð

Fyrir þá sem vilja njóta útsýnis og standa á skíðum lengur en í korter ættu að hafa samband við Sigurbjörn Höskuldsson í Grýtubakkahreppi, en hann stendur fyrir útsýnis- og skíðaferðum í Grenivík. „Ég fer með snjótroðara upp á Kaldbak, og held þar smá tölu um það sem fyrir augu ber. Síðan rennir fólk sér niður í Grenjárdal, þar sem ég sæki það, og keyri með það upp á Grenivíkurfjall, þar sem skíðamennirnir geta rennt sér frjálst niður." Sigurbjörn hefur staðið fyrir þessu síðan 1998 og hefur aðsóknin yfirleitt verið mjög góð, og þá sérstaklega um páskana. „Það hefur verið rólegt að undanförnu enda veðrið ekki verið upp á marga fiska."

Það tekur eingöngu hálftíma að keyra frá Akureyri til Grenivíkur. „Aðeins styttra en til Dalvíkur," segir Sigurbjörn en þessi útsýnisferð tekur um tvo og hálfan tíma og kostar tvö þúsund og fimm hundruð krónur fyrir fullorðna, en helmingsafsláttur er veittur fyrir börn á aldrinum sex til tólf ára. „Þetta er um sex kílómetra skíðaferð og samsvarar því, að fara frá toppi Hlíðarfjalls og alveg niður á bryggju," segir Sigurbjörn og bætir því við að ekki sé um neinar fastar ferðir heldur geti áhugasamir einfaldlega haft samband við hann.




# Portúgal og Spánn





Á þessum árstíma er gróðurinn í Evrópu kominn lengst í Portúgal og syðst á Spáni enda er veturinn mildastur á þessum slóðum eins og á Kanaríeyjum. Yfirleitt hlýrra en við Miðjarðarhafið. Hótelið heitir Iberotel (www.iberotel.pt) og er í portúgalska fiskimannabænum Monte Gordo syðst á landamærum Portúgals og Andalúsíu á Suður-Spáni. Hótelið er 4 stjörnu lúxus hótel við ströndina, bæði morgunverður og glæsilegt kvöldverðarhlaðborð eru innifalinn. Allir drykkir með mat eru innifaldir. Tvær útisundlaugar og ein upphituð innisundlaug. Uppákomur og skemmtun standa til boða flest kvöld á hótelinu. Á kvöldin er leikin tónlist svo taka má sporið. Fjölbreytilegar skoðunarferðir eru einnig innifaldar. Flogið er beint til Faro í Suður-Portúgal með leiguflugi þannig að heildarverð ferðarinnar er mjög hagstætt. Þrjár ferðir verða farnar í ár, fararstjóri í þeim öllum verður Friðrik G. Friðriksson.

**Evrópurúta 1 Páskaferð 17. – 29. mars kr. 99.500 plús kr 18.000 fyrir einbýli**
**Evrópurúta 2 Portúgal – Spánn 5.- 12. apríl kr. 79.500 plús 15.000 fyrir einbýli**
**Evrópurúta 3 Portúgal – Spánn 12. – 20. apríl kr. 84.500 plús 15.000 fyrir einbýli**

## Evrópurúta 4: Eystrasaltslöndin 13. – 28. maí 2005

### Fararstjóri: Friðrik G. Friðriksson



Íslendingar eru vel kynntir í Eystrasaltslöndunum og sérstaklega velkomnir þangað. Þessi ferð var farin í fyrsta skipti árið 2003 og tókst frábærilega vel, hreint ævintýri. Það sem fæstir vita er að þessi þrjú litlu ríki við Eystrasalt eiga sér langa sögu og merkilega menningu. Til viðbótar við þessi þrjú fyrrum ríki Sovétríkjanna gistum við Gydansk eða Danzig í Póllandi og Kaliningrad eða Königsberg, sem nú tilheyrir Rússlandi. Að lokum er dvalið í því landi Skandinavíu, sem fæstir Íslendingar hafa heimsótt, en það er Finnland. Það verður eingöngu búið á fyrsta flokks hótelum og innifaldir eru 12 kvöldverðir með fararstjóra.
Verð kr 154.500 plús kr 34.000 fyrir einbýli

Fararstjórinn Friðrik G. Friðriksson mun veita nánari upplýsingar á ferðunum í aðalskrifstofu **Úrvals Útsýnar að Lágmúla 4**, alla mánudaga og miðvikudaga milli 14 og 17 í febrúar til 15. mars.

Upplýsingar er líka hægt að sækja á heimasíðu Úrvals Útsýnar: www.uu.is undir "sérferðir" og Evrópurútur, en þar er einnig hægt að skoða myndasafn úr fyrri ferðum.

Beint samband við fararstjóra á öðrum tíma er í síma 551 7538 og með tölvu: frissigf@mmedia.is

ÚRVAL-ÚTSÝN Sími 585 4000

# ÞINGMENN GERAST YFIRSTÉTT

Reiðiölduna sem reis af samþykkt eftirlaunafrumvarpsins árið 2003 hefur enn ekki lægt. *Guðmundur Hörður Guðmundsson* fór yfir sögu málsins og afleiðingar.

Seint að kvöldi miðvikudagsins 10. desember árið 2003 lögðu þingmenn úr öllum þingflokkum fram lagafrumvarp þar sem gert var ráð fyrir að lífeyrisréttindi og laun forystumanna flokkanna yrðu hækkuð verulega. Stríðshanskanum í einu umdeildasta pólitíska máli síðari ára var kastað. Enn sér ekki fyrir endann á því þar sem í ljós hefur komið að vegna frumvarpsins hafa fyrrverandi ráðherrar fengið greiddar sautján milljónir króna í eftirlaun þrátt fyrir að vera enn í vel launuðum störfum á vegum ríkisins.

Frumvarpið virtist koma flestum þingmönnum í opna skjöldu þegar það var lagt fram og margir reyndust tvístígandi í málinu.

### Verkalýðsfélögin öskureið

Verkalýðsforystan var hins vegar ekki lengi að bregðast við og forsvarsmenn Alþýðusambandsins komu saman til fundar strax sama kvöld. Grétar Þorsteinsson, formaður sambandsins, sagði daginn eftir að verkalýðsforustan væri öskureið, enda hefðu laun æðstu ráðamanna hækkað um fimmtíu prósent kjörtímabilið á undan á sama tíma og samið var um sérstakar þrjátíu prósenta launahækkanir fyrir þá lægst launuðu. Á hinum enda vinnumarkaðarins voru viðbrögðin litlu skárri. Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði ljóst að frumvarpið hefði haft verulega truflandi áhrif á kjaraviðræður, enda frestuðu Starfsgreinasambandið og Flóabandalagið kjaraviðræðum vegna þess. Blaðamenn sem fylgdust með fundum verkalýðsforustunnar sögðu loftið rafmagnað í húsakynnum Alþýðusambandsins og símar í húsinu voru rauðglóandi vegna þess að félagsmenn hringdu inn yfir sig hneykslaðir. Reiðialda ruddist yfir þjóðfélagið og skall á Austurvelli, þar sem verkalýðshreyfingin efndi til útifundar daginn eftir að frumvarpið var lagt fram. Bent var á að aukin útgjöld sem fylgdu frumvarpinu gengju þvert á sparnaðaraðgerðir ríkisstjórnarinnar fram að því, meðal annars með lækkun vaxtabóta um 600 milljónir króna.

### Stjórnarandstaðan klofnaði

Í þingsal deildu þingmenn hart. Halldór Blöndal, forseti Alþingis, mælti fyrir frumvarpinu og sagði lýðræðislega nauðsyn að svo væri búið að æðstu embættum þjóðarinnar að það hvetti til þátttöku í stjórnmálum. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, leit silfrið öðrum augum og sagði frumvarpið skapa sérréttindakerfi þingmanna. Hann sagði að í ríkjum austantjalds hefðu forréttindi valdastéttanna birst í svokölluðum dollarabúðum og þar hefðu menn verslað á sérkjörum. Eftirlaunafrumvarpið væri dollarabúð íslenska lífeyrissjóðskerfisins.

Stjórnarandstöðuflokkarnir klofnuðu í herðar niður. Flutningsmenn frumvarpsins virtust milli steins og sleggju en meginþorri þingflokka stjórnarandstöðunnar komst á þá skoðun að frumvarpið væri vanhugsað, sérsniðið að þörfum Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra, og Tómasar Inga Olrich, þáverandi menntamálaráðherra, sem voru við það að komast á eftirlaunaaldur miðað við forsendur frumvarpsins. Guðmundur Árni Stefánsson, flutningsmaður frumvarpsins fyrir hönd Samfylkingarinnar, stóð fastur á sínu þrátt fyrir kröftug mótmæli verkalýðsforkólfa og hótanir um úrsagnir þeirra úr flokknum. Að lokum reyndist hann eini þingmaður flokksins sem studdi frumvarpið. „Mikill er máttur minn ef svo er,“ sagði Guðmundur aðspurður á þessum tíma hvort hann óttaðist ekki úrsagnir úr flokknum vegna afstöðu hans.

Frjálslyndi flokkurinn dró stuðning sinn einnig til baka. Sigurjón Þórðarson, flutningsmaður frumvarpsins af hálfu flokksins, sagðist hafa verið hafður að fífli. Hann hefði talið að hægt yrði að fella út úr frumvarpinu þingfararkaup formanna stjórnmálaflokkanna, en komið hefði í ljós að stjórnarflokkarnir væru ekki til viðtals um slíkt.

Þuríður Backman, flutningsmaður frumvarpsins fyrir hönd Vinstri grænna, ákvað að sitja hjá við afgreiðslu frumvarpsins.

### Stjórnarflokkarnir einhuga

Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sagði sinnaskipti flokkanna tveggja illskiljanleg. Frumvarpið hefði verið kynnt formönnum allra stjórnmálaflokkanna og þingmenn úr öllum flokkum hefðu stutt það. Það væri einkennilegt að þessir sömu aðilar væru skyndilega þeirrar skoðunar að ýmsir þættir frumvarpsins væru ekki réttlátir.

Svo fór að eftirlaunafrumvarpið var samþykkt mánudaginn 15. desember, fimm dögum eftir að það var lagt fram. Þrjátíu þingmenn greiddu því atkvæði sitt en fjórtán reyndust því andvígir.

Enginn virtist gera sér grein fyrir því þá sem nú hefur komið í ljós að með samþykki laganna gætu fyrrverandi ráðherrar notið ríflegra eftirlauna fyrir ráðherra- og þingstörf og jafnframt verið á góðum tekjum fyrir störf í utanríkisþjónustunni eða í öðrum störfum á vegum hins opinbera.

### Flutningsmenn frumvarpsins ári síðar

Frumvarpið var flutt af þingmönnum allra þingflokka. Auk Halldórs Blöndal, forseta Alþingis, voru það Guðmundur Árni Stefánsson, Samfylkingu, Jónína Bjartmarz, Framsóknarflokki, Þuríður Backman, Vinstri grænum, og Sigurjón Þórðarson, Frjálslyndum. Hvað finnst þessu fólki um frumvarpið nú þegar ár er liðið frá því það var samþykkt á Alþingi?

Jónína Bjartmarz segist ekki vilja tjá sig mikið um málið þar sem hún hafi ekki kynnt sér það að ráði. Það hafi hins vegar ekki verið ætlunin á sínum tíma að menn gætu þegið eftirlaun og verið í fullu opinberu starfi. Því séu líklega allir sammála um að því verði breytt.

Guðmundur Árni segist hafa samþykkt málið á sínum tíma og hann standi við það. Á hinn bóginn hafi komið í ljós síðar að í áratugagömlum lögum hafi verið að finna galla sem gerði það að verkum að menn sem fengju eftirlaun gætu jafnframt þegið laun frá ríkinu. „Það gengur ekki og ég mun leggja mig fram um það að því verði breytt. Menn eiga ekki að geta verið á sama tíma í vinnu hjá ríkinu og þegið eftirlaun.“

Guðmundur segist ekkert vilja segja um það hvort of hratt hafi verið farið í málið á sínum tíma.

### Flutningsmenn hættu við

Þuríður Backman samþykkti hins vegar ekki lokaútgáfu frumvarpsins þótt hún hefði verið einn af flutningsmönnum þess upphaflega. „Kaup og kjör ráðherra eru auðvitað viðkvæmt mál. Mörgum finnst þeir hafa of mikil fríðindi og há laun þar að auki.“ Hún segist þeirrar skoðunar að meirihlutinn hafi farið fram úr sér í þessu máli. „Þetta var unnið bak við tjöldin og svo rekið óvænt í gegnum þingið og óþarflega hratt. Enda er núna að koma í ljós að fyrrverandi ráðherrar njóta eftirlauna á sama tíma og þeir starfa sem ráðherrar.“ Hún segir þennan möguleika hafa verið fjarri sínum huga þegar frumvarpið var til umfjöllunar, enda hafi markmið þess verið að auðvelda fyrrverandi þingmönnum og ráðherrum að fara út af vinnumarkaði. Þuríður segist þess vegna vilja endurskoða lögin til að koma í veg fyrir þennan möguleika.

Sigurjón Þórðarson féll frá stuðningi við frumvarpið þegar það var afgreitt á þingi. Hann segir nú ómaklega vegið að Össuri Skarphéðinssyni, formanni Samfylkingarinnar, vegna málsins. „Þetta átti í upphafi að vera þverpólitískt mál en síðan var breytingartillögum okkar í minnihlutanum hafnað. Þess vegna er málið alfarið á ábyrgð meirihlutans.“ Sigurjón segist ekki hafa gætt sín nægilega við undirbúning málsins enda hafi hann haft stutta þingreynslu.

Ekki náðist í Halldór Blöndal við vinnslu þessarar greinar.

### Sérkennilegt samfélag

Upplýsingar um fyrrverandi ráðherra sem eru á eftirlaunum og í fullu starfi hjá hinu opinbera hefðu ekki komið fram nema vegna umfjöllunar fjölmiðla, að mati Sigurjóns Þórðarsonar. „Þess vegna er Halldór Ásgrímsson nú að reyna að slá sig til riddara með því að boða breytingar. Það gerir hann á sama tíma og hann vill halda því leyndu hverjir það eru sem þiggja þessar tvöföldu greiðslur.“

Sigurjón segir eftirlaunafyrirkomulagið hér á landi sýna að við búum í mjög sérkennilegu samfélagi. „Alþingismenn búa við þessi fríðindi á meðan það eru um 11.000 ellilífeyrisþegar sem hafa undir 110.000 krónur á mánuði. Ef þeir vinna sér fyrir einhverju aukalega er ellilífeyririnn skertur gífurlega. Þetta er óréttlátt.“

**Þegar Sigurjón Þórðarson, flutningsmaður frumvarpsins af hálfu Frjálslynda flokksins, dró stuðning sinn til baka sagðist hann hafa verið hafður að fífli af hálfu meirihlutans.**




**Mótmælt við Alþingi** Verkalýðsforustan skipulagði fjölmenn mótmæli vegna frumvarpsins.

## Frumvarpið samþykkt

# 30-14

Þrjátíu þingmenn greiddu atkvæði með frumvarpi um eftirlaun þingmanna, ráðherra, forseta og hæstaréttardómara í desember 2003 en fjórtán voru andvígir.

**Já, sögðu:**
Árni Magnússon
Árni M. Mathiesen
Bjarni Ármannsson
Bjarni Benediktsson
Björn Bjarnason
Dagný Jónsdóttir
Davíð Oddsson
Einar Oddur Kristjánsson
Geir H. Haarde
Guðjón Hjörleifsson
Guðjón Ólafur Jónsson
Guðmundur Hallvarðsson
Guðmundur Árni Stefánsson
Guðni Ágústsson
Halldór Blöndal
Hjálmar Árnason
Jón Kristjánsson
Jónína Bjartmarz
Kjartan Ólafsson
Kristinn H. Gunnarsson
Magnús Stefánsson
Páll Magnússon
Pétur H. Blöndal
Sigríður Anna Þórðardóttir
Sigurður Kári Kristjánsson
Sigurrós Þorgrímsdóttir
Sólveig Pétursdóttir
Sturla Böðvarsson
Tómas Ingi Olrich
Valgerður Sverrisdóttir

**Nei, sögðu:**
Anna Kristín Gunnarsdóttir
Ágúst Ólafur Ágústsson
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Grétar Mar Jónsson
Gunnar Örlygsson
Helgi Hjörvar
Hlynur Hallsson
Jóhanna Sigurðardóttir
Jón Bjarnason
Katrín Júlíusdóttir
Mörður Árnason
Sigurjón Þórðarson
Steinunn K. Pétursdóttir
Ögmundur Jónasson

**Ellefu þingmenn sátu hjá:**
Ásgeir Friðgeirsson
Björgvin G. Sigurðsson
Bryndís Hlöðversdóttir
Einar Már Sigurðarson
Guðrún Ögmundsdóttir
Jóhann Ársælsson
Jón Gunnarsson
Kristján L. Möller
Margrét Frímannsdóttir
Rannveig Guðmundsdóttir
Þuríður Backman

**Átta þingmenn voru fjarstaddir:**
Birkir J. Jónsson
Drífa Hjartardóttir
Einar K. Guðfinnsson
Guðlaugur Þór Þórðarson
Gunnar Birgisson
Kolbrún Halldórsdóttir
Lúðvík Bergvinsson
Össur Skarphéðinsson

# allt

**tíska o.fl.**
Flott föt í skíðaferðina
BLS. 5



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 10.22 | 13.41 | 17.00 |
| AKUREYRI | 10.22 | 13.25 | 16.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 27. janúar, 27. dagur ársins 2005.**

**KRÍLIN**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

## Smáauglýsingar
*byrja í dag á bls. 7*

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki** 126 stk.
**Keypt & selt** 25 stk.
**Þjónusta** 34 stk.
**Heilsa** 7 stk.
**Skólar & námskeið** 2 stk.
**Heimilið** 8 stk.
**Tómstundir & ferðir** 6 stk.
**Húsnæði** 12 stk.
**Atvinna** 29 stk.
**Tilkynningar** 2 stk.

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ásdís heldur mikið upp á skóna sem hún fékk frá foreldrum sínum.

# Meira en skór

***Ásdís Sif Gunnarsdóttir er 28 ára listakona sem flutti heim til Íslands í vor og er ekki í vafa um hvað hún heldur mest upp á í fataskápnum.***

„Það sem mér finnst ómissandi í fataskápnum mínum eru gullskórnir mínir. Þetta eru balletskór sem ég fékk í afmælisgjöf frá foreldrum mínum en þau keyptu þá í Kron á Laugaveginum. Mig var búið að langa í þessa skó mjög lengi og ég fékk þá rétt áður en ég ferðaðist til Belgíu. Síðan er svo skemmtileg að ég hef notað þessa skó í fullt af listaverkum sem ég hef unnið. Þetta eru því meira en skór, en ég geng líka mikið í þeim. Þeir búa yfir fjöldamörgum góðum minningum,“ segir Ásdís.

Ásdís opnaði sýningu sína í Gallerí Humar og Frægð föstudaginn 21. janúar en sýningin stendur til 18. febrúar. Þar koma skórnir góðu við sögu. „Ég er aðallega með vídeóverk en á sýningunni eru fimm vídeó sem ég hef verið að gera síðastliðið ár. Það eru nokkur þemu í verkunum og þetta eru eins og fimm kaflar af sama verkinu. Gullskórnir eru einmitt í einu verkinu,“ segir Ásdís og greinilegt að þessi afmælisgjöf er henni afskaplega kær. ■

# Lituð tæki lífga upp

***Víða leynast litskrúðug heimilistæki.***



Heimilistæki geta verið hin mesta prýði. Þótt sumir vilji einungis hafa hvít, svört eða krómuð tæki í eldhúsinu þá eru þeir líka til sem aðhyllast litskrúðugri hluti og finnst þeir lífga upp á heimilið. Við litum inn í nokkrar raftækjaverslanir og könnuðum lauslega úrval litaðra tækja og þótt þau hvítu og krómuðu séu í miklum meirihluta á markaðinum þá fyrirfinnast líka heimilistæki bæði í sterkum, glaðlegum litum og daufum pastellitum. Myndir af fleiri tækjum er að finna á blaðsíðu 3.

## LIGGUR Í LOFTINU
### *í ferðum*



**Ferðafiðringurinn** eykst í réttu hlutfalli við sólina sem hækkar á lofti. Hjá Ferðaskrifstofu stúdenta hafa Interrail-lestarkort aldrei verið vinsælli en þau gilda fyrir alla sem hafa búið á Íslandi síðustu sex mánuði. Evrópu er skipt í átta ferðasvæði og hægt er að velja um kort sem gildir fyrir eitt svæði, tvö eða öll svæðin. Kortið gildir í 22 daga.

**Útivist** stendur fyrir jeppaferð í Kerlingarfjöll um helgina. Haldið er af stað á föstudagskvöldi og ekið í Hrauneyjar. Á laugardaginn er ekið um Sóleyjarhöfðavað, inn í Setur og áfram í Kerlingarfjöll. Ferðatilhögun á heimleiðinni fer eftir færð og veðri. Þetta er ferð fyrir mikið breytta jeppa og þátttaka háð samþykki fararstjóra. Í jeppaferðum Útivistar þurfa þátttakendur að vera með VHF talstöð, en hægt er að leigja þær á skrifstofu Útivistar um helgina fyrir 3.700 krónur.

**Kúba** er spennandi áfangastaður og nú er hægt að komast þangað í beinu flugi með Heimsferðum 6. mars. Gamla Havana er fögur borg og lífsgleði eyjaskeggja er einstök. Þrír valkostir í gistingu eru í boði.



**Octopustravel** býður nú í samstarfi við Úrval Útsýn upp á að bóka gististaði og skoðunarferðir um allan heim, en þjónustan er greidd í íslenskum krónum. Octopustravel er ferðaþjónustufyrirtæki með skrifstofur í London, New York, Sydney, Osaka og Hong Kong. Fyrirtækið hefur látið skrifa ferðahandbækur um 260 vinsælustu áfangastaðina og vefsvæðið þeirra, sem er allt á ensku, hefur verið hannað með það fyrir augum að vera einfalt og þægilegt fyrir hvern sem er og auðvelt er að finna og bóka gistingu við hæfi. Greinargóðar lýsingar eru á öllum gististöðum, auk þess sem flestir eru myndskreyttir. Jafnframt er staðsetning gististaða á vinsælustu áfangastöðunum sýnd á korti.



**Golfpakkarnir** frá GB Ferðum og Iceland Express eru komnir í sölu. Boðið er upp á þriggja og fimm daga golfferðir til London en verð er frá 41.700 krónum. Innifalið er flug til Stansted, helgargisting, golf og aðgengi að heilsulind hótelsins. Nánar á vef GB Ferða, www.gbferdir.is

*ferdir@frettabladid.is*



**Viskustykki**
Tilvalin leið til að lífga upp á gamla eldhúskolla er að bólstra þá með fallegum viskustykkjum. Til verksins þarftu heftibyssu, skæri, skrúfján og jafnvel nýjan svamp á setuna. Losaðu gamla efnið af og festu nýtt á með heftibyssunni.



LISTASMIÐJAN
KERMIK OG GLERGALLERÝ
Kothúsum, Garði , s: 422-7935
Opið alla daga: Mánudaga- föstudaga 10-18
Laugardaga og sunnudaga 13-18
Námskeið að hefjast í glerbræðslu og keramikmálun. Einnig fyrir hópa

ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S: 551 1122
..íslensk hönnun



20% afsláttur
af listgleri
vandaðar heimilis og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322



Vandaðar værðarvoðir
margir litir, mikið úrval
20% afsláttur
Póstsendum um allt land
Fatabúðin
á horni Skólavörðustígs og Klapparstígs, sími 551 4050

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga
FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir

Mikið úrval
af viðarörnum og eldstæðum
Iris 181.000 kr.
Dina 239.000 kr.
Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is





Íslandsmeistari
í blómaskreytingum
BLÓMÁLFURINN
Vesturgötu 4 sími 562 2707





FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrúnu Gerði datt það snjallræði í hug að opna skransölu eftir að hún lenti í alvarlegu bílslysi en hér ber hún eina af húfunum sem hún hannar.

# Skransala með sál

*Guðrún Gerður Guðrúnardóttir er sjálfmenntuð listakona sem kallar sig Gaga Skordal. Fyrir stuttu síðan opnaði hún skransölu í Skipholti 29a í Reykjavík þar sem hún selur allt milli himins og jarðar.*

„Ég sel hluti sem fólk hefur gefið mér og það eru aldeilis margir sem hafa styrkt mig. Maðurinn minn, hann Viggó Guðmundsson, vill til dæmis losa sig við dót sem hann á svo börnin hans þurfi ekki að rífast um það eftir hans tíma,“ segir Guðrún og skellihlær enda lífsglöð og hress.

„Verðið er afar sanngjarnt, allt frá tíu krónum og upp úr. Síðan er alltaf hægt að prútta því ég veit að ef ég fer á svona sölur þá reyni ég alltaf að prútta. Maður á alls ekki að vera feiminn við það svo lengi sem allir eru ánægðir. Ég er með lampa og húsgögn og eiginlega allt sem hægt er að láta sér detta í hug og það er alltaf eitthvað nýtt að detta inn,“ segir Guðrún en stemmingin í skransölunni er engu lík. Í öðrum hluta húsnæðisins er salan en í hinum er Guðrún búin að koma sér upp vinnuaðstöðu þar sem fólk getur litið inn og skoðað húfurnar, peysurnar og pilsin sem hún hefur verið að hanna.

Guðrún lenti í alvarlegu bílslysi í nóvember árið 2002 og hefur síðan verið öryrki. „Ég gat eiginlega ekki ráðið mig í vinnu hjá öðrum því ég þarf alltaf að hvíla mig eitthvað á hverjum degi. Þá voru nú góð ráð dýr – eða ódýr og þá datt mér í hug að byrja með þessa skransölu. Ég er algjör jarðýta og ég get hreinlega ekki setið aðgerðalaus. Ég ætlaði að opna gallerí í þessu húsnæði því ég er að hanna húfur og skúlptúra en veit ekki hvenær verður úr því. Húfurnar mínar hafa til dæmis verið seldar til Kanada og voru mjög vinsælar á Víkingahátíðinni í Hafnarfirði. Mig langar líka að virkja listamenn sem eru sjálflærðir eins og ég og eru að gera góða hluti úti um allan bæ. Þangað til það gerist prófa ég skransöluna,“ segir Guðrún en hún opnaði söluna um miðjan mánuðinn. „Ég finn að þetta er að rúlla af stað. Fólk tekur vel í þessa hugmynd og það er mikið hringt í mig og spurt um einstaka hluti. Ef þetta verður mikið stuð þá held ég áfram í nokkrar helgar þó ég sé ekkert búin að ákveða hvað ég ætli að hafa söluna lengi opna. Það verður bara að koma í ljós.“



Úrvalið á skransölunni er óneitanlega mikið og margar gersemar sem leynast þar.

*lilja@frettabladid.is*

# Persónulegar gjafir

*Ísaumur og áprentun í Saumi og merkingu*

Saumur og merking er verslun og þjónustufyrirtæki sem opnaði í Smáralind rétt fyrir jólin en var áður til húsa í Hafnarfirði. Verslunin sem er í eigu Önnu Guðmundsdóttir sérhæfir sig í persónulegri gjafavöru eins og brúðargjöfum, skírnargjöfum og sængurgjöfum.

Mest áberandi eru handklæði með ísaumuðum nöfnum eða myndum og ísaumaður sængurfatnaður, en þessar vörur hafa verið hvað vinsælastar af annars ágætu úrvali af barnafatnaði, flísteppum, bolum og húfum.

Fyrir utan ísauminn er boðið upp á áprentaðar myndir á flíkur svo ef mann vantar persónulegar gjafir með litlum fyrirvara og lágum tilkostnaði er tilvalið að koma við í Saumi og merkingu og kíkja á úrvalið. ■



Flísteppi 3.900 kr. með merkingu.

Barnasmekkur 750 kr. með merkingu. Barnasængurföt 3.500 kr. með merkingu.





Handklæðin kosta frá 1500-1990 kr. með merkingu.

# Litur í eldhúsið

BÆTIR, HRESSIR, KÆTIR

Litir lífga upp á tilveruna, svo mikið er víst. Það þarf ekki nema eitt litskrúðugt tæki í eldhúsið til þess að það verði svo miklu glaðlegra en ella. Fréttablaðið fór á stúfana og fann ýmis litskrúðug heimilistæki.



Þessi gula brauðrist er heilmikil græja sem fæst hjá Kaffiboðinu á Grettisgötu 64.



Það hlýtur að vera gaman að strauja með pastellitu straujárni. Þessi fundum við hjá Ormsson.



Framleiðandinn Kitchen Aid er afkastamikill í lituðu línunni. Raftæki frá honum eru til í ýmsum verslunum, svo sem í Ormsson og Byggt og búið. Mesta úrvalið er hjá Einari Farestveit í Borgartúni.



Kaffivélar af ýmsum gerðum og í ólíkum litum fást hjá Kaffiboðinu á Grettisgötu 64.



Rauða Miele-ryksugan getur staðið eins og stáss í einhverju horninu. Hún fæst í Eirvík á Suðurlandsbraut 20.



Kæliskápa af gerðinni Smeg er hægt að fá í ýmsum litum í Eirvík. Einungis er til rauður þessa stundina en hægt að sérpanta bláa, græna og gráa.



Þessar brauðristar fást í Byggt og búið. Þær eru ekki bara skrautlegar að utan heldur forma þær líka mynstur í brauðsneiðarnar sem stungið er í þær.



Nútímaleg brauðrist í rauðum lit fæst hjá Kaffiboðinu á Grettisgötu 64.



Það nýjasta í heimilistækjunum er pítsuofn. Þessi fæst hjá Ormsson í Smáralind.

# Ilmandi jurtir

*Ilmjurtir eru eiginlega þarfaþing.*

Ilmjurtir geta aldeilis lífgað upp á umhverfið í íbúðinni – hvað þá lyktina. Ilmjurtir fást næstum því úti um allt; í stórmörkuðum, heimilisverslunum og blómabúðum þannig að ekki ætti að vera erfitt að finna ilmjurtir á hagstæðu verði.

Sniðugt er að finna sér fallega skál og setja ilmjurtir í hana. Skálin sómir sér síðan vel inni á baði, í eldhúsinu, í stofunni, í svefnherberginu svo ekki sé minnst á forstofuna. Því hvað býður fólk meira velkomið en góð lykt úr fallegum hlutum. Gleddu nú nefið þitt og annarra. ■



Þessi látlausa karfa með ilmjurtum lífgar upp á veröldina.

# Námskeið í innanhúshönnun

*Mímir - símenntun býður upp á nýtt námskeið sem kallast Hönnun og skipulag.*



Á námskeiðinu Hönnun og skipulag verður fjallað um helstu stefnur og strauma sem ríkja í innanhússhönnun í dag og fer það að mestu leyti fram í fyrirlestrarformi. Verkefni verða einnig lögð fyrir þátttakendur og farið verður í vettvangsferð. Þetta er tilvalið námskeið fyrir áhugafólk um innanhússhönnun, eða þá sem hafa hug á að breyta til heima hjá sér og vilja kynna sér stefnu og strauma. Hrönn Sævarsdóttir innanhússhönnuður kennir á námskeiðinu sem hefst 15. febrúar næstkomandi. ■

Keramik fyrir alla

Barnaafmæli
Bekkjarferðir



Frábær skemmtun fyrir allan hópinn.

Tilboðspakkar

Keramik og pizza frá kr. 990 á mann.

Keramik fyrir alla, sími 552 2882, Laugavegi 48b.
Sjá lýsingu: www.keramik.is

www.lyfja.is

Þorbjörg Hafsteinsdóttir
næringarþerapisti D.E.T.
Ráðleggur í Lyfju í Lágmúla

Þorbjörg mun meðal annars vera með kynningu á himneska PharmaGreen Original Green Tea duftinu og töflunum og Garcin® sem er einstakt efni fyrir heilsuna, einkum á þessum árstíma.



Einstakt tækifæri til að hitta þennan vinsæla næringarþerapista og nýta þér þekkingu og góðar, heilsusamlegar ráðleggingar.

Allir velkomnir í Lágmúla fimmtudag 27.jan milli kl. 14:00 og 18:00.

LYFJA






DÖMUR

Förðun við öll tækifæri.
Komið og látið stjana við ykkur með hinum hágæða ítölsku snyrtivörum.

MADINA í glæsilegu förðunarstúdíó við Tryggvagötu 11

MADINA
MILANO / REYKJAVIK



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

**Umhirða silkibinda**
Forðast skal að láta bindi fara ofan í súpuskálar eða í sósu á diskum við matarborðið. Bindið skal taka af sér með því að losa bindishnútinn, í stað þess að taka það yfir höfuðið, og rúlla því svo lauslega upp í stað þess að hengja það upp til að forðast krumpur.




HÁRBÖND
Ný sending af breiðum hárböndum
Margir litir
Sendum í póstkröfu
SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466

ÚTSALA! ÚTSALA!
50% afsláttur af samkvæmisfatnaði
Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077


ÚTSALA
20-60% afsl.
Selena
Síðumúla 3, sími: 553 7355
Opið: virka daga kl.11-18, Laugard. kl.11-15

Teeno auglýsir
LAGERSPRENGJA
aðeins þrjú verð
1.500,- , 1.000,- , 500,-
TEENO
Laugavegi 50, sími 511 0909

Útsölu-fjör
Allar vörur með 40% afslætti og nú 20% aukaafsláttur
ENGLABÖRNIN
Laugavegi 51 • s: 552 2201


Að hafa fallegar hendur veita mér öryggi. Þess vegna hef ég LCN naglastyrkingu frá Heilsu og fegurð
Hugrún Ungfú Ísland.
LCN HEILSA OG FEGURÐ



Tilkomumikill kjóll frá Stephane Saunier.

# Hátískudagar í París

*Hönnunin er í senn fáguð, kvenleg og í hefðarstílnum.*



John Galliano er alltaf svolítið öðruvísi.

Hátískuvikan í París, höfuðborg Frakklands, hófst mánudaginn 24. janúar og lýkur í dag. París er ekki bara höfuðborg Frakklands heldur líka hátískunnar og því er enginn staður betri fyrir tískusýningu af þessu tagi.

Í vikunni kynntu helstu fatahönnuðir heims vor- og sumarlínu sína fyrir þetta ár en línurnar klofna algjörlega í tvennt. Sumt minnir óneitanlega á franska hefðarstílinn, stórir hattar og blúndukjólar en annað er nútímalegra, klassískara og fágað. Hönnunin er jafnframt einföld og stílhrein eins og hátíska á að vera. ■



Maurizio Galante leikur sér með falleg og einföld efni.



Stílhreint, fágað og kvenlegt frá Giorgio Armani.



Fallegt fiðrildaþema hjá Valentino.


sjón gleraugnaverslun
Linsutilboð
aðeins 3.500,-
• 3-ja mán. skammtur
• linsuvökvi
• linsubox
Laugavegi 62 sími 511 6699
Glæsibæ sími 511 6698
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is sjon@sjon.is

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu
Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlendis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.
Það er mjög ensímríkt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. 1 tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. 2svar á dag fyrir máltíð.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

# Svalt dót í skíðabrekkurnar

**... og þegar niður er komið.**

Liggi leiðin í Alpana á næstu misserum er algjörlega nauðsynlegt að hafa með sér réttu græjurnar fyrir brekkurnar, barina og bæjarröltið.
„Apréz ski“ tíminn er ekki síður skemmtilegur en hádagurinn í dúnmjúkum brekkunum og þó að það sé algengt að renna sér beint á barinn úr brekkunni þá er nauðsynlegt að hafa flotta skó og fínar flíkur meðferðis þegar skíða- eða brettagallinn er í pásu.
Það skiptir miklu máli að vera í hlýjum, mjúkum og þægilegum fatnaði og ekki er verra að vera smart í leiðinni.
Vanti eitthvað upp á farangurinn fyrir skíðaferðina er óvitlaust að skreppa í bæjarferð og næla sér í nokkra hluti sem myndu sóma sér vel innan um fjallakofana í snæviþöktum hlíðum Alpanna. ■



**Peysa 14.900 kr. Nonnabúð**
**Húfa 3.900 kr. Nonnabúð**
**Stígvél 21.900 kr. GS skór**

**Loðvesti 24.900 kr. Gallerí 17**
**Loðhúfa 4.980 kr. Islandia**
**Hvít stígvél 4.100 kr. Bianco**





**Grænn og bleikur jakki 4.000 kr. Spútnik**
**Bleik Moonboots 3.500 kr. Spútnik**





**Pels 5.000 kr. Spútnik**
**Loðstígvél 9.400 kr. Bianco**

# Sumar og stuð

**Vor- og sumarvörurnar streyma í Accessorize og Monsoon.**

Accessorize og Monsoon hafa alltaf verið þekktar fyrir litríkar og fallegar vörur en um leið vandaðar. Keðjan er bresk að uppruna og í dag starfa yfir þrjú hundruð verslanir í Bretlandi og fjöldinn allur af verslunum um heim allan.
Vor- og sumarlínan í ár einkennist af perlum, pallíettum og sterkum og fallegum sumarlitum. Mikið er af handsaumuðum töskum og slæðum en einnig fíngerð armbönd, hálsmen og eyrnalokkar. Bæði er skartið gróft og fínt og úrvalið er fjölbreytt og ættu flestir að finna eitthvað við sitt hæfi. Einnig er mikil fjölbreytni í hinni svokölluðu Angel-línu sem er ætluð litlum stúlkum og farið er að framleiða fylgihluti fyrir litla stráka. ■



# Heillandi og sexí ilmur

**Angel og Innocent frá Thierry Mugler.**

Í Angel línunni er nýtt á markaðnum hárnæring og sjampó. Sjampóið þvær hárið og skilur eftir sig heillandi ilm sem varir í langan tíma. Eftir sjampóið er hárnæringunni skellt í og magnast þá enn ilmurinn.
Í Innocent er kominn nýr ilmur en hann kemur í fimmtíu millilítra glasi en hægt er að kaupa sérstök áfyllingarglös og fylla reglulega á ilmvatnsglasið þitt. Ilmurinn er ljúfur og léttur en býr líka yfir dulúð.



**Sjampóið og hárnæringin er í Angel línunni en ilmvatnið í Innocent línunni.**




# STÓRÚTSALA

Á frábærum vörum

**50 – 70% afsláttur**

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S. 5514422



# Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

**Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.**

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

**Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.**









GUERLAIN PARIS

Vorlitirnir 2005

**Glitrandi, glansandi og draumkenndir...**

**Sumarlitirnir 2005 frá Guerlain eru komnir í búðir.**

Sigrún Inga verður í Lyf og Heilsu í Kringlunni 27, 28 og 29. janúar og veitir persónulega ráðgjöf við val á litum og kremum.

Kynning í Lyf og heilsu, Kringlunni 27. 28. og 29. janúar 2005 • Sími: 568 9970

Snyrtivöruverslunin Glæsibæ • Hygea Kringlunni • Hygea Smáralind – Hygea Laugavegi • Lyf og Heilsa Kringlunni • Snyrtistofan Garðatorgi • Hár og heilsa Akureyri • Snyrtihús Bergdísar, Ólafsgeisla 65. • Laugar Spa

**Fæðingarvottorð barna**
Lög kveða á um að barn skuli hafa sitt eigið vegabréf þegar ferðast er milli landa en ágætt er að hafa einnig meðferðis fæðingarvottorð eða staðfestingu á forræði þess sem ferðast með barnið. Vegna tíðra barnsrána erlendis er fylgst með því á flugvöllum að barnið sé hjá réttum aðilum, en þar sem Íslendingar eru ekki með ættarnöfn nægja vegabréfin oft ekki sem sönnun þess.





**Heimsreisa**
BRYNJA DÖGG FRIÐRIKSDÓTTIR SENDIR PISTLA ÚR HEIMSREISU SINNI

## Eyðimerkurfjallið Uluru

Það er ákveðin upplifun að skoða sig um mitt í eyðimörkinni í Ástralíu en þegar sólin er hæst á lofti er fátt kvikt að sjá utan ferðamanna sem láta sig hafa að þvælast um í rútum eða á bílum í 40 stiga skraufþurrum hitanum. Það er þó ýmislegt á sig lagt til að upplifa Uluru sem er stærsti stærsti steindrangur í heimi og eitt af helstu kennileitum Ástralíu.
Uluru trjónir tignarlega yfir rauðri eyðimörkinni en hæsti punktur fjallsins er 348 metrar og ummál þess er 9,4 km. Uluru er þýðingarmikill staður í menningu frumbyggja Ástralíu sem telja Uluru einn af heilögustu stöðum Ástralíu en Uluru markar upphaf lífsins í menningu frumbyggja. Margir ferðamenn vilja klífa Uluru en frumbyggjarnir mælast gegn því af trúarlegum ástæðum, auk þess sem það er stóhættulegt ferðamönnum sem geta hreinlega dáið vegna ofhitnunar við klifur. Kata Tjuta er einnig þýðingarmikill staður en Kata Tjuta er samsafn 30 stakra kletta og einnig vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Uluru og Kata Tjuta eru síbreytileg, allt eftir því hvar sólin er á lofti og því er sérlega vinsælt meðal ferðamanna að fylgjast með sólarupprás og sólsetri í þjóðgarðinum.
Í þjóðgarðinum búa Anagu frumbyggjarnir en fornleifar benda til að Anagu frumbyggjar hafi búið í nágrenni Uluru og Kata Tjuta í um 25.000 ár en þó er ýmislegt sem gefur til kynna að þeir hafi búið þar mun lengur. Þegar evrópskir landnemar hófu innreið sína í Ástralíu misstu margir frumbyggjahópar Ástralíu landsvæði sín og síðan þá hafa frumbyggjar oft sætt miklu misrétti. Árið 1958 var Uluru og Kata Tjuta þjóðgarðurinn stofnaður án samráðs við Anagu frumbyggjana og það var ekki fyrr en 1985 að ríkistjórn Ástralíu viðurkenndi rétt frumbyggjana og þeir fengu landsvæðið aftur til baka. Í dag er þjóðgarðurinn rekinn í nánu samstarfi Anagu frumbyggjana og samtaka þjóðgarða í Ástralíu en frumbyggjarnir sjá alfarið um rekstur þjóðgarðsins.



**Uluru er stærsti steindrangur í heimi og eitt af helstu kennileitum Ástralíu.**

Bandaríkjaferðir á frábæru verði




Netsmellur til USA
Verð frá 36.900 kr.*
*Innifalið: Flug, flugvallarskattar og eldsneytisgjald
Bókaðu á www.icelandair.is
ICELANDAIR
www.icelandair.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 27004 01/2005



# Ævintýraheimur Kína

***Vinsældir Kína sem ferðamannalands hafa aukist gríðarlega og er það komið á topp fimm listann yfir mest sóttu lönd í heimi.***

Í kjölfar aukinna vinsælda Kína má segja að orðið hafi sprenging á framboði íslenskra ferðaskrifstofa á ferðum til Kína. Vestræn áhrif hafa gjörbreytt Kína á síðustu áratugum en hið gamla asíska menningarsamfélag er enn við lýði. Í flestum ferðunum er farið á þjóðlegar slóðir þar sem fólki gefst kostur á að upplifa hina gömlu menningu, andstæður gamla tímans og hins nýja. Hér er listi yfir flestar þær ferðir sem eru í boði fyrir Íslendinga en hann er þó ekki tæmandi og bjóða margir upp á fleiri en eina ferð. Ef til stendur að ferðast til Kína er ráðlegast að kynna sér hverja ferð fyrir sig því víst er að hver og einn ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



**Kínaklúbbur Unnar:**
### Ár hanans
22 daga ferð undir leiðsögn Unnar Guðjónsdóttur. Fyrri ferðin á þessu ári er farin í maí og verður það 20. hópferðin sem Unnur fer með til Kína. Unnur fékk sérstakt leyfi hjá kínverskum yfirvöldum að skipuleggja ferðir sínar sjálf og vera undanþegin þeirri reglu að hafa þjóðarleiðsögumann með í ferðum. Hún sýnir helstu staðina auk þess sem hún fer með fólk á staði sem eru alls ekki til sýnis fyrir útlendinga. Unnur leggur áherslu á að sýna Kína og hið daglega líf, en þjóðlegi menningarheimur Kína er enn við lýði þó að margt hafi breyst.

Verð: **350.000 kr.** á mann í tvíbýli.
Allt innifalið í verði.
**Næsta ferð: 13. maí**

**Ferðaþjónusta bænda:**
### Ævintýraheimur Kína
14 daga ferð þar sem Kínamúrinn og Terrakotta herinn eru skoðaðir og siglt er á skemmtiferðaskipi um Yangtse-fljót sem er þekkt fyrir gljúfrin þrjú. Helstu borgir Kína, Shanghai og Peking, verða sóttar heim og gefst fólki kostur á að sjá þær gríðarlegu breytingar sem hafa átt sér stað í Kína á síðustu áratugum.

Verð: **269.000 kr.** á mann í tvíbýli.
Allt innifalið í verði.
**Næsta ferð: 24. mars**





**Langferðir ehf. – Kuoni:**
### Peking og sigling á Yangtse-fljóti
16 daga ferð sem hefst í höfuðborginni Peking (Beijing) þar sem þátttakendum gefst kostur á að taka þátt í kynnisferðum að vild. Næst tekur við fjögurra daga sigling eftir Yangtse-fljótinu í hótelskipi þar sem færi gefst á fjölbreyttum kynnisferðum á viðkomustöðum. Siglingunni lýkur í Yichang þaðan sem flogið verður til baka til Peking.

Verð frá **138.970 kr.** á mann í tvíbýli.
Allt innifalið í verði. Ekki er innifalið flug til og frá Kaupmannahöfn.
**Næsta ferð: 26. júlí**



**Exit.is:**
### Allt það besta
14 daga ferð á vegum ferðaskrifstofunnar Intrepid sem ferðaskrifstofan Exit.is er í samstarfi við. Ferðamenn þurfa að koma sér sjálfir til Shanghai en þaðan er haldið til Nanjing og Yangtse áin skoðuð. Terracotta herinn í Xian er skoðaður, auk Kínamúrsins og Peking er heimsótt. Hámark 12 manns komast í þessa ferð.

Verð: **88.700 kr.** á mann.
Flug til og frá Íslandi er ekki innifalið í verði.
**Næsta ferð: Farið er alla laugardaga frá Shanghai**

**Prima Embla Heimsklúbburinn:**
### Til móts við nýja dögun
10 daga ferð þar sem þrír áhugaverðustu staðirnir í Kína eru skoðaðir mjög vel. Borgin Peking er skoðuð, Xian og Guilin-héraðið sem er staðsett við Li-fljótið. Staldrað er lengi við á hverjum stað þannig að fólki gefst kostur á að kynnast svæðinu vel. Prima Embla sérhæfir sig í sérferðum af þessu tagi og leggur áherslu á að gist sé á mjög góðum hótelum og flogið með góðum flugfélögum.



Verð **219.000 kr.** á mann í tvíbýli.
Allt innifalið í verði.
**Næsta ferð: 6. maí**

**Heimsferðir:**
### Perlur Kína
19 daga ferð þar sem heimsóttir verða þekktir ferðamannastaðir, eins og Kínamúrinn, Forboðna borgin, Torg hins himneska friðar, Terrakotta herinn, hallir, skrautgarðar og silki- og perluverksmiðjur. Þá verða helstu borgir Kína sóttar heim, svo sem Peking, Shanghai og Suzhou. Kynnisferðir verða um Guilin-héraðið í Suður-Kína og siglt á ánni Li.

Verð: **269.900 kr.** á mann í tvíbýli. Allt innifalið í verði nema fæði (fyrir utan morgunverð í Hong Kong). **Næsta ferð: 21. október**



Enginn í heimi selur fleiri fasteignir en RE/MAX

**Ásdís Ósk Valsdóttir**
Sölufulltrúi • **Sími: 863 0402**

RE/MAX Mjódd

## 3ja herbergja íbúð á annari hæð með sérinngangi

# Opið hús í Laufengi 76, 112 Rvk, í dag kl. 18:00–19:00

**3ja herbergja íbúð með sérinngangi**



**Rúmgott baðherbergi**



**Baðherbergi:** Er með dúk á gólfi, flísalagt meðfram baðkari, tengi fyrir þvottavél, þurrkara og frystikistu.

**Eldhús með ljósri innréttingu**



**Eldhús:** Er opið með innréttingu á tveimur veggjum, efri og neðri skápum, tengi fyrir uppþvottavél.

**Íbúðin:** 3ja herbergja með sérinngangi. Tvö rúmgóð svefnherbergi, opin stofa, útgengt á svalir. Stór sameiginlegur pallur í garði.
***Stærð íbúðar með geymslu: 86,3m²***
***Verð: 15.300.000.-***

*Ásdís Ósk tekur á móti gestum í dag kl. 18:00 – 19:00*

# Barnavöruverslun til sölu



Af sérstökum ástæðum er til sölu barnavöruverslun. Frábært tækifæri fyrir aðila sem hafa áhuga á að fara út í sjálfstæðan rekstur. Verslunin er með nokkur umboð á sínum snærum og miklir möguleikar fyrir dugmikið fólk. Nánari upplýsingar fást hjá sölufulltrúa.

# Verslun á Laugarvegi

100m² verslunarhúsnæði við Laugaveg. Flísalagt gólf, mátunarklefar innst í verslun. Eldhúsaðstaða og salerni innaf verslun. Eitt bílastæði á lóð fylgir versluninni.
Sérútgangur á baklóð. Hægt að yfirtaka 3ja ára leigusamning.

## Er að leita að...

**Mjög stór kaupendalisti að eignum í Seljahverfi, sérstaklega stærri eignir.**

Rað/par/hæð í Kópavogi, skipti möguleg á stórglæsilegu einbýlishúsi í Seljahverfi.

Stórt einbýlishús í Seljahverfi með a.m.k 5 svefnherbergjum og bílskúr, skipti möguleg á minna einbýlishúsi í Seljahverfi.

Einbýlishús með a.m.k. 5 svefnherbergi og tvöföldum bílskúr, skipti á stórglæsilegu einbýli í Seljahverfi.

Einbýli/rað/par með a.m.k. 4 svefnherbergjum á rólegum stað í barnvænu hverfi, helst Víkur-, Staðar-, og Borgarhverfi. Skipti möguleg á rúmlega 200 m² efri sérhæð í Foldahverfi.

Húsnæði sem þarfnast endurbóta, staðsetning opin.

Einbýli eða raðhús í Hafnarfirði (Hlíðahverfi eða Ásland), a.m.k. 3 svefnherbergi á bilinu 20-26 milljónir. Skipti möguleg á 3ja herbergja íbúð í Hlíðahverfi í Hafnarfirði.

Lítið endaraðhús/einbýli, 100-140 m² með bílskúr, staðsetning opin, helst lengra komið en fokhelt.

Sérhæð í 101 eða 107, a.m.k 3 svefnherbergi, 20-25 milljónir, skipti möguleg á minni íbúð á Melunum.

2ja-3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði og sérinngangi í Grafarvogi, helst með bílskúr, skipti möguleg á 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérgarði í Foldahverfi.

Vantar 120 fm. íbúð, verður að vera bílskúr, 20-25 millur, útsýni mikill kostur, skipti möguleg á 4ra herbergja íbúð í efra Breiðholti.

**Ef þú þarft að selja þína fasteign, hafðu þá samband við mig og við munum sjá um að selja hana fyrir þig**

- Frítt verðmat vegna íbúðasölu
- Fagljósmyndari tekur myndir af eigninni
- Ítarleg eignamappa fyrir hverja eign
- Ég held opið hús í upphafi sölumeðferðar
- Ég sýni allar eignir
- Enginn kostnaður nema eignin seljist
- Virk eftirfylgni vegna allra fyrirspurna varðandi eignina
- Fullur aðgangur að kaupendaþjónustunni

*Ásdís Ósk er styrktaraðili SOS barnaþorpa www.sos.is*



**Ásdís Ósk Valsdóttir** • Sölufulltrúi Remax í Mjódd • **Sími: 863 0402** • **Netfang: asdis@remax.is**
**Guðmundur Þórðarson**, löggiltur fasteignasali • RE/MAX Mjódd • Þönglabakka 1 • 109 Reykjavík • Sími: 520 9550 • Fax: 520 9551

http:// www.si.is

Samtök iðnaðarins



Október 2005

Leitarorð

Flýtival

ÚTBOÐSÞING 2005

# Verklegar framkvæmdir

**Grand Hótel 28. janúar 2005 frá kl. 13:00 til 17:00**

Árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda verður haldið föstudaginn 28. janúar kl. 13:00 á GRAND HÓTEL. Gefið verður yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðarbæjar. Kynntar verða framkvæmdir þeirra opinberu stofnana sem mest kveður að á útboðsmarkaði. Á þinginu gefst verktökum og öðrum einstakt tækifæri til að skyggnast inn í verkefnaframboð ársins.

**Dagskrá:**

**Fundarstjóri:** Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri SI
**Reykjavíkurborg:** Hrólfur Jónsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs
**Framkvæmdasýsla ríkisins:** Óskar Valdimarsson forstjóri
**Siglingastofnun:** Sigurður Áss Grétarsson forstöðumaður hafnasviðs
**Landsvirkjun:** Björn Stefánsson deildarstjóri virkjanadeildar
**Vegagerðin:** Rögnvaldur Gunnarsson forstöðumaður framkvæmdadeildar
**Kópavogsbær:** Gunnar Birgisson formaður bæjarráðs
**Hafnarfjarðarbær:** Lúðvík Geirsson bæjarstjóri
**Landsnet:** Þórður Guðmundsson forstjóri
**Orkuveita Reykjavíkur:** Ásgeir Margeirsson aðstoðarforstjóri

Samtök iðnaðarins hvetja félagsmenn að koma og taka þátt í umræðum um framkvæmdir opinberra aðila á næstu misserum. Þingið er opið öllum. Kaffi og léttar veitingar fyrir gesti að loknu þingi.

Samtök iðnaðarins

Upplýsingar um Útboðsþing veita Samtök iðnaðarins í síma 591 0100, netfang arni@si.is eða eyjolfur@si.is.
Þingið er á vegum Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda.

ATVINNA


# Fólk í fiskvinnslu

**Vantar fólk í fiskvinnslu í Hafnarfirði.**
Upplýsingar í síma 845-5141 og 897-0447 eftir klukkan 13 á daginn.

friendtex

## Heimakynningar

Óskum eftir að ráð fólk til sölu á kvenfatnaði og fylgihlutum víðsvegar um landið á heimakynningum. Falleg og auðseljanleg vara. Góðir tekjumögu-leikar fyrir duglegt fólk. Nánari upplýsingar í síma 568-2870 eða á www.friendtex.is


NÁM


FRÆÐSLUNET AUSTURLANDS

## Hyggur þú á háskólanám?

**Er stærðfræðin ryðguð?**
**Jafnvel gleymd og grafin?**

Á vorönn 2005 hyggst Fræðslunet Austurlands bjóða upp á 20 kest. grunnnám í stærðfræði víða um landið. Námið er hugsað sem upprifjun og undirbúningsnám fyrir nám á háskólastigi og er það skipulagt í samvinnu við Viðskiptadeild Háskólans á Akureyri. Miðað er við námsefni sem almennt er kennt í 103 – 203 áföngum í framhaldsskólum en á því efni þurfa nýnemar í mörgum háskólagreinum að kunna skil.

Námið verður með fjarnámssniði og kennt gegnum fjarfundabúnað og yfir netið.

Verð kr. 17.000 (bækur ekki innifaldar)

Fyrsta kennslulota er fyrirhuguð 8. feb.
Umsóknarfrestur er 1. feb.

Skráning hjá Fræðsluneti Austurlands í s. 471-2838 eða fna@fna.is

**Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.fna.is**



# Ertu að leita að góðum starfsmanni?

## Hvar ætlar þú að auglýsa?

Á sunnudögum fylgja sérblöð bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjalla um atvinnumál og eru atvinnuauglýsingar helsta efni þeirra. Bæði blöðin eru svokölluð innblöð, þ.e. þau eru í miðju aðalblaðanna þannig að lesendur þeirra rekast á atvinnublöðin og ákveða þá hvort þeir skoða þau eða ekki.

### En hverjir fá blöðin?

Við leituðum svara í fjölmiðla- og neyslukönnunum Gallups. Fjölmiðlakannanir Gallups eru gerðar í samvinnu við alla stærstu miðla landsins, Samtök auglýsenda og Samtök íslenskra auglýsingastofa, og eru viðurkenndar af þeim sem eina rétta aðferðin til að bera saman fjölmiðlanotkun landsmanna. Kannanirnar eru kynntar á heimasíðu Gallups sem niðurstöður en ekki túlkun.

| Lestur sunnudagsblaða, allir | 18-34 ára | 20-40 ára | 18-49 ára |
|---|---|---|---|
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 60,1% | 60,3% | 63,4% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 32,5% | 35,5% | 42,9% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **84,9%** | **69,6%** | **47,9%** |
| | | | |
| **Lestur sunnudagsblaða, konur** | **18-34 ára** | **20-40 ára** | **18-49 ára** |
| Sunnudagsblað Fréttablaðsins | 61,4% | 60,1% | 62,0% |
| Sunnudagsblað Morgunblaðsins | 28,4% | 31,6% | 41,1% |
| **Styrkur Fbl. umfram Mbl.** | **116,5%** | **90,0%** | **51,0%** |

65% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára **fletta ekki** sunnudagsblaði Morgunblaðsins **né heldur** 72% kvenna undir 35 ára aldri, sem getur varla hljómað vel fyrir fyrirtæki í leit að góðum starfsmönnum.

**1)** 95% heimila í Reykjavík og í nágrenni fá Fréttablaðið heim til sín á morgnana, sem þýðir að 95% þeirra sem eru í atvinnuleit fá atvinnublað Fréttablaðsins heim til sín á sunnudögum.

**2)** 48% heimila á sama svæði eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 52% þeirra sem eru á aldrinum 12-80 ára í atvinnuleit þurfa að fara út í búð og ná sér í Moggann ef þeir vilja skoða atvinnublaðið sem honum fylgir.

**3)** 72% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára búa á heimilum sem **EKKI** eru með áskrift að Morgunblaðinu, sem þýðir að 72% landsmanna á aldrinum 20-40 ára sem eru í atvinnuleit ára þurfa að fara út í búð ef þeir vilja skoða atvinnublað Morgunblaðsins á sunnudögum.

**4)** Ungt fólk er í langflestum tilfellum markhópur atvinnuauglýsinga og svona les það sunnudagsblöðin, samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups í október síðastliðnum:

**Tvær spurningar:**
*Hversu sennilegt er að fólk í atvinnuleit lesi ekki atvinnuauglýsingarnar í Fréttablaðinu (95% þeirra fá blaðið)?*

*Er ekki kominn tími til að laga birtingar á atvinnuauglýsingum að nýjum veruleika á blaðamarkaði eins og öll stærstu fyrirtækin í landinu hafa gert með sínar venjubundnu auglýsingar?*



**Við setningu haustþings 2003**
Umdeilt frumvarp um eftirlaun þingmanna og ráðherra var lagt fram nokkrum dögum fyrir þinglok. Það var samþykkt fimm dögum eftir að það var lagt fram. Verkalýðshreyfingin frestaði kjaraviðræðum vegna málsins.

Benedikt Davíðsson formaður Sambands eldri borgara

# Aukinn mismunur

Með eftirlaunalögunum var verið að búa til yfirstétt í landinu, að mati Benedikts Davíðssonar, formanns Landssambands eldri borgara. Sambandið mótmælti frumvarpinu harkalega á sínum tíma.

„Við þóttumst sjá það fyrir að verið væri að auka mismuninn í eftirlaunakerfinu í landinu þeim hærra launuðu til hagsbóta. Fréttir síðustu daga hafa sýnt fram á að við höfðum rétt fyrir okkur.“ Benedikt segir að um 11.000 einstaklingar sem eru 67 ára eða eldri lifi á 110.000 krónum eða minna á mánuði. „Þetta hafa menn frá Tryggingastofnun en það sem þeir kunna að afla sér til viðbótar leiðir til skerðingar á þessari upphæð.“ Af þessum 110.000 þurfa eldri borgarar að greiða 12.000 krónur í skatt. Stór hluti sendiherralauna sem fyrrverandi ráðherrar þiggja er skattfrjáls.

„Með þessari lagasetningu var verið að búa til yfirstétt með réttindi umfram aðra í landinu,“ segir Benedikt. Að hans mati eiga þingmenn og ráðherrar að greiða til almennra lífeyrissjóða eins og venjulegt fólk. „Við væntum þess að augu ráðamanna hafi loks opnast fyrir þessu og breytingar verði gerðar þannig að ráðamenn lifi við sambærileg lífeyrisréttindi og aðrir þegnar.“ Hann segir breiða gjá þarna á milli eins og kerfið sé nú. „Við vorum hneyksluð á því að sett voru lög til að auka þetta bil.“

Þingmenn skynja ekki kjör almennings, að mati Benedikts. „Ég sat fund með þingmönnum Suðvesturkjördæmis fyrir skömmu þar sem stjórnarþingmenn skömmuðu okkur fyrir að fagna ekki breytingum á erfðafjárskatti. Ég botna ekki í því hvernig slík breyting bætir kjör eldri borgara á nokkurn hátt.“

Eftirlaun Ólafs Ragnars Grímssonar

# Á grænni grein

Samkvæmt lögum um eftirlaun ráðherra, þingmenn og forseta á **Ólafur Ragnar Grímsson**, forseti Íslands, rétt á **1.446.000 krónum** í eftirlaun á mánuði ef hann lætur af embætti við lok núverandi kjörtímabils.

Hann fær 135.273 krónur fyrir þingsetu, 107.498 fyrir störf sem ráðherra og 1.203.168 krónur fyrir störf sem forseti.

Mánaðarlegar skattgreiðslur 120 ellilífeyrisþega duga fyrir eftirlaunum Ólafs. Ellilífeyrir frá Tryggingastofnun er 110.000 krónur og af honum eru greiddar 12.000 krónur í skatt.



Hverjir hafa hafið töku eftirlauna?

# Fátt um svör

Fréttablaðið hefur nefnt níu fyrrverandi ráðherra sem virðast eiga rétt á eftirlaunum þrátt fyrir að vera í fullu starfi á vegum hins opinbera. Samkvæmt upplýsingum frá Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna hafa sjö einstaklingar í slíkri stöðu hafið töku eftirlauna og þegið samtals sautján milljónir króna á síðasta ári. Blaðið sendi þeim níu fyrirspurn í liðinni viku þar sem spurt var hvort þeir hefðu hafið töku eftirlauna í samræmi við eftirlaunalögin.



**Eiður Guðnason**
Sendiherra í Kína á rétt á um 250.000 króna eftirlaunum.

Eiður segist ekki ræða kjaramál sín við Fréttablaðið.



**Friðrik Sophusson**
Forstjóri Landsvirkjunar á samkvæmt útreikningum blaðsins eftirlaunarétt upp á 330.000 krónur.

Friðrik segist ekki hafa hafið töku eftirlauna í samræmi við eftirlaunalögin. Í tilefni upplýsinga sem komið hafi fram í fréttum um rétt sinn hafi hann ákveðið að óska eftir að nýta sér þann áunna rétt.



**Jón Baldvin Hannibalsson**
Sendiherra í Finnlandi hefur rétt á um 370.000 krónum í eftirlaun.

Svar hefur ekki borist.



**Guðmundur Bjarnason**
Framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs á samkvæmt útreikningum blaðsins rétt á um 330.000 krónum í eftirlaun.

Guðmundur segist hafa hafið töku eftirlauna í samræmi við lög. Menn geti síðan að sjálfsögðu haft misjafnar skoðanir á löggjöfinni sem slíkri. Hann var hættur þingsetu þegar hún var sett.

Hann telur útreikningana hafa farið úrskeiðis því eftirlaunagreiðslur til hans vegna ráðherrastarfa nemi rúmum 117.000 krónum. Að auki hefur hann eftirlaun fyrir þingmannsstörf.



**Kjartan Jóhannsson**
Sendiherra í Belgíu á rétt á um 210.000 króna eftirlaunum.

Svar hefur ekki borist.



**Svavar Gestsson**
Sendiherra í Svíþjóð á rétt á um 350.000 króna eftirlaunum.

Svar hefur ekki borist.



**Sighvatur Björgvinsson**
Framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands á nú samkvæmt útreikningum blaðsins rétt á 290.000 króna eftirlaunum.

Sighvatur segir sinn skilning vera að hann hafi ekki enn öðlast rétt til eftirlauna sem ráðherra þar sem hann hafi ekki verið ráðherra í sex ár. Slíkan eftirlaunarétt hafi hann því ekki fyrr en við 65 ára aldur. Hann segist þó ekki hafa spurst fyrir um það sérstaklega. Hins vegar hafi hann öðlast rétt til töku eftirlauna vegna starfa sem alþingismaður. Hann hafi ekki hafnað þeim eftirlaunum né látið af starfi sem framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar af því tilefni.

Hann tók fram að nýju lögin hefðu verið sett um tveimur árum eftir að hann lét af þingmannsstarfi.



**Tómas Ingi Olrich**
Sendiherra í Frakklandi á rétt á um 150.000 króna eftirlaunum.

Tómas segist líta á greiðslur og gjöld sem einkamál.



**Þorsteinn Pálsson**
Sendiherra í Kaupmannahöfn hefur nú rétt á 360.000 krónum í eftirlaun.

Svar hefur ekki borist.

Allir vilja vera rokkarar

# HNAKKARNIR HNUPLA HRÁA STÍLNUM

Það er ekki auðvelt að festa hönd á tískunni í dag. Hver ólíki hópurinn virðist líkjast öðrum. **FM-hnakkarnir** eru allt í einu orðnir rokkarar, eða eru **rokkararnir** orðnir FM-hnakkar? *Freyr Gígja Gunnarsson* skoðaði málið.

Tískan í dag er ekki alls kostar auðvelt viðfangsefni, en eins og alltaf koma fyrirmyndirnar frá þeim sem standa í sviðsljósinu. Fyrir þremur árum kom orðið *hnakki* fyrst fram, var þá átt við sykursætu sólbekkjabrúnu strákana sem voru vel rakaðir í andlitinu, í Buffalo-skóm, fötum frá Mótor og ilminn af ilmvatninu lagði um allt. Í dag er þessi hópur að verða að minnihluta, finnst aðallega í vaxtarræktarsölum. Hnakkarnir urðu nefnilega fyrir uppljómun þegar fyrirmyndir á borð við Justin Timberlake, Robbie Williams og ekki síst David Beckham brutust fram, klæddir eins og rokkarar, húðflúraðir í bak og fyrir.

Margir fylgismenn hnakkatískunnar ákváðu því að leita í smiðju rokkaranna, keyptu sér keðjur í gallbuxurnar, stóra hringa og létu sér vaxa grön, nokkuð sem hefði verið óhugsandi fyrir þessa snyrtipinna að gera fyrir nokkrum árum. Þeir hafa því á skömmum tíma orðið að hörðum nöglum sem hlusta á sykursæta tónlist hljómsveita eins og Blue. Aðrir urðu eftir, eins og Heiðar Austmann og Ásgeir Kolbeins, sem hafa haldið hnakkatískunni hátt á lofti á Popptíví.

Rokkararnir í Mínus hafa verið áberandi undanfarin tvö ár, hvort sem það er fyrir yfirlýsingar sínar eða klæðaburð. En í fljótu bragði virðist ekki vera mikill munur á Skítamóral og Mínus. Húðflúr, hvort sem þau eru fengin að fyrirmynd úr bíómynd eða hafa persónulega skírskotun, eru í tísku bæði hjá hnökkum og rokkurum. Nonnabúð og Dogma eru ekki lengur rokkarabúðir, heldur eru þær fyrir bæði rokkara og hnakka. Það hefur því orðið til nýr hópur, ný tíska sem er hálfgerð samsuða þessara tveggja hópa, hinir svokölluðu rokk – hnakkar. Það eina sem aðskilur þá er í raun að í stað þess að lykta af reyk og brennivíni bera rokkhnakkaranir ennþá með sér sætan ilm kölnarvatns.



**Mugison** sló í gegn á síðasta ári. Hann er nýr fánaberi krúttkynslóðarinnar, laus við alla tilgerð og fyrirhöfn.

### Krúttin markaðsvædd

Krúttkynslóðin varð til fyrir um fimm árum og höfðu margir á orði að hér væri kominn fram hópur sem stæði á sama um allt, ekki skipti máli hvort skórnir væru gatslitnir og sokkarnir í mismunandi lit.



**Múm** Þau eru önnur kynslóð krúttanna og virðast leggja eins mikið upp úr að vera á þeirri línu og þau geta.

„Tískan er trunta“ virtist vera slagorðið, enda var upphaflega um að ræða fólk sem var orðið þreytt á öfgafullri markaðsvæðingu listarinnar.

En eins allir jaðarhópar urðu „krúttin“ markaðsöflunum að bráð, og nú þurfti að finna réttu „krútt“-merkin og reyna að sýnast eins mikið sama og hugsast gæti. Þetta þýddi langar stundir fyrir framan spegilinn, í þeirri von að finna eitthvað sem léti fólk sýnast vera nógu mikið sama um útlitið. Og fljótlega, eftir að Sigur Rós, Gabríella og Daníel Ágúst höfðu rutt brautina, reis krúttkynslóðin upp á fæturna, markaðsvæddist og kom fram sem tískuhópur. Ekki var lengur flott að vera bara í hverju sem er, heldur varð nú að velja fötin til þess að þau litu út fyrir að vera valin á síðustu stundu, en sem hafði í raun tekið óratíma að finna þessa samblöndu. Óreiðan varð að reglu, hið ósamsetta varð samsett.



**David Beckham** Hann er tvímælalaust eitt helsta tískutákn 21. aldarinnar. Hann blandar saman rokk- og hnakkatískunni, þannig að úr verður hinn sanni rokkhnakki.



**Mínus** Þeir spruttu fram með miklum látum, og eru nú ráðandi afl í tískuhugmyndum unga fólksins.



**Skítamórall**
Það hefur margt breyst síðan Skítamórall kom fyrst fram í jakkafötunum frægu. Þeir voru tákn fyrir Mótor og Moonboots, hina sönnu hnakkatísku, en eru nú orðnir harðir rokkarar hvað útlitið varðar.

### Fyrirhafnarlaus Mugison

En af öllum mönnum er það sjálfur Mugison sem er að verða eitt helsta tískutáknið í dag. Hann þykir hafa smekklegt val á því að vera mitt á milli þess að vera rokkari og krútt. Hann er því ef til vill tákn fyrir hina nýju kynslóð, sem er mótuð af poppmenningu, listhneigð og því að standa á sama. Hann er meðvitaður um það sem er að gerast í kringum hann, hlustar á vinsældapopp og hefur skoðanir á þjóðmálunum. Það er því ef til vill ekki Mugison sjálfur, heldur það sem hann stendur fyrir. Að vera mitt á milli þess að vera alveg sama og standa alls ekki á sama um útlitið.

# Pólóbolurinn lifir



Lacoste klikkar ekki.

Gamli góði pólóbolurinn hefur fengið nýtt líf. **Miuccia Prada** veðjar á hann í vorlínum sínum, bæði hjá Prada og hjá litlu systur **Miu Miu**. Miu Miu pólóbolirnir eru margvíslegir, ýmist einlitir með skrautlegu lógói á brjóstinu eða röndóttir. Bolirnir eru mjög litríkir og koma í gulum, appelsínugulum og rauðum. Sævar Karl er komin með Miu Miu í verslun sína en enn sem komið er er bara hluti af línunni fáanlegur. Það eru þó fleiri hönnuðir hrifnir af pólóbolnum. **Marc Jacobs** sýnir pólóbolinn sinn í vorlínunni og pólóbolirnir frá **Fred Perry** eru klassískir. Svo ekki sé minnst á **Lacoste** pólóbolina sem fást í öllum regnbogans litum. Lacoste bolurinn náði sögulegu hámarki á níunda áratugnum þegar forstjórar komust upp með að mæta í þeim á skrifstofuna innan undir jakkafötunum í stað skyrtu og bindis. Núna er þó annað upp á teningnum. Nú á fólk að nota pólóbolina við töffaralegar gallabuxur, helst alveg niðurmjóar eða beinar í sniðinu. Við erum ekki að tala um buxur með „bootcut“ sniði. Það er algerlega dottið út.



Marc Jacobs pólóbolur er svalur.



Karen Millen skór smellpassa við pólóboli.



Miu Miu leggur línurnar.

# ÚTSALA

## RAFTÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

---

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

# LOKADAGAR

**ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG**

---

**OPIÐ KL. 10-16**

**TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!**

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2004

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS




Grænn kostur

# Lífrænn og lifandi

**Hvar og hver er staðurinn:** Grænn kostur, Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík. Við Bílastæðahúsið í Bergstaðastræti.
**Stemningin:** Það er heimilisleg stemning á Grænum kosti og mikið af fastakúnnum sem hafa sótt staðinn stíft um margra ára skeið. Grænn kostur er kjörinn fyrir þá sem búa einir því það er svo auðvelt að droppa við, fá sér að borða, kíkja í blöðin og eiga notalega stund. Staðurinn var hannaður af Guðjóni Bjarnasyni arkitekt og hafa innréttingarnar sannarlega staðist tímans tönn. Gólfin eru flotuð og það er skemmtilegt samspil milli viðar, steypu og svarta litarins sem er allsráðandi ásamt ljósum. Þegar staðurinn opnaði fyrir tíu árum var hann sá eini sinnar tegundar. Fyrsti græni skyndibitastaðurinn sem býður upp á mat sem er laus við hveiti, sykur, ger og mjólkurvörur. Maturinn er einnig án allra aukefna eins og MSG. Grænn kostur er opinn frá 11.30 til 21.00 alla virka daga og á laugardögum. Á sunnudögum er opið frá 13.00 til 21.00.
**Matseðillinn:** Matseðillinn er fjölbreyttur frá degi til dags. Grænmetis- og baunabuff eru fastir liðir á matseðlinum ásamt bökum, lasagne og öðrum smáréttum. Með rétti dagsins eru alltaf hýðishrísgrjón ásamt fersku salati sem einnig er breytilegt frá degi til dags. Nær eingöngu er notast við lífrænt hráefni á Grænum kosti.
**Vinsælasti rétturinn:** Blanda af báðum réttum dagsins er vinsælasti rétturinn á Grænum kosti en þá gefst viðskiptavinum tækifæri til að bragða sitt lítið af hvoru.
**Hvað kostar:** Venjulegur skammtur kostar 1000 krónur en 1200 krónur með ábót. Bökurnar og smáréttirnir eru flestir á 800 krónur.

# Lehmann verst óvinveittri yfirtöku



Seint á áttunda áratugnum þráaðist ástralski víngerðarmaðurinn Peter Lehmann við þegar víngerðarhúsið sem hann starfaði hjá gekk á bak orða sinna við bændur á svæðinu og neitaði að kaupa þrúgur sem fyrirtækið hafði áður lofað að kaupa. Lehmann vildi vera maður orða sinna, keypti þrúgurnar samt og hætti hjá fyrirtækinu og stofnaði eigin víngerð. Í fyrra sýndi Lehmann enn einu sinni hvað hann getur verið sauðþrár þegar hann stóð staðfastur gegn óvinveittri yfirtöku eins stærsta vínfyrirtækis heims. Guði sé lof, segja margir vinunnendur því vín Lehmann eru einstök og handbragð meistarans leynir sér ekki.

Rauðvínið Futures Shiraz er toppurinn í Ambassador línunni, ákaflega höfugt vín sem einkennist af mildri notkun eikar við framleiðsluna og flauelsmjúkum berjum. Lehmann framleiddi fyrsta árganginn af shiraz árið 1980 og honum fannst hann lofa það góðu að hann ákvað að nefna það „Futures“, svo mikla trú hafði hann á framtíðarmöguleikum shiraz-þrúgunnar í Barossadalnum.

**Verð í Vínbúðum 1.790 kr.**


ÞORRABLÓT
20 - 80 manna hópar
Tökum að okkur Þorrablót fyrirtækja, félagasamtaka, vinahópa, átthagasamtaka o.s.frv.



Hótel Cabin, Borgartúni 32
*Súðin á 6. hæð Hótel Cabin er einstaklega huggulegur veislusalur þar sem hópar njóta næðis en þó er stutt í ys og þys miðborgarinnar.*
*Salatbarinn*
*- ávallt ferskur í hádeginu.*
*Opinn virka daga frá klukkan 11.30 til 14.00*
Pantanir í síma
5116030
www.hotelcabin.is, booking@hotelcabin.is
Hótel Cabin




Jón Reykdal myndlistarmaður Er ekki bókstafstrúarmaður á uppskriftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Reykdal myndlistarmaður þolir ekki þorramat

# Franskur klassíker

Sumir velta fyrir sér heimsmálunum, aðrir sökkva sér niður í íþróttirnar. Jón Reykdal myndlistarmaður les uppskriftir en ekki til þess að fara nákvæmlega eftir þeim, heldur til þess að fá hugmyndir. „Ég er enginn bókstafstrúarmaður á uppskriftir og hleyp ekki upp til handa og fóta ef mig vantar eitthvað, það kemur „maður í manns stað“ í gerð matar.“

Hann segist vera mjög hrifinn af frönskum og ítölskum mat, sem hann blandi oft á tíðum saman. „Ég reyni þó eftir fremsta megni að hafa matinn hollan, vegna þess að ég er haldinn fordómum gagnvart fitu,“ segir hann og hlær. Hátíðir eins og þorrinn eru ekki beint uppáhald Jóns og hann segist varla geta þolað þorramatinn en lætur sig þó hafa það að fara á eitt og eitt þorrablót. „Að lykta af hákarli er eins og að lykta af gröfnu líki. Ég vel miklu frekar að ilma af hvítlauk,“ segir hann. Þrátt fyrir að hafa náð góðum tökum á gerð aðalrétta, þá segist Jón vera mjög lélegur í gerð eftirrétta. „Ég kýs þá miklu frekar ferska ávexta,“ segir Jón Reykdal sem gefur hér uppskrift að ekta frönskum kjötrétti.



**Provence nautalundir á kartöflubeði**
Það er ekki amalegt að bjóða upp á þennan rétt í miðjum þorranum

**Provence nautalundir á kartöflubeði**
Fyrir 4-6 eftir atvikum þarf
1kg nautalundir, helst miðbita,
150 gr af smjöri,
góða lúku af steinselju,
tvo geira af hvítlauk,
salt,
svartur pipar.
kartöflur

Blandið smjöri, hvítlauk, steinselju, salti og pipar og rúllið þessu upp t.d., inn í smjörpappír, og geymið í ísskáp, jafnvel frysti ef smjörið er lint. Skerið kartöflurnar í þunnar sneiðar og steikið á pönnu eða ofnsteikið í ofnföstu fati, saltið léttilega. Takið nautalundina, snyrtið hana til ef með þarf og brúnið á pönnu allan hringinn, piprið og saltið. Minnkið síðan hitann og leyfið henni að malla í ca. 10 mínútur og snúið einu sinni. Þá er lundin tekin af pönnunni og sett til hliðar og látin jafna sig. „Ef ýtt er á hana með fingri, og hún gefur eftir, þýðir það að hún er ekki gegnumsteikt,“ segir Jón og bætir því við að hver og einn verði að meta fyrir sig hversu vel steikta lund hann vill bera fram. Í framhaldi af þessu á að hella 1/2 -1 dl vatni yfir pönnuna og sjóða upp kraftinn frá kjötinu, smakka til soðið og geyma. Jón segir að þegar kartöflurnar séu tilbúnar er þeim raðað í ofnfast fat. Steikina eigi að skera í sentimetra þykkar sneiðar og sneiðunum raðað yfir kartöflurnar. „Svo er kjötkraftinum hellt yfir og hvítlaukssmjörið skorið kalt í sneiðar og þeim raðað ofan á eða á milli kjötsneiðanna,“ segir hann. Þetta er síðan sett í 250 gráðu heitan ofn þar til smjörið bráðnar og kjötið er orðið vel heitt án þess að því sé ofgert. Jón segir það vera mjög gott að bera fram með þessu strengjabaunir, steikta tómata og grænt salat. „Og ekki má gleyma góðu rauðvíni sem hæfir nautakjöti.“

Matgæðingurinn **Nanna Rögnvaldardóttir matargúru á Gestgjafanum**

# Bræddi ost í gamalli niðursuðudós

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Í matargerð myndi ég síst vilja vera án sítróna því það er hægt að nota þær í svo ákaflega margt. Hvítlaukur, smjör, ólífuolía og svartur pipar eru líka ómissandi því það er hægt að gera ansi margt ef ég hef þessa hluti við höndina.



**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Eiginlega ekki og þó, ég sækist ekkert sérlega eftir því að borða reykta ýsu. Það er þó ekki vegna bragðsins heldur tengist reykt ýsa atviki á mínum unglingsárum sem ég vil alls ekki fara nánar út í.

**Fyrsta minningin um mat?** Fyrsta tilraun mín í matargerð var framkvæmd þegar ég var sex ára. Ég var búin að lesa mikið um bráðinn ost en hann hafði ég aldrei smakkað. Þegar mamma var í fjósinu tók ég ostbita og bræddi hann í gamalli niðursuðudós á kolaeldavél. Þegar osturinn fór að bráðna spratt upp þessi ógeðslega lykt og því fór ég með niðursuðudósina út og faldi mig þangað til lyktin var farin úr eldhúsinu. Ég smakkaði ekki bráðinn ost fyrr en mörgum árum seinna.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Það er ýmislegt undarlegt í ísskápnum, en ég veit ekki hvort það skiptir sköpum í matargerð, það er annað mál. Ég passa mig á að eiga alltaf góðar svartar ólífur, helst saltaðar, ekki í legi.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ég elda Risotto því það er svo róandi að búa það til og róandi að borða það. Það er ekki til meira róandi matur.



**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Ég á yfirleitt



alltaf ferskar kryddjurtir, hráskinku, egg, mjólk og smjör.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** ég myndi taka með mér vænt hangilæri, taðreykt að norðan.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ég borðaði ýmislegt sem krakki sem þætti skrítið núna. Eitt af því er til dæmis blóðkássa sem er búðingur sem er búinn til úr kálfablóði og borðaður með kanilsykri.

# Hvítvín frá Elsass úr tokay pinot gris og gewürztraminer









Elsass-hérað í Frakklandi er eitt besta hvítvínssvæði heims. Vínin þaðan eru jöfn og áreiðanleg og fremur einfalt fyrir vínáhugafólk að velja vínin, þar sem þeim er einfaldlega skipt eftir þrúgum og kaupandinn veit hvað hann er að fá. Vín úr norðurhluta héraðsins eru ferskari en eftir því sem sunnar dregur og hlýnar eru vínin þykkari og feitari. Gaman er að gera samanburð á vínum úr tokay pinot gris og gewürztraminer. Pinot gris-vínin eru léttari, sýrumeiri og auðdrekkanlegri ein og sér. Fá vín eru eins góð með fiski og léttum mat og með ostum á borð við camenbert, brie og yrju. Gewürztraminer-vínin eru aftur á móti feitari, sætari og kryddaðri, kalla á bragðmeiri mat og feitari og osta eins og stilton, gorgonzola og roquefort.

**Willm Pinot Gris** er ákaflega góður fulltrúi tokay-vína frá Elsass. Það er fremur þurrt, með hnetusmjörskeimi í bland við suðræna ávexti og langt silkimjúkt eftirbragð. Vínið nýtur sín vel með sushi, gufusoðnum eða bökuðum laxi, hvítu kjöti og foie gras.
**Verð í Vínbúðum 1.390 kr.**

**Rene Mure Pinot Gris** virkar sætt við fyrstu kynni en svo dettur inn sýra í eftirbragði. Þroskað vín sem virkar vel með karríréttum, krydduðum kjúklingi, paté og auðvitað flestum fiskréttum.
**Verð í Vínbúðum 1.590 kr.**

**Rene Mure Gewürztraminer** er kryddað, þykkt og mikið úr suðurhluta héraðsins. Gefur af sér gríðarlega skemmtilega angan af hunangi, aprikósum og sætu kryddi sem einnig endurspeglast í bragðinu. Feikilegt eftirbragð, langt og viðvarandi með örlítilli sætu í byrjun en endar í þurrum ávöxtum. Afbragð með austurlenskum mat en hentar einnig með ýmsum ostum.
**Verð í Vínbúðum 1.490 kr.**

**Willm Gewürztraminer** er öllu léttara og ferskara en Rene Muré enda úr norðurhlutanum. Býður upp á allt það sem einkennir gott vín úr þrúgunni: krydd, sætu af aprikósum, sveskjum og rúsínum auk skemmtilegrar góðrar sýru. Vegna ferskleikans er hægt að drekka þetta vín eitt og sér en það er einnig gott með ostum, mildum austurlenskum réttum og feitum fiskiréttum.
**Verð í Vínbúðum 1.390 kr.**

Tokay pinot gris

## Töfraþrúga

„Sú vínþrúga sem er á hvað mestri uppleið í heiminum í dag er **Tokay pinot gris** þrúgan sem er ræktuð í Elsass-héraði Frakklands," segir **Andrés Páll Júlíusson**, vínþjónn á Hótel Holti. „Heimildir herma að á 14. öld hafi þrúgan verið flutt til Ungverjalands og ræktuð undir nafninu **Szürkebarat** en hún var flutt til Elsass (Alsace) aftur 200 árum seinna af hershöfðingjanum **Schwendi**, sem hafði verið að berja á Tyrkjum. Hann lét planta þrúgunni í Kientzheim, sem er ótrúlega fallegt þorp í miðju Elsass, og nefndi tokay.

Nafnið tokay d'Alsace hélst á þrúgunni fram til 1980 en þá fóru skriffinnar í Brussel að leggjast gegn nafninu vegna tengingar við tokaji-vínin í Ungverjalandi (eina tengingin er reyndar sú að bæði vínin bera svipað nafn) og upp frá því var byrjað að tala um pinot gris eða tokay pinot gris."

### Fjölhæf þrúga

Aðal „karakterinn" við tokay pinot gris er fjölhæfnin í þrúgunni og þeim vínum sem koma úr henni, sem dæmi eru ung vín með mikið boddí og lykt sem einkennist af banana og ananas, örlitlum reyk, litlu eða engu kryddi og ferskri og frekar lágri sýru. Þegar vínin eldast þróast þau yfir í að vera flókin krydduð vín sem eru meira ristuð, kremuð og með mikinn hunangs- og hnetukeim. Tokay pinot gris er fjölhæft matarvín og er því helst að þakka að þrúgan þarf ekkert sérstaklega góð ár til að gefa af sér vín með stórt boddí, miðlungs sýru og nokkurt magn af umframsykri, en það er einmitt umframsykurinn sem gerir það að verkum að mörgum finnst þegar þeir smakka tokay pinot gris í fyrsta sinn að þar sé komið vín sem er of sætt fyrir þeirra smekk. Andrés segir að það sé reyndar rétt að sum undanfarin ár hafa verið að gefa af sér of sæt tokay pinot gris vín. „Það er hins vegar vert að benda öllum á að gefa þrúgunni annað tækifæri því að í góðum árum eins og 1996 renna umframsykurinn og sýran saman og gefa af sér eitthvert besta jafnvægi sem ég hef fundið í hvítvíni."

### Gott með hreindýri og gæs

Tokay pinot gris vín er fyrst og fremst er sem er þægilegt að drekka hvenær sem er og hvar sem er og alltaf hægt að finna vín sem hæfir tilefninu. Stór tokay pinot gris vín úr góðum árum frá góðum framleiðenda eru til dæmis einu hvítvínin sem ég hef prófað og treyst að drekka með hreindýri og gæs, útkoman var stórkostleg þó svo að meðlætið skipti nokkru máli, sósan má ekki vera of sterk né meðlætið of brasað."





# Fallvötn í útrýmingarhættu

Sumarið 2003 hélt listamaðurinn Rúrí til Feneyja sem fulltrúi Íslands á tvíæringnum þar í borg. Hún hafði meðferðis verkið Archive-Endangered Waters, sem vakti mikla athygli og var einnig sýnt í Hollandi og Frakklandi á síðasta ári.
Nú gefst í fyrsta sinn kostur á að skoða þetta verk hér á landi. Sýning á því verður opnuð í Listasafni Íslands á laugardaginn kemur.
Þetta verk er eins konar óður til náttúrunnar og hugleiðing um gildi hennar í nútímanum. Verkið er fyrirferðarmikið, í rauninni innsetning unnin með fjölbreyttri tækni þar sem stórar ljósmyndir af íslenskum fossum gegna stóru hlutverki ásamt hljóðum úr þessum sömu fossum.
Rúrí er fyrir löngu orðin landskunn og hefur haldið sýningar víða um heim við mjög góðan orðstír. Þekktasta verk hennar er vafalaust, Regnboginn, sem blasir við ferðalöngum sem stíga út úr flugstöð Leifs Eiríkssonar, litskrúðugur og tignarlegur.
Hún hefur aldrei takmarkað sig við einn miðil í sinni listsköpun heldur finnur hún hugleiðingum sínum farveg í gegnum gjörninga, höggmyndir, stórbrotin umhverfisverk eða innsetningar og það eru ávallt mjög skýrar hugmyndalegar forsendur fyrir verkunum.
Um leið og sýning Rúríar verður opnuð í Listasafninu verður opnuð þar önnur sýning með yfirskriftinni „Íslensk myndlist 1930-1945“. Þar verða sýnd verk eftir íslenska listamenn sem sýna þróun íslenskrar listar frá expressjónisma til abstraktlistar.

bkk=j bfof
sbo ihhrk
SM=2§ª=TMB=~¤±ªÅ 2230
b°3 «=~ =2~©~=3®®=¬%¨~°=´Ø°3°
design.is@2005
SAND
WOMAN
Kringlunni Å 553 4141

# 3 dagar...

## Fimmtudagur...



... klukkan 15 ætlar **Sigríður Matthíasdóttir** sagnfræðingur að fjalla um viðhorf karla til kvenréttinda á Íslandi í kringum aldamótin. Hún flytur fyrirlestur um efnið á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í náttúrufræðahúsinu Öskju, stofu 132.

... tveir nemendur úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands, þær **Hafdís Vigfúsdóttir** flautuleikari og **Sólveig Samúelsdóttir** messósópran, koma fram í sólóhlutverki með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Hljómsveitarstjóri verður **Bernharður Wilkinson**.



... hljómsveitin **Tenderfoot** heldur tónleika á Grand Rokk ásamt **Láru** og **Sviðinni jörð.**

## Föstudagur...



... í Sjallanum á Akureyri kemur fram djangótríóið **Robin Nolan Trio**, sem er íslenskum djassgeggjurum að góðu kunnugt. Með tríóinu spilar **Daniel Lapp** á trompet og fiðlu. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00.



... um ellefuleytið hefjast á Grand Rokk tónleikar með **Jan Mayen, Douglas Wilson** og **Ceres 4**.

... Ísfirðingar á suðvesturhorni landsins ættu að bregða sér á Broadway þar sem sólarkaffi Ísfirðingafélagsins verður haldið. Það er engin önnur en hljómsveitin **BG** sem sér um tónlistina.

## Laugardagur...

... tvær sýningar verða opnaðar í Listasafni Íslands. Önnur nefnist **Íslensk myndlist 1930-1945**, en hin er sýning á verki **Rúríar, Archive-Endangered Waters** sem vakti mikla athygli á Feneyjatvíæringnum árið 2003.



... í Salnum í Kópavogi ætla þau **Alina Dubik** mezzósópran og **Jónas Ingimundarson** píanóleikari að flytja söngva slavneskra tónskálda, Chopin, Karlowitz og Tsjaíkovskí, auk íslenskra laga í Salnum í Kópavogi. Tónleikar þeirra hefjast klukkan 16.

... í Borgarleikhúsinu hefst klukkan 20 sýning franska sirkusflokksins **Oki Haiku Dan**, sem kemur til landsins með sýningu sína „Hreyfa ekki hreyfa“ þar sem unnið er með líkamshreyfingar innan hárnákvæmra forma.

## BÍÓ



Stórmyndin **The Aviator** verður frumsýnd um helgina. Myndin fjallar um ævi eins áhrifamesta Bandaríkjamanns síðustu aldar, Howards Hughes. Græddi hann mikinn pening á flugvéla- og kvikmyndaiðnaðinum og varð fyrir vikið þekkt persóna í bandarísku þjóðlífi.
**Leikstjóri: Martin Scorsese** sem á að baki stórmyndir á borð við Taxi Driver, Raging Bull og Gangs of New York.
**Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Cate Blanchett, Kate Beckinsale, Gwen Stefani, Alec Baldwin, Adam Scott** og **Alan Alda.**
**Orðspor:** *Myndin fékk 11 tilnefningar til Óskarsverðlaunanna í ár og segir það allt sem segja þarf.*



Þeir sem vilja meiri hasar geta séð **Elektra** með Jennifer Garner úr Alias-sjónvarpsþáttunum í aðalhlutverki. Myndin er byggð á teiknimyndahetjunni Elektru sem fyrst kom við sögu í annarri vinsælli teiknimyndasögu, Daredevil. Garner var einmitt í hlutverki Elektru í kvikmyndinni Daredevil og endurtekur því leikinn hér.
**Leikstjóri: Rob Bowman**, sem síðast gerði drekamyndina Reign of Fire.
**Aðalhlutverk: Jennifer Garner, Terence Stamp, Will Yun Lee, Colin Cunningham** og **Jason Isaacs.**
**Orðspor:** *Myndin fær heldur slappa dóma og þykir handritið ekki vera upp á marga fiska.*



Brúðumyndir eru ekki á hverju strái. Hér eru höfundar South Park-þáttanna mættir með eina slíka sem kallast **Team America – World Police**. Myndin þykir mikil ádeila á stríðsrekstur Bandaríkjanna auk þess sem gert er grín að þekktum hasarmyndum frá Hollywood.
**Leikstjóri: Trey Parker**, annar af höfundum South Park.
**Aðalhlutverk: Matt Stone, Trey Parker, Dian Bachar, Josiah D. Lee** og **Kristen Miller**.
**Orðspor:** *Myndin fær góða dóma og þykir afar fyndin. Ádeilan er jafnframt sögð hitta í mark.*

# ÚT AÐ BORÐA



## Helgina 28.-30. janúar 2005
## taka neðangreindir veitingastaðir þátt í

# DINE AID

Heimssamtök matreiðslumanna standa fyrir söfnun til stuðnings fólki á hamfarasvæðum Asíu. Markmið verkefnisins er að vinna að endurmenntun fólks í veitingagreinum á meðan enga atvinnu er að hafa.

Klúbbur matreiðslumeistara,
Samtök ferðaþjónustunnar og
MATVÍS standa fyrir söfnuninni hér á landi

Neðangreindir veitingastaðir gefa hlutdeild af hverjum greiddum reikningi til stuðnings söfnuninni

Með því að fara út að borða um helgina – á einhvern þessara veitingastaða – rétta Íslendingar fólki í veitingagreinum á þessum svæðum hjálparhönd.

## Listi yfir þátttakendur

**Reykjavík**
American Style, Skipholt 70
Apótek Bar Grill, Austurstræti 16
Argentína steikhús, Barónsstíg 11a
Austur Indíafélagið, Hverfisgötu 56
Á næstu grösum, Laugavegi 20b
BK kjúklingar, Grensásvegi 5
Café Amsterdam, Hafnarstræti 5
Cafe Bleu, Kringlunni
Cafe Victor, Hafnarstræti 1-3
Carpe Diem, Rauðarárstíg 18
Caruso, Þingholtsstræti 1
Einar Ben, Veltusundi 1
Galileo, Hafnarstræti 1
Grand Hótel Reykjavík, v/Sigtún
Grillhúsið, Tryggvagötu 20
Grillið á Radisson SAS Hótel Sögu, v/Hagatorg
Hamborgarabúlla Tómasar, Geirsgötu 1
Hard Rock Cafe, Kringlunni
Hornið, Hafnarstræti 15
Hótel Borg, Pósthússtræti 9
Hótel Cabin, Borgartúni 32
Hótel Loftleiðir, Lónið v/Hlíðarfót
Hótel Nordica, VOX, Suðurlandsbraut 2
Hrói höttur, Fákafeni 11
Hrói höttur, Hringbraut 119
Hrói höttur, Langarima 19-21
Humarhúsið, Amtmannsstíg 1
Hverfisbarinn, Hverfisgötu 20
Jómfrúin, Lækjargötu 4
Kaffi París, Austurstræti 10
Kaffi Reykjavík, Vesturgötu 2
Kaffi Sólon, Bankastræti 7a
Kaffi Strætó, Þönglabakka 4
Kaffibrennslan, Pósthússtræti 9
La Primavera, Austurstræti 9
Lækjarbrekka, Bankastræti 2
Maru, Aðalstræti 12
McDonald's, Kringlunni
McDonald's, Suðurlandsbraut 56
Naustið, Vesturgötu 4-6
Nelly's Bar, Þingholtsstræti 2
Perlan, Öskjuhlíð
Pizza Hut, Bústaðavegi 153
Pizza Hut, Stórhöfða 17
Pizza Hut, Suðurlandsbraut 2
Quisnoz, Suðurlandsbraut 32
Rauðará Steikhús, Rauðarárstíg 29
Salatbarinn hjá Eika, Faxafeni 9
Sjávarkjallarinn, Aðalstræti 2
Skrúður á Radisson SAS Hótel Sögu, v/Hagatorg
Stúdentakjallarinn, v/Hringbraut
Tapas barinn, Vesturgötu 3
Thorvaldsen Bar, Austurstræti 8-10
Tveir fiskar, Geirsgötu 9
Við tjörnina, Templarasundi
Viðeyjarstofa Viðey
Ölver Glæsibæ, Álfheimum 74

**Hafnarfjörður/Kópavogur/Mosfellsbær**
American Style, Dalshrauni 13, Hafnarfirði
Gafl-Inn, Dalshrauni 13, Hafnarfirði
Hrói höttur, Hjallahrauni 13, Hafnarfirði
American Style, Nýbýlavegi 22, Kópavogi
Hrói höttur, Smiðjuvegi 2, Kópavogi
McDonald's, Smáratorgi 5, Kópavogi
Pizzabær, Þverholti 2, Mosfellsbæ

**Reykjanes**
Hótel Keflavík, Vatnsnesvegi 12, Keflavík
Flughótel, Hafnargötu 57, Keflavík
Bláa lónið, Svartsengi, Grindavík
Veitingahúsið Brim, Hafnargötu 9, Grindavík

**Vesturland/Vestfirðir**
Hótel Barbró, Kirkjubraut 11, Akranesi
Brúartorg, Brúartorgi, Borgarnesi
Hótel Borgarnes, Egilsgötu 12-16, Borgarnesi
Hótel Búðir, Búðum
Hreðavatnsskáli, Norðurárdal
SKG veitingar, v/Silfurtorg, Ísafirði
Staðarskáli, Hrútafirði
Veitingaskálinn Brú, Hrútafirði

**Norðurland**
Bláa kannan, Hafnarstræti 96, Akureyri
Fiðlarinn, Skipagötu 14, Akureyri
Greifinn, Glerárgötu 20, Akureyri
Hótel KEA, Hafnarstræti 86, Akureyri
Kaffi Karólína, Kaupvangsstræti, Akureyri
Veitingahús Pengs, Strandgötu 13, Akureyri
Veitingahúsið Friðrik V, Strandgötu 7, Akureyri
Jónsabúð, Túngötu 1-3, Grenivík
Hótel Reynihlíð, v/Mývatn

**Austurland**
Hótel Hérað, Miðvangi 5-7, Egilsstöðum
Hótel Höfn, Víkurbraut 20, Höfn
Kaffi Hornið, Hafnarbraut 42, Höfn
Fosshótel Reyðarfjörður, Búðareyri 6, Reyðarfirði
Hótel Skaftafell, Freysnesi

**Suðurland**
Hótel Flúðir, Flúðum
Hótel Selfoss, Eyrarvegi 2, Selfossi
Hótel Geysir, Haukadal
Hótel Hekla, Brjánsstöðum
T-barinn, Selvogi, Egilsbraut 19, Þorlákshöfn
Við fjöruborðið, Stokkseyri
Hlíðarendi, Austurvegi 3, Hvolsvelli
Hótel Kirkjubæjarklaustur, Kirkjubæjarklaustri

*Eftirtaldir aðilar fá kæra þökk fyrir stuðninginn: Prentsmiðjan Gutenberg, Hallur Hallsson, Holt og gott, Íslandsbanki, Íslandspóstur, Ölgerðin Egill Skallagrímsson og Osta- og smjörsalan.*



# Loftvog Frægðarinnar



**Mugison** Fáir hafa skotist jafn hratt upp á hinn íslenska stjörnuhimin og allralandshlutamanninum Mugison. Hann var þegar orðinn hálfgerð költhetja í þröngum hópi tónlistaráhugamanna eftir fyrri plötu sína Lonely Montain, sem kom út 2002, en þegar Mugimama is this Monkeymusic? kom út síðasta haust opnuðust dyrnar upp á gátt í Kastljósið, Gísla Martein og Ísland í dag og hann varð umsvifalaust eftirlæti þjóðarinnar.



**Bjarni Benediktsson** Hefur slegið í gegn eftir að hann tók nokkuð óvænt sæti á Alþingi 2003. Einhverjir fótboltanördar hafa eflaust munað eftir honum fyrir þann tíma sem sæmilegasta varnarmanni í Stjörnunni en hann hefur sýnt á þingi að hann er betri þingmaður en fótboltamaður. Bjarni hefur staðið sig vel í stormasömu hlutverki sem formaður allsherjarnefndar og ekki spillir fyrir bjartviðrinu yfir honum að hann er í sérstöku eftirlæti hjá kvenþjóðinni.



**Nylon** Sú hugmynd Einars Bárðarsonar að stofna íslenskt stelpuband þótti nú ekki sérlega líkleg til að bera blómlegan ávöxt en nú ættu flestir að vera farnir að kannast við andlit þeirra Ölmu, Emelíu, Klöru og Steinunnar þótt þeir séu nú eflaust ekki margir sem viti hver er hvað.



**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** Það er af sem áður var þegar titillinn ungfrú Ísland var ávísun á frægð meðal þjóðarinnar. Í seinni tíð hafa fegurðardrottningar fallið hratt í gleymsku en þó ekki Ragnhildur Steinunn sem sýndi í söngleiknum Fame að hún er hörkudansari og er auk þess sérlega skjávæn í þættinum Óp á RÚV.



**Svala Björgvinsdóttir** Er horfin úr sviðsljósinu. Svölu til hróss má segja að hún lagði allt undir og gerði alvöru atlögu að heimsfrægðinni, sem er meira en hægt er að segja um flesta sem eiga sér þann draum.



**Fjölnir Þorgeirsson** Var fremur þekktur af konunum í lífi sínu en eigin afrekum. Fjölnir er fluttur út á land og horfinn af síðum Séð og heyrt. Var ekki annars alltaf meira framboð af Fjölni en eftirspurn?



**Teitur Þorkelsson** Sjónvarpsfréttamaðurinn glaðhlakkalegi átti sínar 15 mínútur af frægð og tímaritaforsíðu á hlýrabol. En Teitur er ekki svo heitur enn þá. Hann starfar nú í breska sendiráðinu og er búinn að skipta út bolnum fyrir skyrtu og bindi.



**Iceguys** Hverjir? Jú, þetta er „boybandið“ sem spratt upp úr fyrsti Idol-keppninni. Ólafur Már, Einar Valur og Kjartan Arnalds ákváðu að láta ekki deigan síga þótt þeir féllu snemma úr Idolinu og ætluðu að slá í gegn saman. En það varð svona „No-hit-wonder“.






Pönkarar og diskólið sameinast

# Sviffluguskyrtur og leðurjakkar

Á árunum 1977 til 1982 voru í Reykjavík tveir ólíkir hópar sem skiptu borginni sín á milli og vildu ekki hvor af öðrum vita. Þetta voru annars vegar pönkararnir og hins vegar andstæðingar þeirra, diskóliðið. Hóparnir höfðu sín yfirráðasvæði og skemmtistaði, pönkararnir áttu Borgina, diskóliðið Hollywood.

Ármann Agnarsson gerði þessum tveimur fylkingum myndræn skil með bók sinni *Diskó Pönk*. „Þessir tveir hópar voru jafn ólíkir og dagur og nótt, höfðu ólík viðhorf að ekki sé talað um klæðaburðinn og skemmtanavenjur.“

Hann segir að í stað þess að leita uppi þekkta einstaklinga frá þessu tímabili og notast við myndir sem hafi birst áður hafi hann farið á stúfana og




leitað þetta fólk uppi og fengið myndir að láni úr einkasafni þess. „Þetta eru því myndir sem aldrei hafa sést opinberlega,“ segir hann og bætir því að hann hafi alls staðar mætt miklum skilningi. „Flestir höfðu ótrúlega gaman af því að rifja þetta tímabil upp, og áttu ennþá helling af hlutum frá því. Fólk komst í svona nostalgíustuð,“ segir hann.

Hann segist alveg eins hafa búist við því að hitta einstaklinga sem enn væru fastir í tímabilinu, en flestir hafi verið vaxnir upp úr því. „Fulltrúar pönkaranna voru jarðbundnir, og lifðu hversdagslegu lífi, á meðan diskóliðið gerði mikið úr hamingju sinni og var á fullu í lífsgæðakapphlaupinu,“ segir hann og bætir því enn fremur við að pönkararnir hafi verið tilbúnir að segja frá dökku hliðunum.

„Diskóliðið sagðist bara hafa drukkið vatn og dansað, enda var dansinn mjög mikilvægur hjá því.“

Bókin var lokaverkefni Ármanns í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands, og fæst hún nú í mjög takmörkuðu upplagi í búðinni Ranimosk á Klapparstíg.



**Diskóliðið** „Það er kannski meira upptekið af lífsgæðakapphlaupinu í dag.“



Pönkarinn var með sín eigin lög og reglur.



Dansinn var mjög mikilvægur fyrir diskóið.



**Pönkarar** „Þeir eru í dag mjög jarðbundnir og lifa hversdagslegu lífi.“

## Fröken Freyja leysir vandann

**Fýlan að drepa allt**

**Lífið er ekki alveg að leika við mig þessa dagana. Ekki veit ég hvort það er vetrarkuldinn eða hvað en mér lyndir bara hrikalega illa við fólk þessa dagana. Það er alveg sama hvort ég er í vinnunni eða með vinunum, það fer alltaf allt í háa loft. Nú er svo komið að ég kvíði fyrir að mæta í vinnuna því þar eru allir á móti mér. Það nennir enginn að tala við mig í mötuneytinu og vinnufélagarnir eru hættir að láta mig vita ef það er teiti. Það sama er að gerast í vinahópnum. Ég er orðin mjög pirruð á þessu og finnst þetta alls ekki vera mér að kenna, það er bara eitthvað að þessu fólki sem ég umgengst.**

***KH í Hafnarfirði***

*Iss, þetta er nú bara væl í þér góða, það vantar bara ljós inn í líf þitt. Keyptu þér ferð til Kanarí og hugsaðu þinn gang. Liggðu á ströndinni með kokkteila í hönd, vertu dugleg að fara á barinn og taktu nokkur salsaspor við innfæddu gæjana. Ég er alveg viss um að þú verður ný manneskja þegar þú kemur til baka. Ef þetta virkar ekki skaltu leita þér hjálpar eða skipta um vinnu. Eitthvað af þessu hlýtur að duga vinan.*

**Vandræði hjá miðaldra manni**

**Ég er í mikilli klípu. Ég er miðaldra karl og konan mín er búin að vera brjáluð út í mig um nokkurt skeið því hún heldur því fram að ég eigi viðhald. Þessi leiðindi hennar hafa gert það að verkum að mig er farið að dreyma um að halda framhjá í alvörunni. Helst langar mig í unga og ferska stúlku, en svoleiðis hugsanir höfðu aldrei hvarflað að mér áður. Nú er svo komið að sama hvert ég fer, mér finnst ég alstaðar sjá æðislegar þokkadísir og mig dreymir um að kynnast þeim betur. Mér finnst stelpurnar á kössunum í matvöruverslunum horfa til mín hýru auga og þegar ég fer í bankann finnst mér nýútskrifaði gjaldkerinn haga sér eins og hún vilji eitthvað meira. Er ég orðinn ruglaður eða er eiginkonan að fara yfirum?**

***BB í Mosfellsbæ***

*Þetta kallast að vera með gráa fiðringinn minn kæri og þú gætir jafnvel verið haldinn ranghugmyndum. Hvernig dettur þér í hug að barnungar stúlkur hafi áhuga á ellilífeyrisþegum? Það eina sem dugar fyrir þig er vegleg sálfræðiráðgjöf. Verst er að ég veit ekki um neinn sálfræðing sem er að leita sér að fullri vinnu með einn skjólstæðing.*



Sendið fyrirspurnir og vandamál til fröken Freyju, F2, Skaftahlíð 24, 105 Rvk eða sendið henni tölvupóst á netfangið frkfreyja@frettabladid.is. Nöfn sendenda verða ekki gefin upp í blaðinu.

tmhusgogn.is



# sófasett

sem sameinar fegurð og þægindi

sófasett

Úrval fallegra sófasetta
á frábæru verði.



Stóll
**36.000kr.**
Hvítur og drappaður



2ja sæta
**52.000kr.**
Hvítur og drappaður

3ja sæta
**74.000kr.**
Hvítur og drappaður

Áklæði er óhreinindavarið

**Opið**

**Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00**

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
*- ævintýri líkust*


Pioneer DLS 222 • Magnari 6 x 75 W RMS • Spilar öll svæði DVD, DVD-R, DVD-RW, CD, CD-R, CD-RW, MP3, JPEG • Útvarp m/30 stöðva minni og RDS • Dolby digital • DTS • Pro-logic II
49.900
139.900
Heimabíókerfi
Pioneer NS-DV 990 • magnari 450 W (6 x 75 W) RMS spilar öll svæði • DVD-Audio, SACD, MP3, DVD-R, DVD-RW, CD, CD-R, CD-RW, JPEG • NXT hátalarar • Útvarp m/30 stöðva minni og RDS • Dolby digital DTS • Pro-logic II
Pioneer
sound.vision.soul
EISA AWARDS
PLASMA TELEVISION 2004-2005
Pioneer PDP-435HDE
699.900
Veggsjónvörp
Plasma veggsjónvarp • Skjá stærð 43 tommur• Skjá hlutfall 16:9 lóðrétt • Litir 16.8 milljón (24 bita) Sjónsvið 160° • Tengimöguleikar RGB, XGA, S-XGA, U-XGA og HDMI • Litakerfi NTSC/PAL/SECAM
64.900
Pioneer DCS-323 HEIMABÍÓ
Magnari 6 x 100W RM • S100W Bassabox
Spilar öll svæði • DVD, DVD-RW, CD, CD-R, CD-RW, MP3 og JPEG • Útvarp með 30 stöðva minni og RDS Dolby Digital/DTS/Pro-logic II • AUX og TV inngangur • Optical stafrænn inngangur • Super VHS útgangur
DVD spilarar
13.900
25.900
Pioneer DV 370 • Spilar CD-R, CD-RW, DVD-R, DVD-RW, VCD, JPEG og MP3 yfir 500 línu upplausn • Spilar öll svæði
Pioneer DVD-575 • Spilar CD-R, CD-RW, DVD-R, DVD-RW, VCD, DVD-Audio, SACD, MP3, JPEG, DivX • 540 línu upplausn • Progressive Scan • ZOOM möguleiki • Spilar öll svæði
DVD skrifari
98.900
Íslandsvinurinn Pioneer bregst ekki.
DVR-520H • 80GB innbyggður harður diskur • Yfir 100 tímar í upptöku • Spilar öll svæði • Dolby Digital og DTS• Spilar CD-R, CD-RW, DVD-R, DVD-RW, VCD, JPEG og MP3 • Yfir 500 línu upplausn
BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 • Sími 530 2800
www.ormsson.is
GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!
ORMSSON SMÁRALIND
AUGLÝSINGASTOFA GUÐRÚNAR ÖNNU

# STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR



Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnendaþjálfun á ellefu námskeiðsdögum sem dreifast yfir sex mánaða tímabil. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

Á annað hundrað stjórnendur víðsvegar af landinu hafa setið námskeiðin sl. fimm ár. Þátttakendurnir eru á öllum aldri, með allskonar menntun og starfsreynslu, en eiga það sameiginlegt að vilja ná lengra.

**Helstu viðfangsefni**

- Stjórnandinn og stjórnendahæfileikar, 360° mat og sjálfskoðun
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf
- Skapandi hugsun
- Streitu-, álags- og tímastjórnun
- Árangursríkt samstarf (hópstarf)
- Framkoma, tjáning og ræðumennska
- Mannauðsstjórnun: Að stjórna fólki
- Kúnstin að taka ákvörðun
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit

**Tímasetning**

- Námið hefst í **Reykjavík** í febrúar 2005 og stendur fram í júní 2005, í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands.
- Námið hefst á **Egilsstöðum** í febrúar 2005 og stendur fram í júní 2005, í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri og Fræðslunet Austurlands.



„Ég valdi Stjórnendur framtíðarinnar því þar sá ég tækifæri til að kynnast nýjum hugmyndum í stjórnun, rifja upp það sem ég hafði áður lært og styrkja mig sem stjórnanda. Námsfyrirkomulagið og viðfangsefnin hentaðu mér vel því auðvelt var að samræma þetta krefjandi stjórnunarstarfi. Námið stóðst mínar væntingar, var faglegt og skemmtilegt. Rúsínan í pylsuendanum var síðan að kynnast frábærum samnemendum, stjórnendum frá fjölbreytilegum vinnustöðum, sem miðluðu af reynslu sinni og stækkuðu tengslanet mitt."

Sigríður Jónsdóttir
Útibússtjóri Íslandsbanka

IMG
RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar veitir Aðalheiður Ó. Guðmundsdóttir,
adalheidur@img.is, sími 540 1000. www.img.is

FRÆÐSLUNET AUSTURLANDS · HÁSKÓLINN Á AKUREYRI · ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



# Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstum tillögum að breyttu skipulagi.

Kópavogsbær

**Í samræmi við 1. mgr. 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarráðs Kópavogs á eftirfarandi skipulagstillögum:**

**Hafnarbraut 11. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 11 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 19 íbúðum á 1., 2. og 3 hæð sem og í risi. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 2350 m2 en verður 500 m2 og bundið við kjallara hússins. Tillagan var auglýst frá 27. ágúst til 27. september 2004 með athugasemdafresti til 11. október 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 28. janúar 2005.

**Hafnarbraut 21 og 23. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 16. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 21-23 við Hafnarbraut. Í breytingunni felst að atvinnuhúsnæði er breytt í atvinnu- og íbúðarhúsnæði með 10 íbúðum á 1., 2. og 3. hæð. Atvinnuhúsnæði var fyrir breytinguna 1900 m2 en verður eftir hana 900 m2. Tillagan var auglýst frá 27. ágúst til 27. september 2004 með athugasemdafresti til 11. október 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 28. janúar 2005.

**Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 2. desember 2004 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi við Grandahvarf 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 8 (F-2 reitur). Í breytingunni felst m.a. að við Grandahvarf 2, 4 og 6 þar sem gert er ráð fyrir tveimur bílgeymslum í hverju húsi, verði hámarks flatarmál húsanna 860 m2 í stað 816 m2 og hámarks grunnflötur tæpir 300 m2. Jafnframt færast byggingarreitirnir í heild sinni 0,4 m til suðurs, þ.e. fjær götu. Við Grundarhvarf 8 er gert ráð fyrir 4 stakstæðum bílskúrum auk möguleika á 2 innbyggðum bílskúrum. Bílastæði við Grundahvarf nr. 8 verði staðsett norðan við húsið í stað þess að vera vestan við það. Almennur göngustígur milli Grandahvarfs nr. 2 og 4 er feldur niður. Stærð lóða og lóðamörk við Grandahvarf 1, 3,5 og 8 breytast. Tillagan var auglýst frá 8. október til 5. nóvember 2004 með athugasemdafresti til 22. nóvember 2004. Engar athugasemdir eða ábendingar bárust. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið málsgögnin og gerir ekki athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. ofangreind lög. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins mun birtast í B-deild Stjórnartíðinda 28. janúar 2005.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar skipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 3.632 **+0,97%**

**Fjöldi viðskipta:** 418
**Velta:** 3.428 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flugleiðir** | 4,55% | **Straumur** | -1,49% |
| **Burðarás** | 2,40% | **Marel** | -0,75% |
| **Landsbankinn** | 2,36% | **Kögun** | -0,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,90 -0,23% ... Atorka 5,76 – ... Bakkavör 25,00 +0,40% ... Burðarás 12,80 +2,40% ... Flugleiðir 12,65 +4,55% ... Íslandsbanki 11,30 -0,44% ... KB banki 500,00 +1,94% ... Kögun 46,70 -0,64% ... Landsbankinn 13,00 +2,36% ... Marel 53,20 -0,75% ... Medcare 5,85 – ... Og fjarskipti 3,35 -0,59% ... Samherji 11,30 – ... Straumur 9,90 -1,49% ... Össur 81,50 -

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Orrusta undirbúin



Spenna ríkir á markaðnum um hvert muni stefna í löngun Landsbankans til að ná völdum í Íslandsbanka. Björgólfsfeðgar hafa sterka stöðu í Straumi og nú hefur Straumur fengið leyfi til að eiga virkan eignarhlut í Íslandsbanka. Það leyfi er þó háð ströngum skilyrðum Fjármálaeftirlitsins. Ljóst er að núverandi staða varir ekki að eilífu, en til þess að Landsbankamenn nái tökum á Íslandsbanka þarf að rjúfa samstöðu núverandi meirihluta. Margir veðja á að til tíðinda muni draga fyrir aðalfund bankans í febrúar.

Samsæriskenningar fengu byr undir báða vængi þegar fréttist af fundi Björgólfs Guðmundssonar með yfirmanni verðbréfasviðs Landsbankans. Samsæriskenningarmenn telja að Björgólfsfeðgar beini sjónum að Karli Wernerssyni og hlut hans og systkina hans í Íslandsbanka. Ýmsir telja að Karl muni selja fyrir rétt verð og telja sig hafa fundið það verð, sem er 15 krónur á hlut í bankanum.

### Samskip veðja á ESB

Samskip hafa komið sér upp umfangsmikilli starsfemi í Rotterdam en þar er ein stærsta farskipahöfn heims. Frá höfninni í Rotterdam er hægt að senda vörur hvort sem er með flutningaskipum, fljótabátum, járnbrautalestum eða vöruflutningabílum á áfangastaði um alla Evrópu. Evrópusambandið hefur hrundið af stað áætlun sem miðar að því að draga úr umferð vöruflutningabíla um hraðbrautir Evrópu. Þetta telja skipafélögin, þar á meðal Samskip, að komi til með að auka skipaflutninga verulega. Samskip stefna að því að vera tilbúin að taka við þeirri auknu traffík sem búast má við vegna stefnu Evrópusambandsins.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Kevin Stanford** stofnandi **Karen Millen** verslunarkeðjunnar hefur aukið hlut sinn í **Mulberry** keðjunni. **KB banki** hefur keypt hluti í keðjunni fyrir hönd **Stanfords**.

**FTSE**-vísitalan hækkaði um 0,08 prósent í Lundúnum í gær en í Þýsklandi féll **Dax** um 0,47 prósent.

Bréf í **Flugleiðum hækkuðu hressilega í gær. Þau eru nú ríflega 28 prósent hærri en þau voru um áramót. Markaðsvirði Flugleiða er nú 32 milljarðar og er félagið því orðið verðmætara en** SÍF.

Fram kom í fréttabréfi **KB banka** í gær að kauphöllin í New York íhugi að lengja opnunartíma sinn um eina til tvær klukkustundir á dag.








FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SAMNINGUR Í HÖFN** Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða, Hannes Smárason stjórnarformaður og Mark Norris frá Boeing-verksmiðjunum undirrita stærsta flugvélakaupasamning Flugleiða hingað til.

# Risasamningur hjá Flugleiðum

Flugleiðir gerðu í gær stærsta fluvélakaupasamning í sögu félagsins. Flugleiðir kaupa tíu þotur fyrir 40 milljarða króna. Dulin eign upp á 6,5 milljarða myndast við kaupin.

Flugleiðir undirrituðu í gær stærsta flugvélakaupasamning í sögu félagsins. Flugleiðir kaupa 10 Boeing 737-800 vélar fyrir 40 milljarða króna. Samningurinn markar einnig þau tímamót að þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur banki fjármagnar slík kaup. KB banki fjármagnar einn samninginn og hljóðar inngreiðslan upp á ellefu milljarða króna. Samningnum við Boeing fylgir kaupréttur á fimm vélum til viðbótar og yrði heildarkaupverðið því 60 milljarðar verði hann nýttur.

Hannes Smárason, stjórnarformaður Flugleiða, segir það hversu hratt menn unnu hafa ráðið úrslitum um að Flugleiðir keyptu vélarnar. Verðið er hagstætt að hans mati og viðskiptin þannig til komin að flugfélag afpantaði vélarnar og Flugleiðum ásamt fleirum bauðst að kaupa. „Það réði úrslitum hversu fljótt við gátum brugðist við og hversu hratt við og KB banki gátum unnið.“

Við kaupin myndast þegar aukin verðmæti í Flugleiðum þar sem verðið er hagstætt og vélarnar eftirsóttar á eftirmarkaði. Þær eru uppseldar fram í tímann og meta stjórnendur Flugleiða að dulin verðmæti vegna samningsins nemi 6,5 milljörðum króna.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, sagði samninginn einkar ánægjulegan. „Flugleiðir og KB banki eiga það sameiginlegt að vera alþjóðleg fyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi. Samningurinn er skýrt dæmi um hvernig alþjóðavæðing bankans skilar sér í virðisauka leiðandi íslenskra fyrirtækja á alþjóðavettvangi.“

Fleiri bitust um bankaviðskiptin, meðal annars erlendir bankar. Valið í lokin stóð á milli Landsbankans og KB banka sem höfðu fram yfir erlenda banka að geta gengið hraðar frá viðskiptunum. Ekki þarf að fara langt aftur til þess að óhugsandi hefði verið fyrir íslenskan banka að ráða við samning af þessari stærð.

Mark Norris, fulltrúi Boeing, sagði Flugleiðir og Boeing-verksmiðjurnar eiga langa og farsæla sögu í viðskiptum og hann teldi kaupin hárrétt tímasett fyrir Flugleiðir og að þau myndu skila félaginu góðum árangri.

Samhliða þessu stofna Flugleiðir nýtt dótturfélag sem sinnir flugvélaviðskiptum. Vélarnar verða leigðar áfram og á félagið í samningaviðræðum við flugvélaleigufyrirtækið Sunrock um markaðssetningu vélanna. Hannes Smárason segir mikla eftirspurn eftir þessum vélum. Flugleiðir hafa að undanförnu keypt einir eða í félagi við aðra sextán flugvélar, en til samanburðar eru tólf vélar sem sinna millilandaflugi félagsins.

**haflidi@frettabladid.is**

# Uppgjör Bakkavarar í dag

Bakkavör birtir í dag tölur um afkomu á fjórða ársfjórðungi síðasta árs og heildarniðurstöðu rekstrarins.

Greiningardeildir bankanna spá því að hagnaður Bakkavarar í fyrra hafi verið á bilinu 12,4 til 13,4 milljónir punda en hagnaður árið 2003 var 13,5 milljarðar. Á fjórða ársfjórðungi 2003 var hagnaðurinn 3,1 milljón punda.

**- þk**

**SPÁR UM AFKOMU BAKKAVARAR***

| | 4. fjórðungur 2004 | Ársuppgjör 2004 |
|---|---|---|
| KB banki | 3.681 | 12.406 |
| Íslandsbanki | 4.700 | 13.400 |
| Íslandsbanki | 4.290 | 13.000 |

*Bókhald Bakkavarar er fært í sterlingspundum og eru tölurnar þúsundir sterlingspunda.






**YFIR VÆNTINGUM** KB banki skilaði tæpum sextán milljörðum í hagnað í fyrra, sem er met. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans, segist sáttur við uppgjör síðasta fjórðungs síðasta árs. Aðstæður á íslenska markaðnum hafi þó ekki verið hagfelldar.

# KB banki slær hagnaðarmet

**Hagnaður KB banka var tæpir sextán milljarðar, sem er mesti hagnaður íslensks fyrirtækis. Afkoman var töluvert yfir væntingum greiningardeilda. Ríflega þrír milljarðar verða greiddir til hluthafa bankans.**

Hagnaður KB banka í fyrra var 15,7 milljarðar króna eftir skatta. Þetta er mesti hagnaður sem íslenskt fyrirtæki hefur nokkru sinni skilað. Hagnaðurinn fyrir skatta nam rúmum 20 milljörðum króna.

Hagnaður bankans á fjórða ársfjórðungi var rúmir fjórir milljarðar króna, sem er langt yfir spám greiningardeilda. Hagnaðurinn ríflega tvöfaldast frá árinu áður. Eignir bankans hafa aukist um 176 prósent og voru um áramótin 1.534 milljarðar. Arðsemi eigin fjár var 22,6 prósent en markmið bankans er að arðsemi eigin fjár sé fimmtán prósent.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, segist mjög sáttur við afkomuna á fjórða ársfjórðungi. Aðstæður á Íslandi hafi þó ekki verið bankanum hagstæðar. „Niðurstaðan sýnir að bankinn byggir á traustum tekjustofni. Þrátt fyrir að gengishagnaður dragist verulega saman varð góð aukning í þóknanatekjum, einkum vegna fyrirtækjaverkefna.“ Vaxtatekjur jukust einnig verulega og segir Hreiðar Már það skýrast meðal annars af kaupum á danska bankanum FIH, sem er inni í samstæðureikningum bankans frá því um mitt ár. „Bankinn

**KB BANKI SPÁR UM HAGNAÐ**

| 4. ársfjórðungur 2004 | |
|---|---|
| Landsbankinn | 1.525 milljónir |
| Íslandsbanki | 3.005 milljónir |
| Niðurstaða | 4.055 milljónir |

tvöfaldaði stærð sína og skýrist það annars vegar af yfirtöku á danska bankanum FIH og hins vegar af örum innri vexti.“

Ríflega helmingurinn af hagnaði KB banka kemur nú til vegna starfsemi utan Íslands. Þegar litið er á afkomu einstakra sviða bankans á fjórða ársfjórðungi sést að fyrirtækjasvið skilar mestri framlegð eða 4,2 milljörðum, fyrirtækjaráðgjöfin skilar tæpum tveimur milljörðum, en framlegð af viðskiptabankastarfseminni, sem er nær öll hér á landi, skilar bankanum 800 milljónum króna. Á viðskiptabankasviði eru einnig hæstu rekstrargjöldin, rúmur milljarður króna.

KB banki færði 975 milljónir króna á afskriftarreikning á ársfjórðungnum en framlög á afskriftarreikning í fyrra nema 3,8 milljörðum króna. Bankinn hefur hreinsað til í lánasafni sínu og telja stjórnendur bankans að framlög á afskriftarreikning muni lækka á þessu ári frá árinu í fyrra. Horfur í rekstri bankans eru jákvæðar að mati bankans og erlend starfsemi hefur gengið vel. Mat stjórnenda bankans er að á helstu efnahagssvæðum þar sem bankinn starfar séu horfur góðar. Í Danmörku eru horfur almennt jákvæðar, en Danmörk er nú mikilvægasta einstaka markaðssvæði bankans.

Stjórn KB banka ákvað að verja 3,3 milljörðum af hagnaði bankans í greiðslu arðs. Það svarar til um eins prósents af markaðsvirði bankans. Eiginfjárhlutfall bankans samkvæmt CAD-reglum var 14,2 prósent, en bankinn miðar við að það hlutfall verði ekki lægra en ellefu prósent. Bankinn hefur samkvæmt því talsverðan slagkraft til frekari útrásar.

haflidi@frettabladid.is

# Vilja aðskilnað grunnnetsins

**Símafyrirtækin óttast að Síminn misnoti tök sín á grunnnetinu eftir að fyrirtækið verður einkavætt.**

Fjarskiptafyrirtækin sem eru í samkeppni við Símann sendu í gær frá sér yfirlýsingu þar sem því er mótmælt að grunnnet Símans verði selt með annarri starfsemi þegar fyrirtækið verður einkavætt.

Félögin sem stóðu að tilkynningunni eru Og Vodafone, Inter og eMax. Þau halda því fram að reynslan hafi sýnt að eftirlitsaðilar hafi ekki bolmagn til þess að standa vörð um leikreglur sem tryggja eigi að Síminn misbeiti ekki eign sinni á grunnnetinu til að gera samkeppnisaðilum erfitt fyrir.

Eiríkur S. Jóhansson, forstjóri Og Vodafone, segist ekki telja að yfirlýsingin komi of seint þótt fyrir liggi að forsvarsmenn beggja ríkisstjórnarflokkanna hafi lýst því yfir að ekki eigi að skilja grunnnetið frá öðrum rekstri við einkavæðinguna.



**EIRÍKUR S. JÓHANNSSON** Forstjóri Og Vodafone vill ekki að einkavæddur Sími ráði einnig yfir grunnnetinu.

„Ég veit að menn hafa áhyggjur af þessu og ef svo er þá er mikill ábyrgðarhluti að halda áfram á sömu braut,“ segir Eiríkur.

Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins og nefndarmaður í einkavæðingarnefnd, segir ekkert hafa komið fram sem gefi ástæðu til að endurskoða þá ákvörðun sem tekin var síðast þegar til stóð að selja Símann. Þá var tekin ákvörðun um að aðskilja grunnnetið ekki frá öðrum rekstri.

**- þk**


## Hvað viltu verða þegar þú ert orðin(n) “stór”?



**Ertu að gera það sem að þér finnst skemmtilegast að gera? Lætur þú verða af draumum þínum? Nýtur þú velgengni?**

Námskeið um að njóta lífsins til fulls verður haldið föstudagskvöldið 28 janúar og laugardaginn 29 janúar. Leiðbeinendur eru Dr. Árelía Eydís Guðmundsdóttir og sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir.

Upplýsingar og skráning í síma 660-0741 ( Árelía ) og 690-0775 ( Petrína ) milli kl. 10:00 og 14:00

## Aðalfundur Landsbanka Íslands hf.

**Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. verður haldinn á Nordica hótel, laugardaginn 5. febrúar kl. 14.00.**

Dagskrá:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillögur til breytinga á samþykktum.
5. Tillaga um að heimila bankanum að kaupa eða taka að veði allt að 10% af eigin bréfum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Önnur mál.

Tillögur frá hluthöfum, sem bera á fram á aðalfundi, skulu hafa borist í hendur stjórnar með skriflegum hætti eigi síðar en átta dögum fyrir aðalfund. Tilkynna skal um framboð til bankaráðs eigi síðar en 31. janúar 2005.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins fela í sér hækkun á heimild bankaráðs til hækkunar hlutafjár. Er hluthöfum bent á að kynna sér tillögurnar fyrir fundinn.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi í aðalbanka Landsbankans, Austurstræti 11, Reykjavík, hluthöfum til sýnis, sjö dögum fyrir aðalfund. Einnig verður hægt að nálgast þessi gögn á www.landsbanki.is

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við innganginn við upphaf fundarins.

Bankaráð Landsbanka Íslands hf.

410 4000 | landsbanki.is

Landsbanki Íslands

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LBI 27114 01/2005

**WOLFGANG AMADEUS MOZART**
Tónskáldið magnaða fæddist á þessum degi árið 1756 fyrir 249 árum síðan.



*„Snillingur verður ekki til þegar miklar gáfur og ríkt ímyndunarafl koma saman. Ástin, ástin, ástin er sál snilligáfunnar.“*

***Það blandast fáum hugur um að afmælisbarn dagsins hafi verið séní, þannig að hann ætti að vita hvað hann var að syngja.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### *Barnaræningjar gómaðir*

Á þessum degi árið 1993 handtók lögreglan Bandaríkjamennina Donald Feeney og James Brian Grayson en þeir höfðu rænt tveimur dætrum Ernu Eyjólfsdóttur af hóteli í Reykjavík. Erna átti aðra stúlkuna með Grayson en hann greip til þess úrræðis í harðri forræðisdeilu að ráða Feeney til þess að ræna dóttur sinni og systur hennar frá Íslandi.

Donald Feeney var fyrrum sérsveitarmaður í Bandaríkjaher og sérhæfði sig í að ná börnum af forræðislausum foreldrum. Leiðangur Feeneys til Íslands var allur hinn ævintýralegasti þar sem hann sigldi undir fölsku flaggi og þannig „skúbbaði“ Tíminn sálugi því að Feeney, sem þóttist vera kvikmyndaframleiðandinn Mario Kassar, væri hingað kominn til að gera mynd með Sylvester Stallone.

Feeney var dæmdur í fangelsi á Íslandi og mátti dúsa á Litla-Hrauni en þaðan gerði hann eina misheppnaða flóttatilraun og var handtekinn með íslenskum samfanga sínum þar sem þeir reyndu að komast um borð í leiguflugvél sem átti að flytja þá til Færeyja.



**27. JANÚAR 1993**
Donald Feeney var handtekinn.

## MERKISATBURÐIR

**1943** Bandaríkjamenn gera sína fyrstu loftárás á Þýskaland í seinni heimsstyrjöldinni þegar um 50 sprengjuflugvélar ráðast á Wilhelmshaven.

**1944** Rússar tilkynna að tveggja ára umsátri Þjóðverja um Leníngrad sé lokið.

**1945** Rússneskir hermenn frelsa fanga í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz og Birkenau í Póllandi.

**1973** Friðarsamningar vegna Víetnam-deilunnar eru undirritaðir í París.

**1981** Ronald Reagan Bandaríkjaforseti tekur á móti 52 gíslum frá Íran í Hvíta húsinu.

**1992** Fyrrum hnefaleikaheimsmeistarinn Mike Tyson kemur fyrir dómara ákærður um að hafa nauðgað 18 ára stúlku sem keppti í fegurðarsamkeppni árið 1991.

## AFMÆLI

**Geir Sveinsson** handboltahetja er 41 árs.

**Jón Ásgeir Jóhannesson** viðskiptajöfur er 37 ára.

## ANDLÁT

**Hlíf Jónsdóttir**, frá Búðardal, Mánagötu 14, lést föstudaginn 14. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Friðgeir Kristjánsson** húsasmíðameistari, Bröttuhlíð 14, Hveragerði, lést miðvikudaginn 19. janúar.

**Birgitta Hrönn Einarsdóttir** lést á Landspítalanum, föstudaginn 21. janúar.

**Bogi Brynjar Jónsson**, Ljósheimum 20, Reykjavík, lést sunnudaginn 23. janúar.

**Christian Patt**, Malic, GR., Sviss, lést sunnudaginn 23. janúar.

**Ingibjörg Þorleifsdóttir**, Álfaborgum 15, Reykjavík, lést mánudaginn 24. janúar.

**John Larsen**, Flintevænget 9, Fredriksværd, Danmörku, lést mánudaginn 24. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Davíð Guðmundsson**, Kristnibraut 43, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

14.00 **Ari Guðmundsson**, Lækjargötu 1, Hvammstanga, verður jarðsunginn frá Hvammstangakirkju.

15.00 **Friðgeir Kristjánsson** húsasmíðameistari, Bröttuhlíð 14, Hveragerði, verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju.

15.00 **Kristín J. Þorsteinsdóttir**, frá Eskifirði, síðast búsett í Reykjavík, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.



†

*Ástkær sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Heiðar Rafn Baldvinsson**

lést að kvöldi 21. janúar. Útför verður auglýst síðar.

**Aðstandendur.**

†

*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall ástkærrar móður okkar,*

**Þórunnar Sveinsdóttur**

Fljótakróki, Skaftárhreppi.

Hlýjar kveðjur til starfsfólks Klausturhóla,

**Magnhildur Ólafsdóttir, Hávarður Ólafsson, Margrét Ólafsdóttir, Guðlaug Ólafsdóttir og aðrir aðstandendur.**


15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista



**MOSAIK**
*Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is*


HIÐ ÍSLENSKA KVENRÉTTINDAFÉLAG: VAR STOFNAÐ Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1907

# Stórafmæli kosningaréttar kvenna

Fyrir 98 árum í dag komu saman nokkrar konur að Þingholtsstræti 18. í Reykjavík, heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur. Þarna var stofnað Hið íslenska kvenréttindafélag og var Bríet Bjarnhéðinsdóttir fyrsti formaður þess. Þorbjörg Inga Jónsdóttir gegnir því starfi í dag. Á þessum 98 árum hefur kvenréttindafélagið átt stóran þátt í að stuðla að jafnrétti kynjanna og segir Þorbjörg að fyrsta baráttumál félagsins hafi verið að koma á kosningarétti kvenna.

„Í ár, þann 19. júní, eru 90 ár síðan konur fengu í fyrsta sinn að kjósa og er þetta því stórafmæli kosningaréttar kvenna. Í gegnum árin hefur félagið einnig unnið að því að jafna laun kynjanna. Fyrst var unnið að því að setja lög sem gerir það óheimilt að greiða konum lægri laun en körlum og nú erum við að reyna að jafna þetta að fullu en það hefur ekki enn tekist. Félagið hefur einnig unnið að málefnum fjölskyldunnar og í því að jafna hlut kynjanna hvað varðar ábyrgð á fjölskyldu,“ segir Þorbjörg.

Í tilefni af afmælinu mun félagið halda ráðstefnu laugardaginn 5. febrúar. Ráðstefnan verður helguð jafnréttisstarfi í þrjátíu ár eða frá árinu 1975 þegar kvennafrídagurinn var haldinn. „Þarna munum við fjalla um jafnréttisstarf síðustu þrjátíu ár og hvað það er sem enn þá er ábótavant. Í fyrstu setti félagið stöðuna upp þannig að ef konur myndu fá jöfn tækifæri til menntunar þá myndi launajafnræði verða, en það er hins vegar ekki enn orðið. Við munum einnig ræða um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum, aðkomu kvenna að jafnréttismálum og stöðu kvenna í pólitík.“ Ráðstefnan fer fram í Ráðhúsinu í Reykjavík, Tjarnarsal, laugardaginn 5. febrúar klukkan ellefu. ■



**BRÍET BJARNHÉÐINSDÓTTIR** var fyrsti formaður Hins íslenska kvenréttindafélags og jafnframt einn stofnenda þess hinn 27. janúar 1907.



**ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR** er núverandi formaður félagsins. Í tilefni 98 ára afmælis þess mun félagið halda ráðstefnu hinn 5. febrúar næstkomandi.

# Úr kaffihúsi í gistiheimili

Olga Óla Bjarnadóttir, eigandi Café Nielsen á Egilsstöðum, er að gera upp gamalt hús við Tjarnarbraut 3, í næsta húsi við kaffihúsið, og hyggst í vor opna þar gistiheimili með fimm vel búnum herbergjum.

Olga gerði á sínum tíma upp húsnæði Café Nielsen og hefur rekið þar kaffihúsið í tæp níu ár en starfið er annasamt og hyggst hún því minnka við sig vinnu. Olga ætlar því að selja kaffihúsið en reka gistiheimilið sjálf.

Hún hefur haft kaffihúsið opið daglega frá 11.30 fram undir miðnætti og lengur um helgar eftir að framkvæmdir hófust á Kárahnjúkum. Áður var hún með lokað yfir vetrarmánuðina.

Starfið er mjög annasamt á sumrin og með framkvæmdunum á Kárahnjúkum hefur það aukist líka yfir veturinn því að starfsmenn framkvæmdafyrirtækjanna setjast gjarnan inn hjá henni þegar þeir koma í bæinn.

„Það er heilmikil traffík, það fer ekki á milli mála. Aukningin hefur verið stöðug og góð,“ segir Olga og telur að aukningin hafi kannski numið hátt í helming síðustu ár. - ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**OLGA ÓLA BJARNADÓTTIR** Selur Café Nielsen og gerir upp gistiheimili í nágrenninu.



**CAFÉ NIELSEN** Í næsta nágrenni við þetta huggulega kaffihús er gistiheimilið.

# *Prentsmiðjan Oddi*
## *óskar viðskiptavinum sínum til hamingju með tilnefningarnar til **Íslensku bókmenntaverðlaunanna** árið 2004*

*Fræðibækur og bækur almenns efnis:*

| Heiti bókar | Höfundur | Útgáfa | Prentun |
|---|---|---|---|
| Halldór Laxness | Halldór Guðmundsson | JPV | Oddi |
| Íslendingar | Sigurgeir Sigurjónsson og Unnur Jökulsdóttir | Forlagið | Oddi |
| Íslensk spendýr | Ritstjóri: Páll Hersteinsson Myndir: Jón Baldur Hlíðberg | Vaka-Helgafell | Oddi |
| Ólöf eskimói | Inga Dóra Björnsdóttir | Mál og menning | Oddi |
| Saga Íslands 6. og 7. bindi | Helgi Þorláksson | Hið íslenska bókmenntafélag | Oddi |

*Fagurbókmenntir:*

| Heiti bókar | Höfundur | Útgáfa | Prentun |
|---|---|---|---|
| Andræði | Sigfús Bjartmarsson | Bjartur | Oddi |
| Bitlaávarpið | Einar Már Guðmundsson | Mál og menning | Oddi |
| Fólkið í kjallaranum | Auður Jónsdóttir | Mál og menning | Oddi |
| Kleifarvatn | Arnaldur Indriðason | Vaka-Helgafell | Oddi |
| Öðruvísi fjölskylda | Guðrún Helgadóttir | Vaka-Helgafell | Oddi |

ODDI

Prentsmiðjan Oddi hf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • Fax 515 5001

www.oddi.is

**sport**
sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... Gunnari Þór Gíslasyni og félögum hans í stjórn enska 1. deildarliðsins Stoke City, en félagið er það eina sem falast hefur formlega eftir starfskröftum vandræðagemlingsins Craig Bellamy hjá Newcastle. Fjárhagur Stoke hefur verið bágur undanfarin ár en ekki ber á öðru en að rofa sé til í þeim efnum, enda Bellamy með fimm milljónir króna í vikulaun hjá Newcastle og er verðlagður á tæpan milljarð króna. Ekki er búist við að Bellamy sé áhugasamur en Gunnar Þór fær engu að síður toppeinkunn fyrir viðleitni.



*„Ég er konungur útlaganna hjá Liverpool og hvað félagið varðar er ég ekki til.“*

***Stephane Henchoz er á leið til Celtic og vandar forráðamönnum Liverpool ekki kveðjurnar.***

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**JANÚAR**

24 25 26 **27** 28 29 30

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **Skallagrímur** og **Hamar/Selfoss** mætast í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Fjölnir** og **KR** mætast í í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Haukar** og **Snæfell** mætast í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Keflavík** og **KFÍ** mætast í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Tindastóll** og **ÍR** mætast í Intersportdeildinni í körfubolta.
- ☐ 19.15 **Fram** og **Grótta/KR** mætast í 1. deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 **Selfoss** og **FH** mætast á Selfossi í 1. deild karla í handbolta.
- ☐ 20.00 **Afturelding** og **Stjarnan** í 1. deild karla í handbolta.

**SJÓNVARP**

- ☐ 15.15 **HM í handbolta** á RÚV. Útsending frá leik **Íslands** og **Kúvæt** á HM í handbolta.
- ☐ 17.30 **Þrumuskot** á Skjá einum.
- ☐ 19.45 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- ☐ 20.15 **Þú ert í beinni!** á Sýn.
- ☐ 21.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- ☐ 21.30 **Sterkasti maður heims 2004** á Sýn.
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.

# Skylduverkefni lokið

## Íslenska landsliðið í handknattleik kláraði skyldusigur gegn Kúvæt á hálfum hraða í gærkvöld. Nú getur liðið einbeitt sér að Rússaleiknum sem fram fer annað kvöld.

**HM Í HANDBOLTA** Það var eflaust ekki auðvelt að mæta í El Menzah „frystihúsið“ í leik gegn arfaslöku liði Kúvæt eftir slæmt tap gegn Slóvenum. Það voru fleiri öryggisverðir en áhorfendur að horfa á leikinn og hitinn þar að auki undir fjórum gráðum. Með öðrum orðum var skítkalt í húsinu. Það gengur því hér með undir nafninu Frystihúsið.

Eftir að hafa lullað í gegnum leikinn í fyrsta gír stigu strákarnir á bensínið undir lokin og kláruðu leikinn með níu marka sigri, 31-22. Skylduverkefni lokið á sómasamlegan hátt en það var engu að síður lítill glæsibragur á leik íslenska liðsins.

Sömu sögu má reyndar segja af slökum pólskum dómurum sem leyfðu Kúvætum að spila ansi langar sóknir oft á tíðum og það hafði sín áhrif á leikinn. Engu að síður er algjör óþarfi að láta þetta lið skora 22 mörk hjá sér.

Það er erfitt að gagnrýna leikmenn eftir svona leik. Hann skiptir í raun litlu máli, andstæðingurinn er mjög slakur og leikmenn vita að það er nánast ekki hægt að tapa honum. Þeir eru of góðir til þess og svo eru það einfaldlega stigin sem skipta máli á endanum.

Þrátt fyrir það hefði maður gjarnan viljað sjá meiri áhuga, grimmd og vilja hjá strákunum til þess að klára þennan leik almennilega. Það veitti ekki af einhverju skemmtilegu til þess að ylja fólkinu sem var að krókna úr kulda í stúkunni.

Einar Hólmgeirsson leit augljóslega á þennan leik sem góða æfingu fyrir sjálfan sig og tók hraustlega á því. Skoraði fín mörk en yfirgaf völlinn skaddaður á auga eftir að hafa fengið veglegt olnbogaskot frá leikmanni Kúvæt, sem var hent í sturtu fyrir vikið. „Þetta var mjög gott fyrir mig persónulega og ég fann mig ágætlega. Það er pínu ryk í mér og ég hefði viljað skora fjögur mörk í viðbót enda klúðraði ég dauðafærum sem ég er vanur að klára. Olnboginn sem ég fékk var ansi vænn en ég er úr Skagafirði þar sem einn olnbogi þykur ekkert stórmál,“ sagði Einar eftir leikinn og hló.

Hreiðar Guðmundsson varði vel í fyrri hálfleik og Birkir Ívar hrökk í gírinn undir lokin. Aðrir voru á pari eða undir pari. Liðið fékk þó góða æfingu til þess að hrista af sér vonbrigðin gegn Slóvenum. Þeir fá svo frí í dag til þess að búa sig undir leikinn mikilvæga gegn Rússum, sem getur skorið úr um það hvort Íslendingar fara heim eftir helgi eða komast í milliriðil.

**henry@frettabladid.is**



**EINAR HÓLMGEIRSSON** Örvhenta stórskyttan fór mikinn gegn Kúvæt í gærkvöld og skoraði 8 mörk áður en hann þurfti að fara af leikvelli vegna meiðsla.
Fréttablaðið/Andreas Waltz






# Hálfgerður ósigur



**SPÁÐ Í SPILIN**
ÍSLAND MÆTTI KÚVÆT Á HM Í HANDBOLTA Í TÚNIS Í GÆR

**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Það liggur við að manni finnist það vera hálfgerður ósigur að vinna ekki Kúvæt stærra en þetta. Stemningin í liðinu olli mér vonbrigðum upp á framhaldið að gera. Ég hefði viljað sjá mun meira koma út úr þessum leik svo þetta yrði eins og góð æfing fyrir þessa tvo erfiðu leiki sem við eigum fyrir höndum, Alsír og Rússland, sem skipta okkur gríðarlegu máli.

Leikurinn nýttist engan veginn sem slíkur og mér fannst þeir leikmenn sem ekki hafa spilað mikið ekki koma nógu vel stemmdir í leikinn. Svo var ýmislegt í uppstillingunni sem kom mér töluvert á óvart. Mér þótti hálfeinkennilegt að Birkir Ívar fengi ekki að byrja leikinn, búinn að sitja tvo leiki á bekk. Í staðinn kemur Hreiðar beint af pöllunum í byrjunarliðið. Það hefði verið eðlilegra að Birkir hefði byrjað leikinn. Þriðja leikinn í röð kemur hann inn á þegar eru 15-20 mínútur eru eftir.

Ég hefði viljað sjá leikinn nýtast sérstaklega hvað varnarleikinn snertir því hann er búinn að vera viss höfuðverkur í þessari keppni. Útkoman úr þessum leik sýndi ekki mikil batamerki á honum, því miður. Það getur verið erfitt að bjarga því á einni nóttu en það sem vantar fyrst og fremst í varnarleikinn er skipulag og vinnureglur. Þetta er ekki til staðar, sem gerir það að verkum að menn eru bara ekki nægilega klárir á því hvernig eigi að bregðast við því þegar ákveðnar stöður koma upp.



Menn tóku þessum leik full kæruleysilega og mér finnst við ekki hafa efni á því. Oft var spilamennskan eins og menn hefðu engan áhuga á handbolta og það skil ég ekki sérstaklega þar sem mikið er um ferska og unga leikmenn.

**31-22**

**ÍSLAND — KÚVÆT**

### MÖRK ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| Einar Hólmgeirsson | 8 |
| Guðjón Valur Sigurðsson | 4 |
| Markús Máni Michaelsson | 3 |
| Logi Geirsson | 3/1 |
| Ingimundur Ingimundarson | 3 |
| Einar Örn Jónsson | 3 |
| **Róbert Gunnarsson** | **2** |
| Ólafur Stefánsson | 2 |
| **Alexander Pettersons** | **1** |
| Dagur Sigurðsson | 1 |
| Vignir Svavarsson | 1 |
| Arnór Atlason | 1 |

### VARIN SKOT ÍSLANDS

| | |
|---|---|
| Hreiðar Guðmundsson | 10 |
| Birkir Ívar Guðmundsson | 6 |



SKRIFAR UM HM Í HANDBOLTA FRÁ TÚNIS

HENRY BIRGIR GUNNARSSON

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*HM í handbolta í Túnis*

### A-RIÐILL

| | |
|---|---|
| FRAKKLAND–TÚNIS | 26–26 |
| **DANMÖRK–KANADA** | **52–18** |
| GRIKKLAND–ANGÓLA | 26–21 |

### STAÐAN Í A-RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **DANMÖRK** | **3** | **3** | **0** | **0** | **126–60** | **6** |
| TÚNIS | 3 | 2 | 0 | 0 | 106–69 | 5 |
| **GRIKKLAND** | **3** | **2** | **0** | **1** | **69–67** | **4** |
| FRAKKLAND | 3 | 1 | 1 | 1 | 99–62 | 3 |
| **ANGÓLA** | **3** | **0** | **0** | **3** | **63–112** | **0** |
| KANADA | 3 | 0 | 0 | 3 | 54–138 | 0 |

### B-RIÐILL

| | |
|---|---|
| SLÓVENÍA–ALSÍR | 33–27 |
| **RÚSSLAND–TÉKKLAND** | **25–21** |
| ÍSLAND–KUVÆT | 31–22 |

### STAÐAN Í B-RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| RÚSSLAND | 3 | 3 | 0 | 0 | 91–54 | 6 |
| **SLÓVENÍA** | **3** | **3** | **0** | **0** | **101–77** | **6** |
| ÍSLAND | 3 | 1 | 1 | 1 | 98–80 | 3 |
| **TÉKKLAND** | **3** | **0** | **2** | **1** | **84–88** | **2** |
| ALSÍR | 3 | 0 | 1 | 2 | 78–90 | 1 |
| **KÚVÆT** | **3** | **0** | **0** | **3** | **50–103** | **0** |

### C-RIÐILL

| | |
|---|---|
| KRÓATÍA–ÁSTRALÍA | 38–18 |
| **ARGENTÍNA–JAPAN** | **25–27** |
| SVÍÞJÓÐ–SPÁNN | 26–33 |

### STAÐAN Í C-RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 3 | 3 | 0 | 0 | 125–67 | 6 |
| **KRÓATÍA** | **3** | **3** | **0** | **0** | **108–66** | **6** |
| SVÍÞJÓÐ | 3 | 2 | 0 | 1 | 105–72 | 4 |
| **JAPAN** | **3** | **1** | **0** | **2** | **64–100** | **2** |
| ARGENTÍNA | 3 | 0 | 0 | 3 | 71–93 | 0 |
| **ÁSTRALÍA** | **3** | **0** | **0** | **3** | **53–138** | **0** |

### D-RIÐILL

| | |
|---|---|
| ÞÝSKALAND–KATAR | 40–15 |
| **EGYPTALAND–BRASILÍA** | **24–20** |
| SERBÍA/SVARTF.–NOREGUR | 25–24 |

### STAÐAN Í D-RIÐLINUM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÞÝSKALAND** | **3** | **3** | **0** | **0** | **98–63** | **6** |
| NOREGUR | 3 | 2 | 0 | 1 | 91–59 | 4 |
| **SER./SVARTF.** | **3** | **2** | **0** | **1** | **71–74** | **4** |
| EGYPTALAND | 3 | 2 | 0 | 1 | 73–70 | 4 |
| **BRASILÍA** | **3** | **0** | **0** | **3** | **55–88** | **0** |
| KATAR | 3 | 0 | 0 | 3 | 63–107 | 0 |

*Enski deildarbikarinn*

| | |
|---|---|
| MAN.UTD.–CHELSEA | 1–2 |

0–1 Frank Lampard (29.), 1–1 Ryan Giggs (67.), 1–2 Damien Duff (85.).

*Chelsea vann samanlagt 1–2 og er komið í úrslitaleik deildarbikarsins.*

*1.deild kvenna í körfubolta*

| | |
|---|---|
| NJARÐVÍK–ÍS | 50–59 |

**Njarðvík:** Vera Janich 15, Petrúnella Skúladóttir 8, Helga Jónasdóttir 6, Margrét Sturludóttir 5 (9 frák), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Jamie Woudstra 4 (13 frák)
**ÍS:** Signý Hermannsdóttir 19 (22 fráköst, 6 stoðs. 4 varin skot), Stella Rún Kristjánsdóttir 15, Alda Leif Jónsdóttir 8, Erna M. Magnúsdóttir 7.

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK–KEFLAVÍK | 61–48 |

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | 13 | 12 | 1 | 1073–776 | 24 |
| **GRINDAVÍK** | **14** | **9** | **5** | **858–832** | **18** |
| ÍS | 13 | 8 | 5 | 832–773 | 16 |
| **HAUKAR** | **14** | **7** | **7** | **925–978** | **14** |
| NJARÐVÍK | 14 | 4 | 10 | 834–910 | 8 |
| **KR** | **14** | **1** | **13** | **763–1016** | **2** |

Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska liðsins:

# Æfingabúðir rusldómara?

**HM Í HANDBOLTA** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari fékk sitt þriðja gula spjald á HM í gær en hann var afar ósáttur við frammistöðu pólsku dómarana í leiknum gegn Kúvæt í gær.

„Ég spurði eftirlitsmennina að því hvort þetta mót væri æfingabúðir fyrir rusldómara. Við erum með argentínska dómara í Slóvenaleiknum sem voru að dæma sinn fyrsta leik utan Suður-Ameríku. Svo er það þetta dómarapar hér í kvöld. Ég veit ekki hvernig þeir fóru að því að komast inn á alþjóðamót. Þeir eru ekki á nógu háum standard,“ sagði Viggó.

Hann segir það hafa verið erfitt að rífa liðið upp fyrir leikinn.

„Það var vissulega erfitt að fara inn í þennan leik eftir Slóvenaleikinn. Svo fer það þannig að við stöndum í vörn megnið af tímanum. Þessi leikur var hálfgerð leikleysa og skylduverkefni að ljúka honum.“

Strákarnir eiga enn möguleika að komast upp úr riðlinum en til þess að það takist verða þeir að vinna síðustu tvo leikina.

„Það verður að klára þessa leiki. Í kvöld vorum við ekki að hugsa um stóran sigur en við mætum einbeittari í næstu tvo leiki og þá ætlum við að klára með sigri. Það er ekki spurning,“ sagði Viggó Sigurðsson, þjálfari íslenska liðsins, að lokum, einbeittur á svip að vanda. ■



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Er mjög ósáttur með dómgæsluna á HM.

Guðjón Valur Sigurðsson:

# Erfiðustu leikirnir

**HM Í HANDBOLTA** „Ég veit ekki hvort fólk trúir því eða ekki en þetta eru erfiðustu leikirnir á svona stórmótum,“ sagði hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson eftir leikinn en hann var líkt og aðrir leikmenn íslenska liðsins í litlili sigurvímu.

„Mér er alveg sama hvað við vinnum þessa leiki stórt því markatalan gegn liðum sem falla út skiptir engu máli. Við lentum í áfalli í gær (fyrradag) en við sýndum síðustu tíu mínúturnar að við erum með miklu betra lið en þeir. Tvö stig er nóg og ég er mjög sáttur,“ sagði Guðjón Valur eftir leikinn í gærkvöldi. ■


















# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Versti dagur ársins

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** TEKUR ALÞJÓÐASPÁDÓMA TIL SÍN


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Mánudagurinn átti víst að vera versti dagur ársins. Einhver breskur prófessor var búinn að reikna það, út frá ýmsum breytum. Þar skipti veðrið máli, að það var mánudagur, fjöldi daga frá jólum, fjöldi daga þar til þarf að greiða jólavísareikninginn. Án þess að hafa nokkurt af þessu í huga ákvað ég sjálf, með eigin útreikningi, að fyrir mig var mánudagurinn versti dagur ársins.

Þetta átti að vera svo indæll dagur. Ég var í fríi í vinnunni. Dóttir mín var í fríi í skólanum. Nota átti tækifærið og gera eitthvað skemmtilegt, því það gerist ekki oft að það sé frí hjá okkur báðum á virkum degi. Þess í stað lá ég undir sæng mestallan daginn, svaf, át verkjatöflur, drakk te og bölvaði ansvítans flensunni. Svona þegar ég hafði rænu til. Þrátt fyrir mikið C-vítamínát (sem sagan segir að eigi að bjarga öllu í kvefi, þrátt fyrir að læknar vilji ekki kannast við slíkt) fannst mér eins og himinn og jörð væru að farast og þóttist eiga mikið bágt.

Að gera eitthvað skemmtilegt í marga daga getur verið í lagi. En það sem er leiðinlegt á aldrei að endast lengur en í einn sólarhring í mesta lagi. Því varð ég fyrir miklum vonbrigðum með að ég gæti ekki orðið stálslegin næsta dag. Spáin um versta dag ársins hlýtur bara að hafa átt að gilda fyrir einn dag. Annars hefði spáin verið kölluð „Verstu dagar ársins“ eða „Versta vika ársins“. Sérfræðingurinn í Bretlandi hafði því rangt fyrir sér. Það má kannski bara telja þetta óheppni fyrir mína parta að veikjast allt í einu þennan „versta dag ársins.“ Hefur líklega eitthvað að gera með það að ég hafi hitt einhvern sem var að fá flensuna fyrir viku eða svo. Mér þykir þó skemmtilegra að taka spána persónulega, eins og hún hafi verið sérhönnuð fyrir mig. En eins og með aðra góða spámenn sá maðurinn bara ekki fyrir að dagurinn myndi breytast í daga, þó vonandi yrði það ekki að viku eða vikum. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



# Slagsmálaklúbburinn ógurlegi

[ TÖLVULEIKUR ]

UMFJÖLLUN

Leikir gerðir eftir kvikmyndum eru ansi misjafnir að gæðum og oft bara einn liður í gróðaöflun fyrirtækis á vörumerki. Fight Club kemur á markað fimm árum á eftir myndinni, sem er í sjálfu sér sérstakt og því var ég spenntur að sjá hvað kapparnir hjá Genuine games væru með í höndunum.

Leikurinn er að sjálfsögðu slagsmálaleikur með karakterum úr myndinni og kunnuglegum staðsetningum eins og bílastæðaplaninu, barkjallaranum og hjá húsi Tylers við Paper Street.

Fight Club býður upp á nokkra spilunarmöguleika eins og „arcade“, „survival“, „Story Mode“ og „Practice“. Spilarinn getur hannað sinn eigin karakter og þjálfað hann upp með nýjum brögðum og styrkleikapunktum sem fást með stigum úr sigrum.

Það fyrsta sem ég tók eftir var að aðal karakterarnir úr myndinni þeir Tyler og Jack eru alls ekkert líkir leikurunum Brad Pitt og Edward Norton, hvorki andlitin, líkamsburðir eða talmálið. Það rýrir leikinn raunveruleikagildi sínu, sem er miður.

Í „story mode“ leiksins þarf spilarinn að klára verkefni sem snúast um barsmíðar og er sögufléttan keyrð áfram með stillimyndum og tali. Spilarinn kemst inn í Fight Club og þarf að klífa upp metorðastigann innan klúbbsins. Nokkrir góðir punktar á ferðinni þar en heildin er óspennandi.

Grafíkin í leiknum er alveg ágæt með skemmtilegri útfærslu þar sem andstæðingurinn breytist í beinagrind þegar spilarinn nær að beinbrjóta hann þannig að brotið sést greinilega. Einnig verða karakterarnir blóðugir eftir miklar barsmíðar og blóðgusurnar slettast á sjónvarpsskjáinn og mynda hrottalega framsetningu. Umhverfið er frekar einhæft og líka karakterarnir í hreyfingum sínum.

Tónlistin úr myndinni passar vel inn í leikinn og skapar nauðsynlegt andrúmsloft frá Dust Brothers og rokksveitunum QOTSA, Korn og Limp Bizkit.

Í heildina litið er leikurinn undir pari og slagsmálahundar ættu að leita á önnur mið ef þeir vilja alvöru slagsmálaleik.



**LEIKJABÚNAÐUR:** XBOX
**FRAMLEIÐANDI:** GENUINE GAMES
**ÚTGEFANDI:** VIVENDI UNIVERSAL

**NIÐURSTAÐA:** Slagsmálaleikur gerður eftir þessari vinsælu kvikmynd. Ansi blóðugur með nokkrum góðum punktum. Gallarnir skína í gegn og hann nær ekki að hasla sér völl sem forsprakki slagsmálaleikja. Aðeins fyrir allra hörðustu aðdáendurna.

**franzgunnarsson@hotmail.com**

## TÖLVULEIKJA FRÉTTIR

Enn ein kvikmyndin gerð eftir tölvuleik er væntanleg á hvíta tjaldið. Í þetta sinn er það hryllingsleikurinn *Alone in the Dark* sem er viðfangsefni Hollywood og er það fyrirtækið **Lionsgate** sem gerir myndina. **Christian Slater** leikur yfirnáttúrulega rannsóknarmanninn Edward Carnby sem með hjálp mannfræðingsins **Aline Cedrac** (Tara Reid) flækist inn í undarlegt mál á Shadow Island. **Stephen Dorff** leikur einnig í myndinni sem er gerð af **Uwe Boll** (House of the Dead) og **Elan Mastai, Michael Roesch** og **Peter Scheerer**. Frumsýning myndarinnar í Bandaríkjunum er 28. janúar.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Brad Pitt** og **Jennifer Aniston** ætla að halda áfram með framleiðslufyrirtæki sitt Plan B Entertainment þrátt fyrir að hafa hætt saman á dögunum. Fjölmargar kvikmyndir voru í burðarliðnum hjá fyrirtækinu áður en þau slitu samskiptum, þar á meðal Charlie and the Chocolate Factory með **Johnny Depp** í aðalhlutverki, og verður þeim haldið til streitu. Ekkert verður hins vegar úr því að þau leiki saman í myndunum A Time Traveller's Wife og A Mighty Heart eins og til stóð.



Leikarinn **Christian Slater** hefur vísað á bug fregnum um að brjálaður maður hafi ætlað að stinga hann til bana í London fyrir skömmu. Hann segist aldrei hafa verið í hættu. Bresk blöð héldu því fram að lífvörður Slaters hefði bjargað lífi hans með því að stökkva í veg fyrir manninn, en svo virðist sem um uppspuna hafi verið að ræða.



Faðir leikkonunnar **Nicole Kidman** hefur grátbeðið ljósmyndara og fréttamenn um að láta hana í friði. Föðurnum ofbauð þegar hann frétti af hlerunarbúnaði sem var komið fyrir við heimili Kidman í Ástralíu. „Hún hefur nánast verið eins og fangi í eigin húsi vegna þess að fólk vill sífellt taka af henni myndir og hitta hana. Ég yrði mjög ánægður ef hún fengi að vera í friði.“



## TÖLVULEIKJA FRÉTTIR

**Sony Computer Entertainment** í Evrópu kynnir væntanlega útgáfu á **EyeToy: AntiGrav**, einstökum og skemmtilegum leik sem nýtir áður óþekkta EyeToy-tækni. Leikurinn er gerður sérstaklega fyrir PlayStation2 af fyrirtækinu *Harmonix*. Leikurinn er þrívíddarhasarleikur þar sem EyeToy-tæknin læsir sig á ákveðna líkamsparta, fylgir hreyfingum þeirra og nýtir þær til að stýra leiknum. Einfaldar líkamshreyfingar gera leikmönnum kleift að að stýra persónu leiksins í þessum skemmtilega „extreme“ íþróttaleik með dúndrandi undirspili frá sveitinni **Apollo 440**. Í leiknum EyeToy: AntiGrav eru tveir spilunarmöguleikar, annar sem snýst um hraða, en þar keppa leikmenn við aðra keppendur og er markmiðið að koma sem fyrst í mark, hinn möguleikinn snýst um stíl, og þar er markmiðið að gera sem flottastar brellur og ná sem flestum stigum. Fyrsti stóri EyeToy-leikurinn er væntanlegur á PlayStation 2 í mars.




SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN





Subaru Impreza Sedan
Verð áður frá 2.160.000
Verð nú frá 1.990.000
Subaru Impreza Station

=170.000

**króna gengishagnaður**

Hagstætt gengi og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Subaru Impreza er búinn mörgum kostum jeppa: hann er fjórhjóladrifinn, sterkbyggður og geysilega öflugur. Að auki er hann eini fjórhjóladrifni bíllinn í þessum flokki sem býðst sjálfskiptur. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

IMPREZA
Verð á mán 23.052,-*



LEGACY
Verð frá: 2.340.000 kr.
Verð á mán: 27.776 kr.*



OUTBACK
Verð frá: 3.540.000 kr.
Verð á mán: 40.974 kr.*



FORESTER
Verð frá: 2.430.000 kr.
Verð á mán: 28.123 kr.*

Í samstarfi við
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

**Hrísmýri 2a** 800 Selfossi 482-3100 · **Eyrarlandi 1** 530 Hvammstanga 451-2230 · **Sæmundargötu 3** 550 Sauðárkróki 453-5141 · **Holtsgötu 52** 260 Njarðvík 421-8808 · **Dalbraut 2b** 300 Akranesi 431-1376 · **Víkurbraut 4** 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 · **Búðareyri 33** 730 Reyðarfjörður 474-1453 · **Sindragötu 3** 400 Ísafjörður 456-4540 · **Óseyri 5** 603 Akureyri 461-2960

Fiton/SÍA

# tónlist

**Í spilaranum hjá ritstjórninni**

**Tony the Pony**: Ípí, **Can**: Future Days, **Trabant**: Ónefnd ný plata, **The Vines**: Winning Days og **The Mars Volta**: Francis the Mute.

*„And now I can't be sure of anything,*
*Black is white, and cold is heat.*
*For what I worshipped stole my love away*
*It was the ground beneath her feet,*
*It was the ground beneath her feet.“*

*- Salman Rushdie samdi textann Ground Beneath Her Feet fyrir U2. Lagið er ekki að finna á neinni breiðskífu sveitarinnar og var ekki heldur á Best Of safnplötunni 1990-2000.*

## | Á HVAÐ ERU GRÚSKARARNIR AÐ HLUSTA? |



**Benedikt Reynisson í Smekkleysubúðinni**

„Ég fékk nýlega í hendurnar frábæra plötu með 22 ára náunga sem heitir Micah P. Hinson og heitir hún Micah P. Hinson & The Gospel of Progress. Þetta er fyrsta plata hans og er hún framúrskarandi góð, skemmtileg og tregafull blanda af þjóðlagatónlist og indípoppi í anda Lambchop, Will Oldham og jafnvel Modest Mouse. Nýjasta sólóskífa Lou Barlow úr Sebadoh og Folk Implosion, EMOH, er einnig frábær og að mínu mati hans besta í mörg ár. Ég var að uppgötva frábæra plötu með bandi sem heitir Hymie's Basement og er hún skemmtileg blanda af hreinræktuðu indípoppi og hip-hop. Einnig hef ég verið að hlusta á safnplötu með reggae-pródúsentnum Joe Gibbs sem er frábær og aðra safnplötu sem heitir New York Noise sem inniheldur frábær leftfield-diskó-lög með Glenn Branca, ESG, Bush Tetras o.fl. Síðast en ekki síst hefur plata sem heitir „A Rainbow in Curved Air“ með tónskáldi að nafni Terry Riley verið spiluð mikið heima.“

**Ólafur Páll Gunnarsson, forseti Popplands á Rás 2**

„Ég hef nú aðallega verið að hlusta á það sem ég hef verið með í Rokklandi undanfarið, t.d. nýju U2 plötuna, Nancy Sinatra, Smile með Brian Wilson og Razorlight. En mestur tíminn undanfarið hefur farið í að hlusta á alls kyns tónleikaupptökur sem Rás 2 gerði á síðasta ári með fólki eins og Tenderfoot, Maus, Keane, Muse, Starsailor, Eivöru Pálsdóttur, Placebo og Herði Torfa til að nefna eitthvað.“










**ÁGÚST EINARSSON** Prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands sendi fyrir skömmu frá sér bókina Hagræn áhrif tónlistar.

# Prófessor Popp

Prófessor Ágúst Einarsson við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands gaf út bók fyrir jól þar sem hann greindi frá þeirri niðurstöðu að menning skilar þrefalt meiru til landsframleiðslunnar en landbúnaður.

Ágúst Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, trúir því að íslensk tónlistarmenning geri meira fyrir þjóðfélagið en margir vilji viðurkenna. Hann skrifaði bók fyrir síðustu jól, Hagræn áhrif tónlistar, sem viðskipta- og hagfræðideild gaf út, og eru niðurstöður hans nokkuð magnaðar.

„Niðurstöðurnar komu mér á óvart,“ segir Ágúst. „Ég hafði nú samt alltaf haft á tilfinningunni að menningin væri stór þáttur. Framlag menningar til landsframleiðslunnar er þrefalt meira en framleiðni landbúnaðar.“

### Sterkur tónlistarmarkaður

Um fimm þúsund manns hafa atvinnu af menningu á Íslandi. Þar af starfa 1.200 manns við tónlistariðnaðinn, þar með taldir allir dagskrárgerðarmenn útvarpsstöðva, útgefendur og þeir fáu tónlistarmenn sem lifa af tónlist sinni. Það eru álíka margir og starfa við landbúnað. Hins vegar veltir tónlistariðnaðurinn um 6,5 milljörðum á ári, sem Ágúst segir mjög mikið.

Þótt aðeins 1.200 manns starfi við tónlistariðnaðinn á Íslandi er hann mun stærri. Í þeirri tölu eru ekki taldir með áhugamenn, þó að þeir og hljómsveitir þeirra hafi gefið út fjölda platna í gegnum árin. Áhugamenn teljast þeir sem verða að vinna annars konar vinnu með tónlistarsköpun sinni, sem sagt þorri íslenskra tónlistarmanna.

Ágúst bendir einnig á að hér á landi eru um tólf þúsund manns í tónlistarnámi og þúsundir sem starfa í kórum. „Ég held að það komi öllum á óvart hvað tónlistariðnaðurinn er sterkur og öflugur,“ segir Ágúst. „Hann hefur ekki notið sammælis hjá almenningi eða stjórnvöldum. Það þyrfti að efla þetta enn meira. Það gæti komið fram í auknum stuðningi við tónlistariðnaðinn. Byggja tónlistarhús, efla listmenntun í skólakerfinu og auka stuðning til útflutnings. Menning er hluti af skapandi atvinnugreinum, þær eru að verða tæpur fjórðungur af vinnumarkaði hér á landi.“



**BJÖRK** Ágúst segir að tónlist skipti miklu máli fyrir ímynd Íslands og að Björk Guðmundsdóttir hafi átt stóran þátt í því.

### Útflutningsskrifstofa tónlistar í Bretlandi

Ágúst segir að fæstir geri sér grein fyrir því hvað tónlistariðnaðurinn hér sé sterkur miðað við annars staðar. Aðrar Norðurlandaþjóðir hafa þó verið duglegri en við að gera tónlist að söluvöru erlendis, til dæmis Svíar.

Ein hugmynd um að efla útflutning tónlistar er að stofna ríkisrekna skrifstofu í Bretlandi sem vinnur eingöngu að því að aðstoða íslenska tónlistarmenn við að koma sér á framfæri þar.

„Þetta hafa aðrar þjóðir framkvæmt með góðum árangri. Við erum með mjög mikla grósku hjá ungu tónlistarfólki. Við sjáum það á Airwaves-hátíðinni og Músíktilraunum. Það er mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að þarna eru mörg tækifæri. Tónlist hefur líka mikil áhrif á ferðaþjónustu. Ísland er markaðssett sem góður staður til skemmtanahalds og þar skiptir tónlist miklu máli. Og ekki má gleyma því sem Björk hefur gert til að auka athygli á landinu,“ segir Ágúst.

### Einkafyrirtæki með á nótunum

Ágúst tekur undir það að einkafyrirtæki hér á landi séu betur með puttann á púlsinum þegar kemur að tónlist. Besta dæmið er auðvitað stuðningur Landsbankans við listastarfsemina í KlinK og BanK, þar sem verið er að framleiða tugi nýrra breiðskífna þessa dagana, sem annars hefðu átt erfiðara með að brjótast yfir í efnisheiminn.

„Það er nokkur aukning á framlögum fyrirtækja til menningarstarfsemi. Það er mjög jákvætt og mætti gera meira af því. Það væri gott ef það væru sérstakar skattaívilnanir fyrir þau fyrirtæki sem halda uppi menningarstarfsemi á þennan hátt. Slíkt þekkist vel á Norðurlöndunum. Auðvitað geta bankarnir aukið ímynd sína svona en ég held að þetta sé að mestu leyti hugsjónastarfsemi hjá þeim. Yngri stjórnarmenn innan bankanna eru meðvitaðri um mátt menningar en þeir eldri. Þetta er fyrst og fremst spurning um hugsunarhátt. Þjóðfélagið er að breytast mjög hratt og við þurfum að laga okkur að þessu.“

Ágúst segir rannsóknir á menningarmálum mjög skynsamlegar. „Við þurfum að vita meira um þennan geira, það skiptir miklu máli í okkar hagkerfi. Menn hafa horft á þetta með þeim augum að tónlist sé góð og falleg en hún skili litlu. En það er ekki svo. Svo er eitt varðandi tónlistarmenn sem er sláandi. Þeir gefa oft vinnu sína til stuðnings góðum málefnum. Þetta er mjög lofsverð gjöf sem sjaldan er minnst á.“

biggi@frettabladid.is

# [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Saliva: Survival of the Sickest

„Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mölva hann í frumeindir. Söngvarinn færi létt með að drepa heilan her úr leiðindum. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?“

*SJ*

**PLATA VIKUNNAR**



### Clinic: Winchester Cathedral

„Á þriðju plötu Clinic er að finna nokkur góð lög, en útsetningar eru of kæruleysislegar. Ekki slæmt, en ekkert sérstaklega gott heldur.“

*BÖS*

### Devendra Banhart: Nino Rojo

„Sálarfull og róandi plata sem virkar vel sem undirspil fyrir frosna janúardaga. Birtan yfir þessari plötu er svipuð og fyrstu sólargeislarnir sem teygja sig til okkar yfir fjallstindana á morgnana.“

*BÖS*

### The Futureheads: The Futureheads

„Frumraun The Futureheads er góð. Hljómur sveitarinnar er ekki mjög ferskur en sveitin bætir upp fyrir það með beittum önglum og góðum flutningi.“

*BÖS*

### Converge: You Fail Me

„Vilji menn kraft, útsjónarsaman hljóðfæraleik, viðbrigði, kafla beint-í-andlitið, melódíur, niðurbrot og uppþot, þá er Converge skyldueign. Algjört meistaraverk frá Íslandsvinunum.“

*SJ*

### Hoffman: Bad Seed

„Big Brother er að mínu mati langbesta lag plötunnar og gefur góða von um að Hoffman sé fær um að geta af sér breiðskífu af bestu gerð.“

*SJ*

### Cex: Maryland Mansions

„Þetta er áttunda breiðskífa raftónlistarmannsins Cex á fimm árum en hann er rétt rúmlega tvítugur. Hann er frumlegur, hugmyndaríkur og beittur textahöfundur.“

*BÖS*

### Pinback: Summer in Abbadon

„Sætt nýbylgjupopp sem ætti ekki að geta gengið fram af neinum. Pinback tekst hið ótrúlega, að brúa bilið á milli Slint og Jimmy Eat World.“

*BÖS*

### Þórir: I Believe in This

„Þórir fer gjörsamlega á kostum í upphafslaginu, So is this... og Canada oh Canada, sem eru bestu lög plötunnar. Honum tekst frábærlega til með frumraun sinni og verður spennandi að fylgjast með drengnum á komandi tíð.“

*KH*

### Antlew/Maximum: Antlew/Maximum

„Þó svo að tónlistin sé ekki það frumlegasta sem er í boði í dag þá eru kapparnir fagmennskan uppmáluð og hæfileikarnir fara ekki á milli mála. Færni Anthony á rappsviðinu kemst vel til skila og snertir hann á mörgum viðkvæmum viðfangsefnum í textasmíðinni.“

*SJ*

### Búdrýgindi: Juxtapose

„Skemmtileg plata eins og forveri hennar. Sveitin er orðin þéttari en áður og óhrædd við að þróa sig áfram.“

*FB*

### The Polyphonic Spree: Together We Are Heavy

„Önnur plata The Polyphonic Spree kemur manni í gott skap. Svolítið einsleit á köflum en rennur þó ágætlega í gegn.“

*BÖS*

### Dizzee Rascal: Showtime

„Dizzee Rascal er breskari en te, djúpsteiktur fiskur og franskar kartöflur í pappír. Hann er líka alinn upp í gettóinu í London. Flugbeittur og gallharður. Frábært afrek, ein af áhugaverðari plötum frá Bretlandi í ár.“

*BÖS*

### Nancy Sinatra: Nancy Sinatra

„Nancy Sinatra heldur kúlinu og gerir plötu með Bono, The Edge, Jarvis Cocker, Morrissey, Calexico og Thurston Moore. Frábær plata, þó að Geir Ólafs eigi ekki eftir að samþykkja þetta.“

*BÖS*

### Tenderfoot: Without Gravity

„Ótrúlega þægileg og góð plata frá Tenderfoot. Þessir drengir gætu svo sannarlega orðið næsta „hittið“.“

*FB*

**Birgir Örn Steinarsson**
**Freyr Bjarnason**
**Kristján Hjálmarsson**
**Smári Jósepsson**



**THE STROKES** Vinnur með nýjum upptökustjóra, David Kahne.

# Lofa plötu á árinu

Tískurokksveitin The Strokes vinnur nú hörðum höndum að sinni þriðju breiðskífu, en meðlimir sveitarinnar hafa verið læstir inni í hljóðveri frá miðju síðasta ári. Þrátt fyrir allan þann tíma segir umboðsmaður þeirra að aðeins fimm lög séu tilbúin. Að þessu sinni vinnur sveitin með nýjum upptökustjóra, David Kahne.

Plötufyrirtæki The Strokes hefur ekki getað ákveðið útgáfudag þar sem sveitin neitar að láta ýta á eftir sér. Á heimasíðu sveitarinnar lofar þó umboðsmaðurinn því að platan muni skila sér í búðir á þessu ári.

Upptökustjórinn David Kahne hefur hingað til ekki unnið mikið með framsæknum listamönnum en hann er þekktastur fyrir vinnu sína með Paul McCartney, The Presidents of the United States of America og Sugar Ray.

Sveitin hefur einnig ákveðið að veita bandarískum aðdáendum sínum frían aðgang að aðdáendaklúbbi sínum. Hingað til hefur hún verið dugleg að skaffa aðdáendum sínum frítt efni í gegnum netið, svo sem tónleikaupptökur á DVD. ■

# Rappmógúll handtekinn

Rannsókn alríkislögreglunnar í Bandaríkjunum á tengslum eiturlyfjaheimsins og rapptónlistariðnaðarins hefur leitt til handtöku Irv „Gotti“ Lorenzo, yfirmanns plötufyrirtækisins The Inc. Fyrirtækið er m.a. með Ashanti og Ja Rule á sínum snærum. Félagi hans Kenneth „Supreme“ McGriff er talinn samsekur. Þeir verða að öllum líkindum ákærðir fyrir aðild að morðtilræði og fyrir peningaþvott en þeim er gefið að sök að hafa notað fyrirtækið til þess að koma eiturlyfjagróða aftur í umferð. Báðum er einnig gefið að sök að hafa stofnað fyrirtæki sitt fyrir gróða af heróín- og kókaínsölu.

Báðir neita allri sök, en McGriff situr nú bak við lás og slá fyrir að bera á sér ólögleg skotvopn. ■



**IRV „GOTTI“ LORENZO** Rappmógúllinn hefur verið handtekinn grunaður um morðtilræði og peningaþvott.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari
barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari
fyrir útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð
kr. 69.160

Miele



Miele S371 Tango Plus ryksuga með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300
Tilboð:
kr. 14.910

vilborga@centrum.is

Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavélar ásamt Miele T233C og MieleT223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

LJÓSGJAFINN
Glerárgötu 34, Akureyri

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

TÓNLEIKAR

# Spreyta sig með stórri hljómsveit

Tveir nemendur úr Listaháskóla Íslands, sem báðir eru að ljúka námi í vor, koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói í kvöld.

Þær Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Sólveig Samúelsdóttir mezzósópran báru sigur úr býtum í samkeppni Sinfóníuhljómsveitarinnar og Listaháskólans síðastliðið vor og fá að launum þetta tækifæri til þess að koma fram með stórri hljómsveit í stórum sal.

Hafdís leikur með Sinfóníunni Rondo í D-dúr eftir Mozart og Konsert eftir Carl Nielsen. Sólveig syngur síðan ljóðaflokk eftir Mahler og aríur úr óperunni Carmen eftir Bizet.

Ljóðaflokkur Mahlers nefnist „Lieder eines fahrenden Geselles“ eða Söngvar förusveins, og er tónlistin samin við ljóð eftir Mahler sjálfan.

„Hann skrifaði sjálfur þessi ljóð eftir að hafa orðið fyrir ástarsorg. Þetta er mikil kvöl og pína, en samt mjög falleg músík, litrík og skemmtileg fyrir hljómsveitina,“ segir Sólveig.

„Ég hafði lítið sungið eftir Mahler áður. Það er kannski vegna þess að hann skrifaði svo mikið fyrir söngvara með hljómsveitarundirleik, en maður hefur ekki haft hljómsveitina. Það var um að gera að grípa tækifærið því það er allt öðru vísi að syngja þessi lög með píanóundirleik. Það vantar alla litina.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HAFDÍS VIGFÚSDÓTTIR FLAUTULEIKARI**
Hún kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í kvöld ásamt Sólveigu Samúelsdóttur mezzosópran.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

24 25 26 **27** 28 29 30

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.15 **Björn Davíð Kristjánsson** leikur á þverflautu á hádegistónleikum í sal Tónlistarskóla Garðabæjar í tilefni af 40 ára afmæli skólans. **Agnes Löve** leikur með á píanó.

☐ 18.00 Hinir árlegu Mozart-tónleikar verða á Kjarvalsstöðum í tilefni af fæðingardegi tónskáldsins. Á efnisskránni er píanókvartett, aríur, tríó og kvintett.

☐ 19.30 Tveir nemendur úr tónlistardeild Listaháskóla Íslands, þær **Hafdís Vigfúsdóttir** flautuleikari og **Sólveig Samúelsdóttir** mezzósópran, koma fram sem sólóhlutverki með **Sinfóníuhljómsveit Íslands** í Háskólabíói. Hljómsveitarstjóri verður **Bernharður Wilkinson**.

☐ 20.30 Fönk- og djasshljómsveitin **Uhu!** leikur á Ömmukaffi í Austurstræti.

☐ 22.00 **Tenderfoot, Lára** og **Sviðin Jörð** á Grand Rokk.

### SKEMMTANIR

☐ **F Boogie** og **Dj S*t*e*f** á Pravda.

☐ Dj **Andrés** á Sólon. **Hreimur** og **Vignir** með partísessjón á efri hæðinni.

### FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 Um einstaklingseðli kvenna. Karlar og viðhorf til kvenréttinda á Íslandi í kringum aldamótin 1900. **Sigríður Matthíasdóttir** sagnfræðingur heldur fyrirlestur á vegum Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum í náttúrufræðahúsinu Öskju, stofu 132. Fyrirlesturinn nefnist Um einstaklingseðli kvenna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


TENÓRINN
Fös. 4. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 13. feb. kl. 20
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

FAÐIR VOR
lau. 29. jan. kl. 20.00
Síðustu sýningar

IÐNÓ Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Tangóball þriðjudaginn 1. febrúar Tangósveit lýðveldisins

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 05/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is



Frumsýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT
TOSCA
Landsbankinn
2. sýning 13.feb. kl. 19.00 – 3. sýning 18.feb. kl 20.00
4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – 5. sýning 25. febrúar kl. 20.00
6. sýning 27. febrúar kl. 19.00 – 7. sýning 4. mars kl. 20.00
8. sýning 6. mars kl. 19.00 – 9. sýning 12. mars kl. 19.00
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10–18 virka daga.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
BÖNDIN Á MILLI OKKAR ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!
■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur
Í kvöld fim. 27/1 uppselt, lau. 29/1 uppselt. Allra síðustu sýningar.
ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
7. sýn. fös. 28/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 5/2 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/2 nokkur sæti laus, 10. sýn. fim. 17/2, 11. sýn. fös. 25/2.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner
Sun. 30/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 6/2 örfá sæti laus, sun. 13/2 örfá sæti laus. Síðustu sýningar.
EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 4/2 uppselt, sun. 13/2 uppselt, lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 örfá sæti laus, fös. 11/3 nokkur sæti laus, fös. 18/3.
■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - Kaffileikhús - Alessandro Barrico
Lau. 29/1 örfá sæti laus, fös. 4/2, fös. 11/2.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson
Í kvöld fim. 27/1 örfá sæti laus, lau. 29/1 nokkur sæti laus, fim. 3/2 nokkur sæti laus. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opið kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200



TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI Í KVÖLD, FIMMTUDAGSKVÖLD KL. 19.30
Verk fyrir flautu og hljómsveit eftir Mozart og Carl Nielsen
Sönglög og óperuaríur eftir Mahler, Bizet og Rossini
Hljómsveitarstjóri ::: Bernharður Wilkinson
Einleikari ::: Hafdís Vigfúsdóttir, flauta
Einsöngvari ::: Sólveig Samúelsdóttir, mezzósópran
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS · Iceland Academy of the Arts ·
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Miðasala í síma 545 2500 | www.sinfonia.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík
STÓRA SVIÐ
HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar
Í kvöld kl 20, Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT,
Sun 6/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT,
Fö 11/2 kl 20 - UPPSELT,
Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20,
Fö 18/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 19/2 kl 20
HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Síðustu sýningar
LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren Su 30/1 kl 14,
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 Síðustu sýningar
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar
NÁMSKEIÐ UM VESTURFARNA HEFST Í BORGARLEIKHÚSINU 2. FEBRÚAR
Kennarar: Viðar Hreinsson, 2/2 Upphaf vesturferða Gísli Sigurðsson, 9/2 Sagnalist Vestur Íslendinga Helga Ögmundardóttir, 16/2 Lífskjör og aðstæður frumbyggjanna Böðvar Guðmundsson, 23/2 Bréfin frá Vestur-Íslendingum. Skráning hjá Mími Símenntun á www.mimi.is eða í síma 5801800. Þátttakendum verður boðið á sýningu á Híbýlum vindanna
Miðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudaga
NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
VIÐ ERUM ÖLL MARLENE DIETRICH FOR
e. Ernu Ómarsdóttur og Emil Hrvatin
Aðalæfing Fi 3/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning Fö 4/2 kl 20 - UPPSELT
Hátíðarsýning Su 6/2 kl 20
Mi 9/2 kl 20, Fi 10/2 kl 20,
Fö 11/2 - Lokasýning
BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Su 30/1 kl 20 - UPPSELT, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 12/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
Sýningum lýkur í febrúar
AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA. Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20, Fö 11/2 kl 20 Ath: Miðaverð kr. 1.500
SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20
SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Í kvöld kl 20 - UPPSELT, Su 30/1 kl 20, Fi 3/2 kl 20, Lau 5/2 kl 20 Ath: Bönnuð yngri en 12 ára.
BOUGEZ PAS BOUGER
Frönsk - japönsk nýsirkussýning
Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT
Su 30/1 kl 14 AUKASÝNING
Aðeins þessar sýningar.
LEIKHÚSMÁL: FASTRÁÐNINGAR LISTAMANNA
í samstarfi við Leiklistarsamband Íslands
Frummælendur: Arnar Jónsson, Karen María Jónsdóttir, Viðar Eggertsson
Lau 29/1 kl 16 - Öllum opið

SPÍTALASKIPIÐ
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
3. sýn. í kvöld. kl. 20
- örfá sæti laus -
4. sýn. fös. 28. jan. kl. 20
5. sýn. lau. 29. jan. kl. 20
6. sýn. mið. 2. feb. kl. 20
7. sýn. fim. 3. feb. kl. 20
Miðaverð 1000 kr.
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is

LANDIÐ VIFRA
möguleikhúsið
Leiksýning byggð á barnaljóðum Þórarins Eldjárns
2. sýn. sun. 30. jan. kl. 14:00
3. sýn. sun. 13. feb. kl. 14:00
Miðaverð kr. 1.200
Miðasala s. 562 5060
WWW.moguleikhusid.is

Leikfélag Mosfellssveitar
Peysufatadagurinn
eftir Kjartan Ragnarsson
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Örn Árnason
12. sýning laugard. 29.jan. kl. 20:00
Hrund Ólafsdóttir gagnrýnandi Mbl sagði m.a. þetta um sýninguna: “Metnaður og nákvæm vinnubrögð eru aðalsmerki sýningar LM á Peysufatadeginum sem færir áhorfendur næstum sjötíu ár aftur í tímann og skal þeim óskað til hamingju með góða og látlausa sýningu.”
Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-

# Hommar, frík og feitar konur

**LEIKLIST**

VALGEIR SKAGFJÖRÐ

**Ég er ekki hommi**
Fimbulvetur í Loftkastalanum

**Höfundur:** Daniel Guyton / **Þýðing:** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman/ **Leikstjóri:** Guðmundur Ingi Þorvaldsson/ **Leikarar:** Gunnar Helgason, Friðrik Friðriksson og Höskuldur Sæmundsson / **Leikmynd og lýsing:** Sigurður Kaiser / **Tónlistarstjórn:** Ásmundur Angantýsson / **Hár og förðun:** Kristín Thors / **Leikgervi:** Helga Lúðvíksdóttir

**Niðurstaða:** Verkið er saman sett úr misvel skrifuðum sketsum þar sem hnyttin tilsvör og sniðugir rassa- og typpabrandarar fjúka sviðsvængjanna á milli


**ÉG ER EKKI HOMMI** Af hverju eru menn að rembast við að staðfæra þennan bandaríska veruleika upp á Ísland? Allir tilburðir í þá veruna falla dauðir til jarðar.

Aðstandendur þessarar sýningar hvetja væntanlega áhorfendur sína til að leggja tepruskapnum, drífa sig út úr skápnum og skemmta sér í leikhúsinu. Það er hægt að fallast á þá skilmála. Auðvitað á að skemmta sér í leikhúsinu og þetta leikrit er ekki fyrir teprur en ef það er tepruskapur að láta sér mislíka það þegar kynmök við barnunga drengi eru höfð í flimtingum þá hlýtur undirritaður að vera tepra og í ljósi þess hefði ég þá átt að sleppa þessari leikhúsferð. Ég þekki ekki bandaríska leikskáldið Daniel Guyton og mér er alveg sama hvað hann hefur hlotið mörg verðlaun – það þarf ekki að þýða að hann sé leikskáld. Hann er í mesta lagi þokkalega pennafær „sketsaskríbent" svo maður sletti nú svolítið og því miður var á köflum allt of mikið af vondu „þýðingarmáli" á ferðinni (sbr. að gera hluti saman: doing things together og fleira af því tagi). Verk þetta ber öll merki þess að vera bandarískt. Það sprettur úr bandarískum veruleika eða ættum við að segja úr veröld homma í New York borg. Það er auðvitað í fullu samræmi við þá bandarísku afþreyingarhefð sem troðið er upp á okkur af öllu afli þessa dagana að leikhúsmenn láta sér detta í hug að sviðsetja þetta verk með svona bráðsmellnum titli sem er vís með að selja. En af hverju eru menn að rembast við að staðfæra þennan bandaríska veruleika upp á Ísland? Allir tilburðir í þá veruna falla dauðir til jarðar. Verkið er saman sett úr misvel skrifuðum sketsum þar sem hnyttin tilsvör og sniðugir rassa- og typpabrandarar fjúka sviðsvængjanna á milli og sannarlega er hægt að skella upp úr og það meira að segja oft og mörgum sinnum. Einkum fram að hléi. Það var hrein unun að horfa á Gunnar Helgason fara á kostum hvort heldur hann var að leika hinn ferkantaða Garðar inni í harðlæstum skápnum eða yfirhommann Jörgen. Enda væri þessi sýning ekki neitt, neitt, ef ekki kæmi til þessi snilldarleikur hjá Gunnari. Samleikur hans og Friðriks í uppgjörsþættinum var hreint út sagt frábær. Ég hef ekki áður séð téðan Höskuld Sæmundsson leika en hann gerði margt ágætlega. Hefur djúpa og fallega barítónrödd en þyrfti að vinna svolítið betur með framsögnina. Það kemur. Sömuleiðis átti Friðrik sína góðu spretti nema hvað hlutverkið hans bauð ekki upp á mikil tilþrif frá hendi höfundar. En seinni hluti verksins olli vonbrigðum, því miður – og allt endaði í einhverju farsakenndu uppgjörssulli og áðurnefndri senu með unga altarisdrengnum sem presturinn var að misnota. Ég hefði í sporum leikstjórans sleppt þessari senu eða látið nægja að gefa í skyn í stað þess að sýna þetta svona blákalt. Á stundum fannst mér húmorinn á því plani sem unglingspiltar á gelgjuskeiði fara gjarnan á og sumir þeirra komast jafnvel aldrei upp á hærra plan þótt þeir eldist og fullorðnist en ég vona svo sannarlega að Guðmundur Ingi Þorvaldsson komist upp á hærra plan í leikstjórn því hann hefur alla burði til þess en ég segi enn og aftur: Það má vera að það þurfi kjark til að tefla djarft sem leikstjóri þegar maður stendur frammi fyrir því að taka ákvarðanir og velja á milli hugmynda, en stundum þarf meiri kjark til að láta hugmyndir fjúka, jafnvel þótt einhverjum kunni að finnast þær vera tær snilld.




**TÓNLEIKAR**

# Á fæðingardegi Mozarts

Undanfarin ár hefur hópur tónlistarmanna haft það fyrir sið að minnast fæðingardags Wolfgangs Amadeusar Mozart með tónleikahaldi á Kjarvalsstöðum.

Í ár verður fluttur þar píanókvartett í Es-dúr og aríur, tríó og kvintett úr óperunum Brúðkaupi Fígarós, Cosi fan tutte og Töfraflautunni.

Flytjendur eru Valgerður Andrésdóttir píanóleikari, Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari, Þórunn Ósk Marínósdóttir víóluleikari og Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari ásamt nemendum við Söngskólann í Reykjavík.

Þorsteinn Gylfason heimspekingur mun einnig spjalla um tónskáldið og verkin sem flutt verða.

Tónleikarnir hefjast klukkan 18 í dag. ■


**WOLFGANG AMADEUS MOZART**
Tónlist hans hljómar á Kjarvalsstöðum í tilefni af fæðingardegi tónskáldsins.













## ■ BÆKUR

# Þriðja bókin komin út

Þriðja bókin í bókaflokknum Úr bálki hrakfalla, eða A Series of Unfortunate Events, eftir Lemony Snicket, er komin út í íslenskri þýðingu. Bækurnar hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og nýverið var frumsýnd kvikmynd sem er byggð á þremur fyrstu bókunum. Skartar hún Jim Carrey í hlutverki Ólafs greifa, sem ásælist arf munaðarlausu Baudelaire-systkinanna. Tvær fyrstu bækurnar, Illa byrjar það og Skriðdýrastofan, hafa þegar verið þýddar á íslensku. ■



**JIM CARREY** Carrey fer eftirminnilega með hlutverk Ólafs greifa í nýrri kvikmynd sem er byggð á bókaflokknum A Series of Unfortunate Events.

## ■ SKEMMTANIR

# Sailesh telur dagana

Bandaríski gríndávaldurinn Sailesh sló heldur betur í gegn þegar hann kom til Íslands í fyrra og skemmti landanum með dáleiðslusýningu sinni. Upphaflega var gert ráð fyrir að Sailesh héldi eina sýningu á Broadway en eftirspurnin eftir honum var slík að hann troðfyllti húsið í þrígang og samt komust færri að en vildu.

„Það kom mér virklega á óvart hversu mikill áhuginn á sýningunum var og hversu vel áhorfendur tóku mér. Ég hef aldrei lent í öðru eins," segir Sailesh og fullyrðir að sýningarnar hans á Íslandi séu þær skemmtilegustu sem hann hafi sett upp. Það segir ef til vill mest um stemninguna að á síðustu sýningunni þustu 180 manns, eða 20% gesta, upp á svið til þess að taka þátt og láta kappann dáleiða sig. Sailesh segir að þar hafi verið um algera metþátttöku að ræða.

Það er ekki nóg með að Sailesh hafi dáleitt Íslendinga heldur varð hann sjálfur svo bergnuminn af landi og þjóð að hann vildi fyrir alla muni koma hingað sem fyrst aftur og það var því lítið mál að bóka hann á ný en hann er væntanlegur til landsins þann 12. apríl og mun halda tvær skemmtanir á Broadway dagana 18. og 19. apríl.

„Ég er búinn að bæta við alls konar nýju efni og hef meðal annars ráðfært mig við fólk sem þekkir til hérna þannig að hluti af sýningunni verður sérhannaður fyrir Íslendinga," segir Sailesh, sem hefur verið að skemmta í Bandaríkjunum undanfarið og mætir því ferskur til leiks í vor.

„Ég ætla að gefa mér enn betri tíma til að ferðast og skoða landið þegar ég kem í apríl. Síðast komst ég aðeins út fyrir Reykjavík til að skoða fossa en nú vil ég sjá miklu meira. Ég elska landið og fólkið og tel dagana þangað til ég kem aftur," segir dávaldurinn, sem komst ekki hjá því að heillast af reykvísku næturlífi í síðustu heimsókn sinni. „Þetta var geggjað. Ég fór á djammið öll kvöldin og dansaði til þrjú og fjögur á næturnar. Þetta var frábært og ótrúlega gaman að skemmta sér með Íslendingum."

Miðasala á sýningar Sailesh í apríl hefst í dag klukkan 10 en miðarnir fást í verslunum Skífunnar, á event.is og í síma 575 1522. ■








**SAILESH** Gríndávaldurinn kolféll fyrir því litla sem hann sá af landi og þjóð þegar hann kom hingað í fyrra. Þá náði hann að skreppa aðeins út fyrir bæinn og sjá fossa en nú ætlar hann að fara víðar og vonast til að vorveðrið verði öðruvísi en það sem hann lenti í síðast.










FÓLK

# Vill ekki fara í brjóstastækkun



Nicole Richie segist aldrei myndu vilja fara í brjóstaaðgerð því henni finnst flott að vera með lítil brjóst. Hún segist þó hafa haft gaman af því þegar þær ljóskurnar í þáttunum The Simple Life tóku upp einn þátt á lýtalæknastofu. Paris Hilton hins vegar þoldi ekki veruna á stofunni: „Þetta var algerlega ógeðslegt, allt við þetta, þegar skinnið var skorið. Nicole hins vegar fílaði þetta," sagði Hilton. Það sem Nicole þótti verst í þáttunum var að þurfa að spá fyrir fólki með því að skoða rassinn á því í stað lófans. ■

TÓNLIST

# Spilurum stolið af Gusgus

Plötuspilurum var stolið af hljómsveitinni Gusgus á skemmtistaðnum Nasa síðasta sumar. Spilararnir eru af gerðinni Technics SL 1200 og hefur sveitin óskað eftir upplýsingum um þá sem vita um ferðir þeirra.

„Þessir plötuspilarar eru eign gusgus og voru merktir sem slíkir. Ekki verður kært, bara kossar!," segir í tilkynningu sveitarinnar.

Tónleikum Gusgus sem áttu að vera á laugardaginn hefur jafnframt verið frestað til 20. apríl af óviðráðanlegum ástæðum. ■



**Á TÓNLEIKUM** Hljómsveitin Gusgus leitar plötuspilara sem teknir voru ófrjálsri hendi á skemmtistaðnum Nasa í sumar.

TÓNLIST

# Sabbath og Green Day á Hróarskeldu

Hljómsveitin Black Sabbath hefur staðfest komu sína á Hróarskelduhátíðina í ár og verða þetta einu tónleikar hennar á Norðurlöndum í sumar. Rokkhundurinn Ozzy Osbourne mun syngja með upprunalegum meðlimum, en þessi goðsagnakennda sveit var stofnuð árið 1970 í Birmingham. Auk Sabbath mun hljómsveitin Green Day koma fram, ásamt The Dears og The Go! Team. Áður hafði rokksveitin Audioslave tilkynnt komu sína á hátíðina. ■

**OZZY OSBOURNE** Ozzy ætlar að syngja með Black Sabbath á Hróarskeldu næsta sumar.













## VIÐ TÆKIÐ | Að éta eins og fuglsungi

**EDDA JÓHANNSDÓTTIR** ÁT ONÍ SIG FORDÓMANA

Ég er með krónískt ofnæmi fyrir þáttum um heilbrigðan lífsstíl og allri þeirri umræðu yfirleitt. Það er örugglega af því ég er letihaugur frá h... og finnst óþolandi þegar fólk ljómar af hreysti og heilbrigði, étur eins og kanarífuglar og talar ekki um neitt nema heilsu og holl-ustu. Innst inni er ég auðvitað bara öfundsjúk. Það var þess vegna fyrir algjöra tilviljun sem ég datt inní þátt á Stöð tvö sem ber yfirskriftina „Þú ert það sem þú borðar“. Nafnið eitt og sér hefði undir venjulegum kringumstæðum hrakið mig útí sjoppu, en fitubollan í þættinum fangaði mig á fyrstu sekúndunum. Fyrir utan hrollvekjandi lífsstílinn og mataræðið var hún kjaftfor og sjarmerandi og át frönskurnar sínar í gleði sem jaðraði við nirvana. Skoski næringarfræðingurinn dr. Gillian McKeith var kölluð til og átti að hafa vit fyrir stúlkunni, en þar mætti skrattinn ömmu sinni. Doktorinn átti fullt í fangi með átfíkilinn, sem hékk á slæmum matarvenjum eins og hundur á roði og varði sig með kjafti og klóm. Nú liggur það í augum uppi að auðvitað vildi stelpan breyta um lífsstíl, annars hefði hún ekki verið í þessum þætti. En efnistökin voru svo frískleg og öðruvísi að örgustu fýlupokar hlutu að hrífast með. Þegar þættinum lauk hafði stelpan grennst einhver ósköp og það sem var mest um vert, hún leit miklu betur út og ljómaði af hamingju. Nú verð ég að láta taka þáttinn upp fyrir mig í framtíðinni því hann er akkúrat á þeim tíma sem ég er líkamsræktinni. Sjoppuferðirnar hafa líka verið aflagðar og birgðir af ávöxtum og grænmeti hrannast upp. Svona getur máttur almennilegra sjónvarpsþátta verið mikill. ■



Næringarfræðingurinn dr. Gillian McKeith tekur skjólstæðinga sína engum vettlingatökum.



▶ 22.20 *Drama*

Bodies. Fylgst er með lífi og starfi lækna á stóru sjúkrahúsi í London.



▶ 20.00 *Sprell*

Strákarnir. Nýr þáttur með strákunum úr 70 mínútum, þeim Sveppa, Audda og Pétri, sem halda áfram að sprella.



▶ 21.30 *Raunveruleiki*

The Simple Life 2. Nicole fær gistingu hjá fjölskyldu einni en lendir í deilum við elsta soninn og ákveður að láta hann finna fyrir því.

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Handboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Fræknir ferðalangar (24:26)** (Wild Thornberries)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Verksmiðjulíf (4:6)** (Clocking Off IV) Breskur verðlaunamyndaflokkur sem gerist meðal verksmiðjufólks í Manchester. Hver þáttur er sjálfstæð saga og í þeim er sagt frá gleði og raunum verksmiðjufólksins í starfi og einkalífi.
**20.50** **Nýgræðingar (68:68)**
**21.15** **Launráð (65:66)** (Alias III) Bandarísk spennuþáttaröð. Meðal leikenda eru Jennifer Garner, Ron Rifkin, Michael Vartan og Carl Lumbly. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.20** **Mannamein (2:6)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.20** Af fingrum fram **0.05** Kastljósið **0.25** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.00** Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** You Are What You Eat (3:8) (e) **13.10** Jag (1:24) (e) **14.05** The Block 2 (11:26) (e) **14.50** Miss Match (17:17) (e) **15.35** Bernie Mac 2 (17:22) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
▶ **20.00** **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri, strákunum sem slógu í gegn í 70 mínútum á Popptíví og öðluðust heimsfrægð á Íslandi. Félagarnir halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.
**20.30** **American Idol 4**
**21.15** **Jag (23:24)** (In Country) Harmon Rabb er fremstur í flokki í lögfræðingasveit flotans. Harm og félagar glíma við erfið mál eins og morð, föðurlandssvik og hryðjuverk.
**22.00** **Silent Witness 8 (5:8)** (Þögult vitni) Sam Ryan hefur látið af störfum og Leo og Harry þurfa nú að axla aukna ábyrgð. Bönnuð börnum.
**22.50** **Silent Witness 8 (6:8)** (Þögult vitni)

**23.45** BlackMale (Stranglega bönnuð börnum) **1.15** Falling Sky (Bönnuð börnum) **2.50** Fréttir og Ísland í dag **4.10** Ísland í bítið (e) **5.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**18.30** **Fólk – með Sirrý (e)**
**19.30** **According to Jim (e)**
**20.00** **Borðleggjandi með Völla Snæ** Völundur býr sem kunnugt er á Bahama eyjum þar sem hann rekur veitingastað og galdrar fram suðræna og seiðandi rétti – með N-Atlantshafslegu yfirbragði.
**20.30** **Yes, Dear**
**21.00** **Still Standing** Judy fær loks góða hugmynd á foreldrafundi. Athyglin sem hún fær frá formanni félagsins hvetur hana og Bill til að verða ábyrgari foreldrar.
▶ **21.30** **The Simple Life 2** Nicole fær gistingu hjá fjölskyldu einni en lendir í deilum við elsta soninn og ákveður að láta hann finna fyrir því.
**22.00** **CSI: Miami** Horatio fer til New York til að ljá réttarrannsóknadeild þar aðstoð sína.
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** The Bachelorette – lokaþáttur (e) **0.15** The Mountain – nýtt! (e) **1.00** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** City Slickers **8.00** Snow Dogs **10.00** Last Orders **12.00** Wild About Harry **14.00** City Slickers **16.00** Snow Dogs **18.00** Last Orders **20.00** Cubbyhouse (Strangl. b. börnum) **22.00** Wishmaster 3 (Strangl. b. börnum) **0.00** Ghosts of Mars (Strangl. b. börnum) **2.00** American Psycho 2 (Strangl. b. börnum) **4.00** Wishmaster 3 (Strangl. b. börnum)

### OMEGA

**17.00** Ron Phillips **17.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **18.00** Joyce Meyer **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Í leit að vegi Drottins **20.00** Kvöldljós **21.00** Um trúna og tilveruna **21.30** Joyce Meyer **22.00** Acts Full Gospel **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir frá CBN **0.00** Kvöldljós **1.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter **18.15** Korter **19.15** Korter **20.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**

**10.00** SKY News Today **13.00** News on the Hour **17.00** Live at Five **19.00** News on the Hour **19.30** SKY News **20.00** News on the Hour **21.00** Nine O'clock News **21.30** SKY News **22.00** SKY News at Ten **22.30** SKY News **23.00** News on the Hour **0.30** CBS News **1.00** News on the Hour **5.30** CBS News

**CNN**

**8.00** Business International **9.00** Larry King **10.00** World News **10.30** World Sport **11.00** Business International **12.00** World News Asia **13.00** World News **13.30** World Report **14.00** World News Asia **15.00** World News **15.30** World Sport **16.00** Your World Today **19.30** World Business Today **20.00** World News Europe **20.30** World Business Today **21.00** World News Europe **21.30** Spark **22.00** Business International **23.00** Insight **23.30** World Sport **0.00** CNN Today **2.00** Larry King Live **3.00** Newsnight with Aaron Brown **4.00** Insight **4.30** World Report

**EUROSPORT**

**6.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **8.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **10.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **12.00** Skeleton: World Cup St Moritz **13.00** Figure Skating: European Championship Torino Italy **16.00** Skeleton: World Cup St Moritz **16.30** Tennis: Grand Slam Tournament Australian Open **17.30** Figure Skating: European Championship Torino Italy **21.45** Boxing **23.15** News: Eurosportnews Report **23.30** Fight Sport: Free Fight

**BBC PRIME**

**7.35** Blue Peter Flies the World **8.00** The Best **8.30** Ready Steady Cook **9.15** Big Strong Boys **9.45** Trading Up **10.15** Cash in the Attic **10.45** The Weakest Link Special **11.30** Diet Trials: Where Are They Now? **12.00** EastEnders **12.30** Antiques Roadshow **13.00** Animal Hospital **13.30** Teletubbies **13.55** Tweenies **14.15** Bits & Bobs **14.30** Captain Abercromby **14.45** The Story Makers **15.05** Blue Peter Flies the World **15.30** The Weakest Link Special **16.15** Big Strong Boys **16.45** Cash in the Attic **17.15** Ready Steady Cook **18.00** Diet Trials: Where Are They Now? **18.30** EastEnders **19.00** Althorp after Diana **19.50** The Big Impression: Euro 2004 Special **20.20** Alistair Mcgowan's Big Impressions **20.30** Birthday Programme **21.00** Joy Adamson **22.00** Wildlife **22.30** The League of Gentlemen **23.00** Two Thousand Acres of Sky **0.00** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** Kingdom of the Ice Bear **2.00** Modcon **2.30** Framing and Forming **3.00** Trouble At the Top **3.40** Personal Passions **4.00** Follow Me **4.15** Follow Me **4.30** Teen English Zone

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**16.00** Why Chimps Kill **17.00** Battlefront: Battle of Norway **17.30** Battlefront: Fall of Singapore **18.00** Explorations: Brain & Body – Commanding Nature **19.00** Totally Wild **19.30** Monkey Business **20.00** Cheetahs: Tale of 2 Kitties **21.00** Built for the Kill: Cat **22.00** Why Chimps Kill **23.00** Battlefront: Arnhem **23.30** Battlefront: Battle of Okinawa **0.00** Built for the Kill: Cat **1.00** Why Chimps Kill

**ANIMAL PLANET**

**16.00** The Planet's Funniest Animals **16.30** Amazing Animal Videos **17.00** A Joey Called Jack **18.00** Monkey Business **18.30** Big Cat Diary **19.00** The Natural World **20.00** African Bush Rescue **20.30** Escape the Elephants **21.00** Venom ER **22.00** The Natural World **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed all About It **0.00** Animal Doctor **0.30** Emergency Vets **1.00** The Natural World **2.00** African Bush Rescue **2.30** Escape the Elephants **3.00** Venom ER **4.00** The Planet's Funniest Animals **4.30** Amazing Animal Videos

DISCOVERY

**16.00** Fishing on the Edge **16.30** Rex Hunt Fishing Adventures **17.00** Unsolved History **18.00** Wheeler Dealers **18.30** A Bike is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Forensic Detectives **21.00** FBI Files **22.00** FBI Files **23.00** Forensic Detectives **0.00** First World War **1.00** Gladiators of World War II **2.00** Fishing on the Edge **2.30** Rex Hunt Fishing Adventures **3.00** Globe Trekker **4.00** Crowded Skies

**MTV**

**9.00** Top 10 at Ten **10.00** Just See MTV **12.00** Newlyweds **12.30** Just See MTV **14.00** SpongeBob SquarePants **14.30** Wishlist **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** The Base Chart **19.00** Newlyweds **19.30** Globally Dismissed **20.00** Boiling Points **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Superock **0.00** Just See MTV

**VH1**

**9.00** Then & Now **9.30** VH1 Classic **10.00** Instrumentals Top 10 **11.00** Smells Like the 90s **11.30** So 80's **12.00** VH1 Hits **16.00** So 80s **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Britney Spear Rise & Rise Of **21.00** Fabulous Life Of **21.30** Fabulous Life Of **22.00** VH1 Rocks **22.30** Flipside

**CARTOON NETWORK**

**7.00** Johnny Bravo **7.30** The Grim Adventures of Billy & Mandy **7.55** Courage the Cowardly Dog **8.20** Scooby-Doo **8.45** Spaced Out **9.10** Dexter's Laboratory **9.35** Johnny Bravo **10.00** The Addams Family **10.25** The Jetsons **10.50** The Flintstones **11.15** Looney Tunes **11.40** Tom and Jerry **12.05** Scooby-Doo **12.30** Spaced Out **12.55** Courage the Cowardly Dog **13.20** Samurai Jack **13.45** Johnny Bravo **14.10** Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25**

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## AMERICAN IDOL 4

*Stöð 2* **kl. 20.00**

### *Engin miskunn í Ameríku*



Leitin að næstu poppstjörnu Bandaríkjanna er hafin. Sem fyrr sitja Paula Abdul, Randy Jackson og hinn kjaftfori Simon Cowell í dómnefndinni. Kynnir í American Idol er Ryan Seacrest. Þúsundir söngvara hafa mætt í áheyrnarpróf úti um öll Bandaríkin og greinilegt að marga dreymir um að feta í fótspor Fantasiu Barrino, sem sigraði í American Idol í fyrra, og vila það ekkert fyrir sér að eiga á hættu að fá gusuna frá Simon. Segja má að hin íslenska dómnefnd, og Bubbi þar með talinn, fari mjúkum höndum og rómi um verðandi íslenskar poppstjörnur miðað við þá útreið sem þjáningarsystkin þeirra í Bandaríkjunum fá.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„And YOU have got to be the dumbest DUMB person I have ever met."**

**Svar:** Susan Calvin úr kvikmyndinni I, Robot frá árinu 2004.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Fréttir **12.50** Auðlind **13.05** Í uppáhaldi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Seiður og hélog **15.03** Fallegast á fóninn **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn

**19.00** Vitinn **19.27** Ópera mánaðarins: Ævintýri Hoffmanns eftir Jacques Offenbach **22.20** Lestur Passíusálma **22.30** Útvarpsleikhúsið: Herjólfur er hættur að elska **23.25** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni heldur áfram **7.30** Morgunvaktin **10.03** Brot úr degi **11.30** Íþróttaspjall

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.26** Spegillinn

**19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert með Kings of Leon og Saville **22.15** Óskalög sjúklinga **0.10** Glefsur

**1.03** Ljúfir næturtónar **2.03** Auðlindin

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**09.03** Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir

**12.25** Endurflutt **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Endurflutt **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson **16.03** Viðskiptaþátturinn

**17.05** Heil og sæl (Einar Karl/Hulda) **18.00** Tölvur og tækni (endurflutt) **20.00** Endurflutningur frá liðnum degi



**20.15** *Íþróttir*

**Þú ert í beinni! Valtýr Björn, Hans og Böðvar fjalla um það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum..**

## SÝN

**16.30** Sjáðu **17.00** Jing Jang **18.00** Olíssport

**18.30** **David Letterman**
**19.15** **The World Football Show** (Fótbolti um víða veröld)
**19.45** **Inside the US PGA Tour 2005**
**20.15** **Þú ert í beinni!** Beinskeyttur umræðuþáttur um allt það sem er efst á baugi í íþróttaheiminum hverju sinni. Umsjónarmaður er Valtýr Björn Valtýsson en honum til aðstoðar eru Hans Bjarnason og Böðvar Bergsson.
**21.00** **Íslandsmótið í bekkpressu** Íslandsmótið í bekkpressu var haldið í Valsheimilinu 29. janúar sl. Til leiks mættu helstu kraftajötnar landsins og andrúmsloftið var rafmagnað.
**21.30** **World's Strongest Man 2004**
**22.00** **Olíssport**
**22.30** **David Letterman**

**23.15** Þú ert í beinni! **0.00** Boltinn með Guðna Bergs

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **7.40** Meiri músík **17.00** Jing Jang **18.00** 17 7 (e) **19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Idol Extra (e) **21.30** I Bet You Will **22.00** Fréttir **22.03** Jing Jang **22.40** Kenny vs. Spenny **23.10** Sjáðu (e) **23.30** Meiri músík

The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo **17.55** The Flintstones **18.20** Looney Tunes **18.45** Wacky Races

**FOX KIDS**

**7.15** Magic School Bus **7.40** Tiny Planets **7.50** Little Wizards **8.15** Three Little Ghosts **8.45** Sylvanian Families **9.10** Happy Ness **9.35** Bad Dog **9.50** Three Friends and Jerry I **10.05** Dennis **10.30** Life With Louie **10.55** Inspector Gadget **11.20** Gadget and Gadgetinis **11.45** Black Hole High **12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**TCM**

**20.00** Diner **21.50** The Strawberry Statement **23.40** The Secret of My Success **1.20** The Power and the Prize **3.00** Clash of the Titans

**HALLMARK**

**8.00** Anastasia: The Mystery of Anna **9.45** The Hound of the Baskervilles **11.15** Early Edition **12.00** Walter and Henry **13.45** Trail To Hope Rose **15.15** Anastasia: The Mystery of Anna **17.00** The Hound of the Baskervilles **18.30** Early Edition **19.30** Law & Order III **20.30** Brush with Fate **22.15** Sudden Fury

**MGM**

**7.40** Cage of Evil **8.50** Rebecca's Daughter **10.25** Sunburn **12.10** A Bullet for Joey **13.35** Silence of the Heart **15.10** Yongary-monster from the Deep **16.30** The Hills Run Red **18.00** Scenes from the Goldmine **19.45** Pride and the Passion **21.55** The Stranger **23.30** Death Rides a Horse **1.25** Soda Cracker **3.00** Extremities


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Frábært tilboð fyrir þá sem vilja fylgjast með einum vinsælasta og mest spennandi sjónvarpsþætti landsins. Þú horfir á Idol til enda og sparar 6.284 kr. í leiðinni!

Fáðu þér áskrift núna og misstu ekki af því þegar keppendur syngja lög Sálarinnar á morgun.

SKEMMTILEG LEIÐ TIL AÐ SPARA SEXÞÚSUNDKALL

Stöð 2 og Stöð 2 Bíó, til 5. apríl fyrir aðeins 9.990 kr.
Tilboðið gildir aðeins í 4 daga.





## HRÓSIÐ

*...fær Arnór Atlason, handknattleiksmaðurinn ungi, sem skoraði síðasta mark Íslands gegn Slóvenum í leik þjóðanna á heimsmeistaramótinu í Túnis í fyrradag. Það dugði þó skammt.*



**Lárétt:** 2 afl, 6 örtröð, 8 eins um a, 9 flugfélag, 11 más, 12 versla, 14 yndis, 16 ógrynni, 17 hluti af borgarnafni, 18 beljaka, 20 tveir eins, 21 gugginn.
**Lóðrétt:** 1 þéttur reykur, 3 tími, 4 misstir, 5 traust, 7 hálstau, 10 grip, 13 tvenna, 15 hryggð, 16 garg, 19 leyfist.

**Lausn.**

**Lárétt:** 2 mátt, 6 ös, 8 rar, 9 klm, 11 pú, 12 kaupa, 14 unaðs, 16 of, 17 río, 18 rum, 20 rr, 21 gráð.
**Lóðrétt:** 1 mökk, 3 ár, 4 tapaðir, 5 trú, 7 slaufur, 10 mun, 13 par, 15 sorg, 16 org, 19 má.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. A-vítamíns.
2. 26 ára.
3. 280 þúsund manns.

## LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að Erlendur Steingrímsson, smíðakennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, væri einn af knattspyrnuþjálfurum í fótboltaleiknum Championship Manager. Hið rétta er að Erlendur er þjálfari í fótboltaleiknum Football Manager 2005.

## AÐ MÍNU SKAPI

**KARL HENRÝ HÁKONARSON, SÖNGVARI Í TENDERFOOT**

# *Elliott Smith, New York, safnarabúðir og ævisögur*

**TÓNLISTIN** Þessa dagana hef ég hlustað mikið á nýju Elliott Smith-plötuna: *From a Basement on the Hill* og hún er bara hrein snilld. Svo hef ég mikið lagt hlustir við Jesse Harris and the Ferdinandos, sem er mjög skemmtilegt kántríband. Forsprakki sveitarinnar er Jesse Harris, en hann er óviðjafnanlegur lagahöfundur og samdi til dæmis nokkur lög á fyrstu plötu Noruh Jones.

**BÓKIN** Ég er mikið fyrir Stephen King-bækurnar og hef lesið flestar þeirra. Ég er líka mikill aðdáandi ævisagna og les þá helst ævisögur tónlistarmanna. Það sem stendur upp úr er *Light My Fire: My Life With the Doors* skrifuð af Ray Manzarek, hljómborðsleikara Doors, um lífið í hljómsveitinni. Frábær bók, þar sem ekkert er verið að fegra hlutina.

**BÍÓMYNDIN** Ég horfi mikið á bíómyndir og ég á mér ótal uppáhaldsmyndir, en þær sem koma fyrst upp í hugann eru til dæmis myndir eins og *Fargo*, snilldar svartur húmor og William H. Macy fer á kostum. Svo er það *Fight Club*, en Edward Norton er einn af mínum uppáhaldsleikurum; hann klikkar aldrei.

**BORGIN** Við strákarnir í Tenderfoot fórum og spiluðum á nokkrum tónleikum í New York í fyrra og ég heillaðist gjörsamlega af borginni. Madrid er líka frábær en þar dvaldi ég sumarið 2002. Tók með mér gítar og upptökugræjur og samdi alveg fullt af lögum. Það var mjög skemmtilegur tími.

**BÚÐIN** Geisladiskabúð Valda á Vitastíg. Safnarabúð af bestu gerð með gott úrval af tónlist, DVD og tölvuleikjum.

**VERKEFNIÐ** Við í Tenderfoot erum á leiðinni á By: Larmtónlistarfestivalið í Noregi í byrjun febrúar. Svo kemur platan okkar út í Evrópu og Japan um mánaðamótin febrúar/mars og fljótlega upp úr því förum við út og fylgjum plötunni eftir.



BJARKARMYNDBAND FRUMSÝNT Í GÆR: VANDRÆÐI Á TÖKUSTAÐ

# Björk með ofnæmi fyrir Mura

Bjarkarmyndbandið við lagið Triumph of a Heart af nýjustu plötu hennar, Medúlla, var frumsýnt í þættinum Óp í gærkvöldi. Fjallar það um ástarsamband Bjarkar og kattarins Mura og var leikstýrt af hinum þekkta Spike Jonze, sem meðal annars gerði kvikmyndirnar Being John Malkovich og Adaptation.

Við tökur á myndbandinu kom í ljós að Björk var með ofnæmi fyrir kettinum og setti það strik í reikninginn eins og gefur að skilja. „Spike þurfti að breyta heilmiklu í sínu tökuplani. Það var gaman að sjá hvernig hann fann lausnir og stökk sjálfur inn í atriðin,“ segir Einar Sveinn Thordarson hjá fyrirtækinu Pegasus, sem framleiddi myndbandið. „Hann var meðal annars staðgengill fyrir Björk þar sem hún rennur eftir götunni og hann var líka í kattarbúningi að dansa við Björk,“ segir hann. Einnig var notast við brúðuketti og gerviloppur í myndbandinu.

Að sögn Einars var ofboðslega gaman að taka upp atriðið, sem gerist á barnum Sirkus. Eftir að opinberum tökum var lokið var haldið þar í partí fyrir þá sem unnu að myndbandinu. Samt sem áður var haldið áfram að mynda til klukkan tvö um nóttina. „Það voru allir með í þessu. Þetta voru áhrif sem hann vildi bæta inn í,“ segir hann um þessi óvenjulegu vinnubrögð.

Aðspurður segir Einar að mjög gaman hafi verið að starfa með Spike. „Hann var rosalega mikið með í öllu. Hann var að vasast í leikmynd og öllu sem þurfti að gera. Hann var mjög ákafur og spenntur yfir öllu og hann smitaði mikið út frá sér. Það fengu allir sterka tilfinningu um að þeir væru virklega með í verkefninu.“



**SPIKE, MURI OG BJÖRK** Björk var með ofnæmi fyrir kettinum Mura og því þurfti leikstjórinn Spike Jonze að bregðast skjótt við.

Spike var að koma hingað til Íslands í annað sinn, en hann hafði áður millilent hér sem ungur drengur. Leist honum mjög vel á land og þjóð og var mjög spenntur fyrir því að starfa hér við fleiri verkefni í framtíðinni.

freyr@frettabladid.is






# Gullverðlaun fyrir auglýsingaherferð

Íslenska auglýsingastofan Johnson & Le'macks hlaut nýverið hin virtu Epica-verðlaun fyrir auglýsingaherferð sína fyrir 66° norður. Þau voru afhent í óperuhúsinu í Búdapest í Ungverjalandi.

Stofan fékk gullverðlaun í fataflokki, sem þykir vel af sér vikið því herferðir fyrir ekki ómerkari merki en Lee, Levi's og Diesel hafa áður unnið til þessara sömu verðlauna. Alls voru um 5.000 tilllögur sendar í keppnina sem dómnefnd fór síðan yfir og gaf einkunn.

„Þetta eru evrópsk auglýsingaverðlaun sem eru haldin af auglýsingafagtímaritum. Við vorum þarna í hópi með auglýsingastofum um alla Evrópu,“ segir Viggó Jónsson hjá Johnson & Le'macks. „Þetta er mikill heiður og búið að vera mjög skemmtilegt. Þessi herferð okkar er búin að taka heilt ár. Þetta er hellingsvinna. Við höfum verið að þvælast um Suðurnes og Vesturland og leita að tökustöðum. Við höfum lagt verulega mikið í vinnuna til að gera þetta sérstakt,“ segir hann. ■



**LUKKULEGIR** Hallgrímur Egilsson, Hilmar Þorsteinn Hilmarsson, Ari Magnússon (ljósmyndari), Viggó Jónsson og Agnar Tryggvi Le'macks voru lukkulegir í Ungverjalandi með verðlaunin.

# 3 fyrir 2

**Kauptu þrjár vörur en borgaðu fyrir tvær!***





Flíspeysa (Viti) KR. 3.500

Dömuflíspeysa (Kjölur) KR. 4.500



Götuskór KR. 2.900

Flíspeysa (Kjölur) KR. 3.500



Bolir KR. 300



Flísvetlingar KR. 600



Barnahúfa KR. 600



Dömu flísvesti KR. 3.500



Göngubuxur KR. 3.900

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR!

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

## 3 FYRIR 2 TILBOÐ HÆTTIR Á LAUGARDAG

*Hámark 12 vörur á mann! Gildir til laugardagsins 29. janúar.

# ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

**Faxafeni 12** Reykjavík, Opið 10 - 18 virka daga og 10 - 16 laugardaga

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

F2
Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
á hverju fimmtudagskvöldi kl. 19.30 til 22.00 í síma 5511012.
ORATOR,
félag laganema við Háskóla Íslands.



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

# ÞORRI

ÞÁ er þorrinn genginn í garð. Súrmaturinn er kominn í kjötborð matvöruverslana. Við hliðina á entre cote og rib eye liggur nú niðursneiddur súr blóðmör og lundabaggar. Súr hvalurinn stingur óneitanlega í stúf við tilbúna fiskrétti. Gamla fólkið horfir græðgisaugum á dásemdirnar en unglingarnir hlæja og gretta sig.

**ÞORRABLÓT** fjölskyldunnar minnar var haldið á bóndadaginn. Ég fór í verslunina Svalbarða og keypti einn bita af öllu sem mér datt í hug. Að vísu áttu þeir ekki kæstan humar en allt annað. Svo fór ég í Ríkið og keypti pela af íslensku brennivíni. Það tilheyrir nefnilega.

**ÞORRABLÓTIÐ** sló ekki í gegn. Börnin kvörtuðu yfir lyktinni og fengust treglega til að smakka á kræsingunum. Ég átti sjálfur í mestu erfiðleikum með að koma nokkru niður. Ég stakk upp í mig bita og bita en náði einhvern veginn ekki að éta mig saddan. Eftir að yngsta dóttirin hafði kastað upp hákarlinum ákvað konan mín að sjóða grjónagraut. Ég reyndi eins og ég gat að múta eldri dótturinni og lofaði henni ferð fyrir tvo til Florida ef hún bara borðaði allan selshreifann. Það var ekki til umræðu. Þannig að ég gafst upp með öllum hinum og fékk mér grjónagraut.

**HVERJUM** datt fyrst í hug þorramaturinn? Hver var Íslendingurinn sem fyrstur kæsti hákarl? Hvaðan fékk hann hugmyndina? Þekkti hann höfund Njálu? Og hvað fannst öðrum um þetta í fyrstu? Var það sami maðurinn sem byrjaði að éta hrútspunga? Bjuggu þeir kannski hvor í sínum landshlutanum og hittust, fyrir tilviljun, og skiptust á uppskriftum?

**ER** kannski kominn tími til að endurhanna þorramatinn og færa hann í nútímalegri búning? Hvað með að fara að bera fram franska osta með? Eða ostrur og snigla? Það mundi óneitanlega lífga uppá mörg þorrablótin. Svo væri líka hægt að krydda harðfiskinn með chilli og papriku. Svo væri hægt að skola þessu öllu niður með tekíla og tabaskó. Það væru sannkölluð hraustmenni sem mundu smyrja hrútspunga með gorgonzola og skola því niður með gini í mysu. Úff.

**ÉG** ætla að halda áfram að þræla í mig þorramat. Ég geri það af virðingu við forfeður mína. Þetta hélt lífinu í íslensku þjóðinni öldum saman. Ef súrmatur væri ekki til þá væri ég líklega ekki til. Popp 90tívi væri ekki einu sinni til. ■







OPIÐ ELDHÚS
laugardaginn frá kl. 11–17
sunnudaginn frá kl. 13–17
HTH
ELDHÚSINNRÉTTINGAR
BAÐINNRÉTTINGAR
FATASKÁPAR
2005 línan
BRÆÐURNIR ORMSSON
Lágmúla 8 · Sími 530 2800
www.ormsson.is


NÝR GLÆSILEGUR SÝNINGARSALUR á 2. og 3. hæð